

Fagurferðilegt gildi landslags

á áhrifasvæðum virkjanakosta við Hvamm í
Þjórsá, og Trölladyngju, Austurengjahver og
Krýsuvík á Reykjanesskaga

Forrannsókn til greiningar og mats á gildi landslags,
unnin fyrir faghóp I í 3. og 4. áfanga rammaáætlunar

Mars, 2019

Edda R.H. Waage
Guðbjörg R. Jóhannesdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Rammaáætlun

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ.....	III
FYRSTI HLUTI: UM VERKEFNIÐ	1
1 INNGANGUR	3
1.1 UM HUGTAKANOTKUN: FAGURFRÆÐILEGT EÐA FAGURFERÐILEGT GILDI	3
1.2 FORSENDUR VIÐ MAT Á LANDSLAGI SAMKVÆMT EVRÓPUSAMNINGI UM LANDSLAG.....	4
1.3 MARKMIÐ OG RANNSÓKNARSPURNINGAR	6
1.4 UPPBYGGING SKÝRSLU	6
2 AÐFERÐAFRÆÐI.....	7
2.1 RANNSÓKNARSVÆÐI	7
2.2 RANNSÓKNARSNÍÐ	8
2.2.1 Rannsóknarsnið A	8
2.2.2 Rannsóknarsnið B	9
2.3 FRAMKVÆMD GAGNAÖFLUNAR	10
2.3.1 Þjórsá – Rannsóknarsnið A.....	10
2.3.2 Þjórsá – Rannsóknarsnið B.....	11
2.3.3 Reykjanesskagi – Rannsóknarsnið A.....	12
2.3.4 Reykjanesskagi – Rannsóknarsnið B.....	12
2.4 GREINING GAGNA.....	13
ANNAR HLUTI: ÞJÓRSÁ	15
3 UPPLIFUN STAÐKUNNUGRA Á NÁTTÚRU- OG MENNINGARFYRIRBÆRUM	17
3.1 AÐ DVELJA VIÐ ÞJÓRSÁRBAKKA.....	17
3.2 AÐ HEYRA Í ÞJÓRSÁ.....	19
3.3 AÐ HORFA YFIR ÞJÓRSÁ	21
4 UPPLIFUN GESTA Á FERÐ UM SVÆÐIÐ.....	25
4.1 GENGIÐ MEÐFRAM ÞJÓRSÁ	25
4.2 HORFT YFIR ÞJÓRSÁ	30
5 ÞÆTTIR HINS FAGURFERÐILEGA GILDIS	33
6 ÁVINNINGUR HINS FAGURFERÐILEGA GILDIS: ENDURNÆRANDI ÁHRIF	37
7 YTRI ÞÆTTIR SEM Hafa ÁHRIF Á HINA FAGURFERÐILEGU UPPLIFUN	39
ÞRIÐJI HLUTI: REYKJANESSKAGI	41
8 UPPLIFUN STAÐKUNNUGRA AF NÁTTÚRU- OG MENNINGARFYRIRBÆRUM.....	43
8.1 ELDFJALLANÁTTÚRA	43
8.1.1 Hraun	43
8.1.2 Hellar.....	44
8.1.3 Gjár	45
8.1.4 Jarðskjálftar	45
8.1.5 Hálsar.....	47

8.1.6	Hverir	48
8.2	MENNINGARSAGA	48
8.2.1	Þjóðleiðir	49
8.2.2	Minjar og hefðir	50
9	UPPLIFUN GESTA Á FERÐ UM SVÆÐIÐ	53
9.1	FYRSTI LEGGUR - NÚPSHLÍÐARHÁLS OG MÓHÁLSADALUR	53
9.2	ANNAR LEGGUR - SVEIFLUHÁLS OG SELTÚN	56
9.3	ÞRIÐJI LEGGUR - AUSTURENGJAR	61
10	HUGSÝN BYGGÐ Á UPPLIFUN	63
10.1	ÍMYND REYKJANESSKAGANS	63
10.2	LAND SEM KEMUR Á ÓVART	64
10.3	ÍMYNDAÐ LANDSLAG	67
10.4	ÓSNORTIN NÁTTÚRA	69
11	ÞÆTTIR HINS FAGURFERÐILEGA GILDIS	71
11.1	FJÖLBREYTILEIKI	71
11.2	FEGURÐ	71
11.3	UNDRUN	71
11.4	KYRRÐ	72
11.5	KYNNGIMAGNAÐUR KRAFTUR	72
11.6	ÆGIFEGURÐ	72
12	ÁVINNINGUR HINS FAGURFERÐILEGA GILDIS	73
12.1	ENDURNÆRANDI ÁHRIF	73
12.2	ÚTIVISTARGILDI	73
12.3	FRÆDSLUGILDI	73
	FJÓRÐI HLUTI: UMRÆÐUR	75
13	Í HVERJU FELST FAGURFERÐILEGT GILDI LANDSLAGS Á RANNSÓKNARSVÆÐUNUM VIÐ ÞJÓRSÁ OG Á REYKJANESSKAGA?	77
13.1	ÞÆTTIR	77
13.2	ÁVINNINGUR	78
14	HVAÐA AÐFERÐIR HENTA TIL GREININGAR Á FAGURFERÐILEGU GILDI LANDSLAGS?	81
14.1	AÐFERÐIR TIL GAGNAÖFLUNAR	81
14.2	VAL Á ÞÁTTTAKENDUM	82
14.3	VAL Á RANNSÓKNARSVÆÐUM	83
15	ÞRÓUN HINNAR AÐFERÐAFRÆÐILEGU NÁLGUNAR	85
	HEIMILDIR	87

Myndaskrá

MYND 1: RANNSÓKNARSNID OG RANNSÓKNARSVÆÐI – TENGL OG SAMANBURÐUR	8
MYND 2: GÖNGULEIÐIN UM SVÆÐIÐ VIÐ ÞJÓRSÁ	11
MYND 3: GÖNGULEIÐIN Á REYKJANESSKAGA	12

Fyrsti hluti: Um verkefnið



Séð yfir Þjórsá og Heklu

1 Inngangur

Á undanförnum árum hefur orðið sífellt ljósara að rannsóknir á landslagi skortir á Íslandi. Krafan um betri þekkingu á þeim verðmætum og gildum sem felast í landslagi og varða m.a. upplifun og fegurð er tilkomin af ýmsum ástæðum en meðal annars mætti nefna mikilvægi náttúru í ferðamennsku og hraðari breytingar af mannavöldum á landslagi en áður hafa þekkt vegna landnýtingar af ýmsu tagi. Landslag hefur af þeim sökum fengið aukið vægi í alþjóðlegum samningum, t.d. í Evrópusamningi um landslag (e. European Landscape Convention) sem Ísland undirritaði árið 2012 og ákveðið hefur verið að fullgilda. Þar er m.a. gert ráð fyrir að landslag sé mikilvægur þáttur í lífsgæðum almennings og gegni lykilhlutverki í velferð einstaklinga og þjóðfélagsins (Council of Europe, 2000).

Að loknum 2. áfanga rammaáætlunar kom út skýrsla um greiningu og flokkun landslags eftir sjónrænum viðmiðum (Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir, 2010), en vinna við annan hluta verkefnisins, sem sneri að mati á landslagi og gildi þess fór ekki af stað. Í athugasemdum faghóps I, í skýrslu um niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar (2011) er sérstaklega bent á mikilvægi þess að „fá mat á fagurfræðilegu-upplifunar- og tilfinningalegu gildi íslensks landslags“. Sú rannsókn sem hér er kynnt til sögunnar er unnin fyrir faghóp I í rammaáætlun og er ætlað svara þessu kalli. Vinnan hófst í 3. áfanga og var framhaldið í 4. áfanga rammaáætlunar.

Rannsóknin er ný af nálinni í íslensku fræðasamfélagi, bæði hvað varðar viðfangsefni sem og þá aðferðafræðilegu nálgun sem þróuð er samhliða. Hún er rökrétt framhald doktorsritgerða beggja höfunda (Edda R.H. Waage, 2013; Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2015) þar sem meginviðfangsefnið var að skilja merkingu og gildi landslagshugtaksins, og upplifana af landslagi. Hér er markmiðið að skilja og greina til hlítar gildi landslags á ákveðnum afmörkuðum svæðum til þess að slík gildi megi taka til greina í ákvarðanatöku við skipulag.

1.1 Um hugtakanotkun: Fagurfræðilegt eða fagurferðilegt gildi

Gagnrýna má hugtakið fagurfræðilegt gildi á þeim forsendum að það taki ekki mið af þeim mun sem er á ensku orðunum *aesthetics* og *aesthetic*. Í ensku er orðið *aesthetics* notað til að vísa til ákveðins fræðasviðs og úr því samhengi er komin íslenska þýðingin fagurfræði. En *aesthetic* er einnig notað sem lýsingarorð í ensku til að lýsa þeim gildum og upplifunum sem fræðasviðið fagurfræði fjallar um (*aesthetic value*, *aesthetic experience*). Þýðingin fagurfræðilegt nær ekki að fanga þennan mun þar sem viðskeytið fræðilegt gefur til kynna að verið sé að lýsa einhverju sem felur í sér fræðilega nálgun, en þau gildi og upplifanir sem vísað er til með orðinu *aesthetic value* eru síst af öllu fræðilegs eðlis. Til að leysa þennan þýðingarvanda hefur Njörður Sigurjónsson, dósent við Háskólann á Bifröst stungið upp á þýðingunum fagurferði og fagurferðilegt gildi, en þessar þýðingar lýsa því á skýrari hátt hvernig rannsóknir í fagurfræði fjalla um fagurferði og fagurferðilegt gildi á sama hátt og rannsóknir í siðfræði fjalla um siðferði og siðferðilegt gildi. Fagurferði vísar þannig til skynjunar og mats fólks á fegurð og ljótleika, rétt eins og siðferði vísar til mats fólks á góðu og

illu. Við munum af þessum ástæðum hér eftir notast við hugtakið fagurferðilegt gildi í stað fagurfræðilegs gildis.

Sömuleiðis munum við notast einungis við hugtakið fagurferðilegt gildi í stað þess að nota þrískipta hugtakið fagurfræðilegt, upplifunar- og tilfinningalegt gildi eins og gert hefur verið í samhengi rammaáætlunar. Þessari þrískiptu orðanotkun er ætlað að fanga það hvernig fagurferðilegt gildi felur í sér meira en einungis sjónræna þætti, en margir fræðimenn hafa á síðustu árum gagnrýnt ofuráherslu á hið sjónræna í túlkun á landslagshugtakinu og fagurferðilegum hliðum þess og hvatt til víðari skilnings á landslagi sem sambandi eða samræðu milli manns og lands sem skapast í gegnum upplifun fólks af og í landslaginu (Karl Benediktsson & Katrín Anna Lund 2010; Wylie, 2007; Ingold, 2000). Þar sem áhersla á hið sjónræna (og þar með fjarlægð áhorfandans) hefur einnig verið miðpunktur athyglinnar í skilningi á fegurð og hinu fagurferðilega hefur tilhneigingin verið sú að ýta hinu fagurferðilega til hliðar með hinu sjónræna þegar ætlunin er að víkka út landslagshugtakið. Í íslensku samhengi er þetta einkar bagalegt þar sem landslagshugtakið er mjög nátengt fegurðarhugtakinu í íslenskri málnotkun (Edda R.H. Waage, 2010, 2012). Í stað þess að túlka fegurð aðeins út frá hinu sjónræna, má frekar skilja fegurð og hið fagurferðilega í mun víðara samhengi út frá því sambandi og samtvinnun vitundar og viðfangs sem reynslan af fegurð einkennist af (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2010, 2015; Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 2011). Fegurðarhugtakinu hefur verið lýst sem tengslahugtaki – hugtaki sem lýsir því hvernig fegurðaragnablikið einkennist af því að öll tilvera fólks sekkur inn í það sem skynjað er á þann hátt að mörkin milli þess sem skynjar og þess sem skynjað er mást út og fólk skynjar sig sem tengslaverur - tengsl þess við það sem skynjað er verða ljós (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2015; Johnson, 2009).

Ef fegurðarhugtakið er víkkað út á þennan hátt er ekki hægt að segja að áhersla á fegurð í skilningi á landslagshugtakinu stuðli að því að smætta landslag niður í hið sjónræna; frekar hjálpar þá fegurðarhugtakið okkur að skilja hvers konar samræða það er sem á sér stað á milli manns og lands og við köllum landslag. Af þessum ástæðum verður framvegis einungis notast við orðið fagurferðilegt gildi landslags þar sem yfirgrípsmeiri skilningur á hinu fagurferðilega felur í raun í sér upplifunar- og tilfinningalega þætti í gildi landslags.

1.2 Forsendur við mat á landslagi samkvæmt Evrópusamningi um landslag

Landslagshugtakið er marglaga hugtak sem vísar í senn til hlutbundinna þátta og fagurferðilegrar skynjunar fólks, eins og fram kemur í skilgreiningu hugtaksins í Evrópusamningi um landslag.

Landslag merkir svæði, eins og almenningur skynjar það, sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta, og samspils þar á milli. (Skipulagsstofnun, 2010)¹

Skilgreining hugtaksins ein og sér dugir þó skammt ef beita á hugtakinu í skipulagsmálum. Í almennum viðmiðum Evrópusamnings um landslag er lögð áhersla á að eitt af fyrstu skrefum hvers samningsaðila í átt að því að marka stefnu í landslagsmálum sé að viðurkenna grundvallarhlutverk þess að afla yfirgripsmikillar þekkingar á landslagi:

Greining, lýsing og mat á landslagi er fyrsta stig hvernar landslagsstefnu. Þetta felur í sér greiningu á sköpulagi landsins, fornleifafræðilegum, sagnfræðilegum, menningarlegum og náttúrulegum einkennum og tengslum þeirra, sem og greiningu á breytingum. Skynjun almennings á landslagi ætti líka að greina bæði frá sjónarhóli sögulegrar þróunar og mikilvægis hennar í núinu. (Council of Europe, 2008, Part I-General Principles, þýð.höf.)

Fagurferðilegt gildi landslags og merking þess verður til þegar öll þessi einkenni landslagsins verða að einni heild í reynslu og upplifun þeirra sem dvelja í landslaginu. Fagurferðilegt gildi landslags á þannig rætur sínar í samspili þess hlutbundna og þess skynjaða og því er það lykilatriði þegar kemur að mati á slíku gildi að skoða náð upplifanir fólks af landslagi þar sem hið hlutbundna og huglæga mætast.

Gildi landslags og merking þess verður til í margþættri sögu landslagsins, hvort sem það er saga af mannlegum athöfnum eða líffræðileg eða jarðfræðileg saga af athöfnum náttúrukraftanna. Landslagshugtakið er tæki til að beita í ákvarðanatöku sem afhjúpar þessar sögur og tengsl og á þann hátt getur það veitt yfirgripsmeiri yfirsýn yfir gildi náttúru og umhverfis en aðferðir hagfræðinnar og náttúruvísindanna einar og sér. Í stað þess að einangra og aðskilja ólík viðföng gildis, gerir landslagshugtakið kleift að byggja upp heildstæðari nálgun, þar sem landslag innifelur öll þau mismunandi lög af sögum sem eru uppsprettur fagurferðilegrar skynjunar fólks á landinu, og skapa þannig fagurferðilegt gildi landslags. Landslag hefur margar sögur að segja. Fyrst er það jarðsagan sem er sögð t.d. af jarðfræðingum og því fólki sem hefur upplifað jarðskjálfta, eldgos og bráðnandi jökla. Í öðru lagi er það gróður- og dýralífssagan sem líffræðingurinn eða bóndinn geta t.d. sagt okkur. Næst er það fornleifa- og mannfræðilega sagan af landnámi og mannlegri þróun landslagsins; og að lokum eru það sögur fólksins sem lifir og dvelur í landslaginu og tengist því í gegnum reynslu sína og upplifanir, minningar, sögur, bókmenntir og listir.

¹ Við kjósum að nota þýðingu Skipulagsstofnunar, sem gerð var í athugasemd við Skipulagslög árið 2010 (sjá nánari umfjöllun um þýðingar á þessari skilgreiningu í Edda R.H. Waage, 2013, bls. 67), þar sem við teljum hana komast næst merkingu upprunalega textans á ensku. Í enskri útgáfu samningsins er skilgreiningin svohljóðandi: „Landscape" means an area, as perceived by people, whose character is the result of the action and interaction of natural and/or human factors“ (Council of Europe, 2000).

Í Evrópusamningnum um landslag er í þessu samhengi lögð rík áhersla á rétt almennings til þátttöku í mati á gildi landslags og ákvarðanatöku um þróun þess:

Allar aðferðir sem farið er í til að skilgreina, innleiða og fylgjast með landslagsstefnu ættu að fara í gegnum ferli sem tryggir þátttöku almennings og annarra hlutaðeigandi aðila, með það að markmiði að gera þeim kleift að hafa virkt hlutverk í að móta, innleiða og fylgjast með markmiðum um landslagsgæði. (Council of Europe, 2008, Part I-General Principles, þýð.höf.)

Hvaða aðferðum skal beitt er útfærsluatriði aðildarlandanna, en ljóst er að mikilvægt er að þróa aðferðir við landslagsmat sem geta fangað upplifanir almennings, heimamanna sem og ferðamanna, af landslagi, og sem gera almenningi kleift að hugleiða og tjá sig um upplifanir sínar og tengsl við landslagið. Þannig má skapa grundvöll til þeirrar samræðu og samráðs við almenning um gildi landslags sem fjallað er um í Evrópska landslagssamningnum.

1.3 Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið þeirrar forrannsóknar sem hér er lýst er að þróa aðferðir við mat á fagurferðilegu gildi landslags. Eins og fram kemur að ofan verður fagurferðilegt gildi landslags til í reynslu og upplifun af hinum ýmsu þáttum sem einkenna landslagið. Því er ljóst að leiðin að þessu markmiði liggur í gegnum rannsóknir á reynslu og upplifun fólks. Við mótun aðferðafræðinnar var því leitast við að finna aðferðir sem henta slíkum rannsóknum, og gera kleift að koma sögum fólksins á framfæri. Í þessu samhengi spyrjum við:

Í hverju felst fagurferðilegt gildi landslags á rannsóknarsvæðunum við Þjórsá og á Reykjanesskaga?

Hvaða aðferðir henta til greiningar á fagurferðilegu gildi landslags?

1.4 Uppbygging skýrslu

Skýrslan skiptist í fjóra hluta. Í þeim fyrsta er farið yfir forsendur rannsóknarinnar og aðferðafræði. Í öðrum hluta eru birtar niðurstöður rannsóknarinnar á öðru svæðinu; Þjórsá. Í þriðja hluta eru birtar niðurstöður af hinu rannsóknarsvæðinu; Reykjanesskaga. Í fjórða hluta eru umræður þar sem niðurstöður beggja svæða verða ræddar í samhengi, kostir og gallar hinar aðferðafræðilegu nálgunar eru reifaðir, auk þess sem hugmyndir um framhaldsrannsóknir á þessu sviði eru kynntar.

2 Aðferðafræði

Rannsóknin byggir á grunni sem setja má undir hatt eigindlegrar rannsóknarhefðar. Í þessu felst það sjónarmið að leiðin til þekkingar á þeim hugmyndum og skilningi sem fólk leggur í líf sitt og umhverfi sé í gegnum þeirra eigin orð og athafnir, sem lýsa reynslu og upplifun. Sú forsenda liggur eigindlegum rannsóknum enn fremur til grundvallar að til að skilja tengsl fólks við umhverfi sitt, fari best á að nálgast það sem persónur í þeirra eigin aðstæðum. Þetta felur í sér að alla jafna er dvalið á vettvangi rannsóknar til lengri eða skemmri tíma. Þessar forsendur einar og sér leiða ekki til nauðsynlegrar niðurstöðu við útfærslu rannsóknar, heldur getur rannsóknarsniðið orðið með ýmsum hætti. Nánari útfærsla rannsóknarsniðsins byggir þá enn frekar á þeim veru- og þekkingarfræðilegu forsendum sem rannsakendur leggja nálgun sinni til grundvallar, sem og þeim aðferðum sem beitt er til gagnaöflunar og greiningar. Eins og gefur að skilja ráða tími og fjárráð því hvað er mögulegt hverju sinni og hafa þannig einnig mótandi áhrif á rannsóknarsniðið.

2.1 Rannsóknarsvæði

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn (Thomas, 2011), en í því felst að afmarkað tilvik er tekið til ítarlegrar skoðunar, í samræmi við rannsóknarspurningar, út frá fleiri en einu sjónarhorni. Þannig er reynt að afla djúps skilnings á viðfangsefninu í því flókna samhengi veruleikans sem hvert tilvik býður upp á. Í þessari rannsókn er um tvö tilvik að ræða; tvö aðskilin rannsóknarsvæði sem skilgreind voru á grundvelli þess lista virkjunarkosta sem 3. áfangi Rammaáætlunar hafði til umfjöllunar, eins og sá listi leit út í mars 2015 (Rammaáætlun, 2015, 11. mars). Tvö tilvik gefa kost á samanburði niðurstaðna með tilliti til fyrirframskilgreindra þátta sem dýpkar skilning á niðurstöðum hvors tilviks fyrir sig (Punch, 2014).


Við val og skilgreiningu á rannsóknarsvæðum var ákveðið að annað svæðið næði yfir vatnsaflskost en hitt svæðið næði yfir jarðhitakost. Þannig mætti mögulega greina hvort form virkjunar, og þá sérstaklega hugmyndir þátttakenda þar að lútandi, hefði áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar. Einnig var ákveðið að annað svæðið yrði í byggð en hitt ekki, á þeim forsendum að búseta á svæðinu kynni að hafa mótandi áhrif á tilfinningaleg tengsl fólks við landið, og hafa þar með mótandi áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar. Að lokum var tekin sú ákvörðun að hafa bæði svæðin það nálægt höfuðborginni að fara mætti í dagsferðir um hvort svæði fyrir sig, að meðtöldum akstri til og frá höfuðborginni. Var sú ákvörðun tekin til að gefa kost á rannsóknarsniði B (sjá að neðan), með sem minnstum fjárútlátum, enda var fjarlægð frá höfuðborginni ekki talin hafa áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar.

Annað rannsóknarsvæðið er við Þjórsá, nánar tiltekið á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar (virkjunarkostur R3129A), beggja vegna Þjórsár; í Skeiða- og Gnúpverjahreppi annars vegar og Rangárþingi ytra hins vegar. Hitt rannsóknarsvæðið er á Reykjanesskaga, nánar tiltekið á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar við Trölladyngju

(virkjunarkostur R3265A), og á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar við Austurengjahver og Krýsuvík (virkjunarkostur R3267A). Verður hér eftir vísað til þessara tveggja rannsóknarsvæða sem svæðið við Þjórsá og svæðið á Reykjanesskaga.

2.2 Rannsóknarsnið

Í þeim tilgangi að fá sem dýpstan skilning á fagurferðilegu gildi landslags, á hvoru svæði um sig, var ákveðið að nálgast viðfangsefnið frá fleiri en einum sjónarhóli. Því var lagt upp með tvö ólík rannsóknarsnið sem náðu til beggja rannsóknarsvæða en sem hvort um sig endurspeglar tvo hópa fólks (mynd 1). Annars vegar var *rannsóknarsnið A*, þar sem gildi landslags meðal *staðkunnugra* var til skoðunar. Staðkunnugir vísar hér til fólks sem þekkir vel til á rannsóknarsvæðinu sem um ræðir, ýmist í gegnum búsetu eða skemmri dvöl. Hins vegar var *rannsóknarsnið B*, sem sneri að gildi landslags meðal *gesta* úr hópi almennings. Gestir vísar hér til fólks sem hefur engin eða lítil tengsl við rannsóknarsvæðið sem um ræðir.



Mynd 1: Rannsóknarsnið og rannsóknarsvæði – tengsl og samanburður

Þetta fyrirkomulag er jafnframt til samræmis við það markmið rannsóknarinnar að bera saman ólík rannsóknarsnið og um leið aðferðir við rannsóknir á gildi landslags. Tilgangur þess er að leggja mat á kosti hinna ólíku rannsóknarsniða og niðurstöður þeirra, og þróa með því aðferðafræðilega nálgun sem leggja má til grundvallar viðtækari rannsóknum á gildi landslags fyrir næsta áfanga rammaáætlunar. Verður þessum tveimur rannsóknarsniðum nú nánar lýst:

2.2.1 Rannsóknarsnið A

Gagna var aflað í gegnum viðtöl sem flest fóru fram á heimili viðmælanda og/eða á göngu um rannsóknarsvæðið. Staðsetningu viðtalanna má rökstyðja með þeirri áherslu eigindlegra rannsóknaraðferða að til að skilja til fullnustu hugmyndir fólks um líf sitt og umhverfi, sé nauðsynlegt að átta sig á því samhengi sem þeim eru búnar, þ.e. hinu daglega umhverfi fólks (Taylor & Bogdan, 1998). Í eigindlegum viðtalsrannsóknum er einnig almennt talið skipta máli að viðtalið fari fram í aðstæðum sem valdefli viðmælanda gagnvart rannsakanda, og að

heimavöllur viðmælanda sé því að öllum líkindum betri kostur en aðrir (Taylor & Bogdan, 1998; Kvale & Brinkmann, 2015; Punch 2014). Varðandi þetta atriði er rétt að benda á að viðfangsefni þeirrar rannsóknar sem hér um ræðir, þ.e. fagurferðilegt gildi landslags, er ekki auðvelt viðureignar í samtali. Viðfangsefnið krefst þess að viðmælandi opni sig gagnvart rannsakendum, bæði hvað varðar hugsanir sínar og tilfinningar, sem sumar hverjar eru mjög persónulegar. Slíkt umræðuefni er ekki hversdagslegt og því mátti gera ráð fyrir að viðmælendur væru margir hverjir að orða þessar hugsanir sínar og tilfinningar gagnvart landinu í fyrsta skipti. Í því sambandi má benda á að þegar vel tekst til er eigindlegt viðtal ekki aðeins leið til gagnaöflunar, heldur er viðtalið sjálft vettvangur þekkingarsköpunar í gegnum samtal viðmælanda og rannsakanda (Brinkmann & Kvale, 2015).

Sem fyrr sagði fóru sum viðtölin jafnframt fram á göngu um rannsóknarsvæðið, en þess var farið á leit við viðmælendur að þeir sýndu rannsakendum þá staði sem þeir héldu sérstaklega upp á með tilliti til viðfangsefnis rannsóknarinnar. Staðsetning þeirra viðtala sem fram fóru á göngu var þannig valin af viðmælanda hverju sinni. Sú aðferð að taka viðtal á göngu um staði byggir á þeirri tengslaverufræðilegu sýn að til viðbótar því samtali sem á sér stað milli viðmælanda og rannsakanda, eigi vettvangur viðtalsins aukinheldur þátt í sköpun þeirrar þekkingar sem verður til í viðtalinu (Anderson, 2004). Þar sem rannsóknin snýst um landslag og fagurferðilegt gildi þess, var það mat rannsakanda að landslagið sjálft hefði þannig mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd viðtalsins, hvort sem gengið væri um landið eða horft á það út um eldhúsgluggann meðan á viðtalinu stæði.

Viðtölin voru opin og hálfstöðluð (Brinkmann & Kvale, 2015), sem þýðir að áhersla var lögð á að viðmælendur gætu tjáð sig og fjallað um viðfangsefnið á eigin forsendum og með eigin orðum, um leið og rannsakendur gættu þess að viðtalið kæmi inn á alla þá þætti sem taldir voru skipta máli fyrir rannsóknina. Viðmælendur voru beðnir um að fara með rannsakendum á svæði sem hefði sérstaka merkingu fyrir þeim, og ef tækifæri bauðst ekki til þess voru þeir beðnir um að fara þangað með rannsakendum í huganum. Þeir þættir sem lögð var áhersla á að draga fram í þessu samhengi voru: Hvernig viðmælendur nota svæðið; hvernig þeir kynntust því; hvernig viðmælendum líður á þessu svæði/ hvaða tilfinningar þeir upplifa þar; hvað það væri sem dregur þá á tiltekna staði; og hvað væri sérstakt við landslagið. Einnig var leitast við að koma inn á hvaða gildi landslagið á þessu tiltekna svæði hefði fyrir viðmælendur. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt áður en kom að greiningu þeirra.

2.2.2 Rannsóknarsnið B

Á grundvelli þeirrar þekkingar sem aflað var í gegnum framkvæmd rannsóknarsniðs A, var hönnuð dagsferð á hvort rannsóknarsvæði fyrir sig sem innihélt gönguleið um svæðið. Ferðirnar voru auglýstar á póstlista Ferðafélags Íslands og á póstlista starfsfólks við Háskóla Íslands. Farið var í rútu frá Reykjavík og gekk hópur gesta hina fyrirfram ákveðnu gönguleið áður en snúið var aftur til Reykjavíkur. Við ferðarlök var þátttakendum skipt í tvo hópa. Við annan hópinn var tekið eitt hópviðtal, en einstaklingsviðtöl voru tekin við þá sem lentu í hinum hópnum. Viðtölin fóru fram nokkrum dögum eftir að ferðunum lauk.

Sú ákvörðun að taka hópviðtal við helming þátttakenda, og einstaklingsviðtöl við hinn helminginn var tekin í þeim tilgangi að bera saman niðurstöður þessara tveggja aðferða. Það er talinn einn af kostum hópviðtala að þau gefa innsýn í hugarheim nokkurra þátttakenda á skemmri tíma en ef um einstaklingsviðtal við alla sömu þátttakendur hefði verið að ræða (Punch, 2014). Aðferðin getur því mögulega sparað tíma við framkvæmd viðtalsrannsóknna. Annar kostur hópviðtala er að ekki aðeins veitir viðtalið innsýn í hugarheim nokkurra viðmælenda á sama tíma, heldur getur viðtalið jafnframt verið vettvangur skoðanaskipta milli þeirra viðmælenda sem taka þátt, og það þannig veitt dýpri skilning á hugmyndum viðmælenda en samtal einstakra viðmælenda við rannsakendur hefði gert (Punch, 2014).

Þar sem staðsetning hópviðtalanna gat ekki verið á heimavelli (sbr. umfjöllun við rannsóknarsnið A), enda um að ræða einstaklinga sem engin tengsl höfðu sín á milli, var ákveðið að viðtölin færu fram á hlutlausum stað, og varð fundarherbergi í Öskju, Háskóla Íslands, fyrir valinu. Einstaklingsviðtölin fóru öll fram á sama stað, utan tvö, til að gæta samræmis við samanburð á niðurstöðum þessara tveggja gagnaöflunaraðferða. Líkt og í rannsóknarsniði A voru viðtölin opin og hálfstöðluð, en þeir þættir sem leitast var við að koma inn á voru: Hvernig þátttakendum fannst ferðin/gangan, hvað stóð upp úr, hvað var merkilegast og hvað vakti athygli þeirra; hvernig þátttakendum leið í ferðinni, hvaða tilfinningar þeir upplifðu og hvort það hefði verið breytilegt eftir svæðum; hvað þáttakendum fannst sérstakt við landslagið á svæðinu, hvort eitthvað einkenndi þennan stað miðað við aðra; hversu vel þátttakendur þekktu svæðið fyrir; hversvegna þátttakendur færu í svona ferðir og hvaða gildi það hefði fyrir þá; hversu mikið þeir gengju/ferðuðust og hversvegna þeir hefðu ákveðið að taka þátt. Öll viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt að þeim loknum, áður en kom að greiningu.

Til viðbótar þeim viðtalsgögnum sem hér hefur verið lýst að framan, samanstanda vettvangsgögn rannsóknarsniðs B einnig af þátttökuathugunum sem við framkvæmdum meðan á ferðunum stóð². Þátttökuathugun felur í sér nákvæmar lýsingar á vettvanginum og því sem þar fór fram, sem og ályktanir og túlkanir rannsakanda þar að lútandi (Taylor & Bogdan, 1998).

2.3 Framkvæmd gagnaöflunar

2.3.1 Þjórsá – Rannsóknarsnið A


Staðkunnugir í þessum hluta rannsóknarinnar voru flestir heimamenn með búsetu í sveitinni, en einnig fólk sem hefur þar aðsetur með hléum. Við val á viðmælendum var horft til staðsetningar búsetu/aðseturs. Þannig bjuggu þeir allir, eða höfðu aðsetur, á því svæði sem liggur að eða nærri fyrirhugaðri Hvammsvirkjun. Leitast var við að tala við fólk af báðum kynjum, á ýmsum aldri, og með mislanga búsetusögu á svæðinu. Þannig var alls rætt við 14 einstaklinga í níu viðtölum. Lengd viðtala var á bilinu 1 klst til 3½ klst. Af þessum 14 viðmælendum voru átta konur og sex karlar, á aldrinum 34 til 72 ára, en meðalaldur þeirra var

² Hafþór Óskarsson aðstoðaði við gerð þátttökuathugana og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

57 ár. Fimm þeirra voru fædd og uppalin í sveitinni, en níu höfðu flust á svæðið eftir að komið var á fullorðinsár. Meðal þeirra síðartöldu náði saga búsetu/aðseturs skemmst 14 ár aftur í tímann. Rannsakendur dvöldu á svæðinu dagana 29. júní – 2. júlí 2015 og fóru flest viðtölin fram á þeim tíma, utan eins viðtals sem var tekið 21. júlí.

2.3.2 Þjórsá – Rannsóknarsnið B

Farið var í gönguferð um rannsóknarsvæðið laugardaginn 8. ágúst 2015. Gengið var meðfram bökkum Þjórsár frá Þjórsárholti að Minni-Núpi, þaðan yfir Núpsfjall og í hlíðum Miðfells niður að Lómsstöðum (mynd 2). Alls tóku átta manns þátt í ferðinni, fimm konur og þrír karlar. Þátttakendur voru á aldursbilinu 46-68 ára, og meðalaldur þeirra var 57 ár. Þátttakendur voru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu, en höfðu alist upp ýmist í Reykjavík eða á landsbyggðinni. Þátttakendur höfðu ólíka menntun að baki og komu úr ýmsum geirum samfélagsins. Í kjölfar ferðarinnar voru tekin fjögur einstaklingsviðtöl við tvær konur og tvo karla, og eitt hópviðtal við fjóra einstaklinga, þrjár konur og einn karl. Lengd viðtalanna voru á bilinu 1 til 2 klst. Viðtölin fóru öll fram dagana 10.-12. ágúst 2015.




Mynd 2: Gönguleiðin um svæðið við Þjórsá (kort: David Ostmann)

2.3.3 Reykjanesskagi – Rannsóknarsnið A

Þar sem enginn býr á hinu afmarkaða rannsóknarsvæði voru staðkunnugir í þessum hluta rannsóknarinnar skilgreindir þeir sem höfðu kynnst svæðinu í gegnum notkun á því. Sú notkun fólst annars vegar í útivist og hins vegar í sauðfjárbreit. Við val á viðmælendum var leitað eftir þátttakendum frá ólíkum byggðakjörnum í nágrenni svæðisins. Þannig komu viðmælendur frá Grindavík, Njarðvík, Keflavík og Hafnarfirði. Alls var rætt við sex viðmælendur hvern í sínu lagi, tvær konur og fjórir karla á aldursbilinu 37-67 ára, en meðalaldur þeirra var 54 ár. Lengd viðtala var á bilinu 1 til 3 klst. Fjögur viðtöl voru tekin dagana 22. – 26. júní, eitt 22. júlí og eitt 31. júlí.

2.3.4 Reykjanesskagi – Rannsóknarsnið B

Farið var í gönguferð um rannsóknarsvæðið laugardaginn 15. ágúst 2015. Gengnir voru þrír aðskildir leggir: frá Höskuldarvöllum yfir Núpshlíðarháls, í gegnum Sogin til Lækjarvalla; frá Hofmannafli yfir Sveifluháls til Seltúns; og frá Grænavatni yfir Austurengjahæð til Hverahlíðar við Kleifarvatn (mynd 3). Alls tóku 10 manns þátt í ferðinni, sex konur og fjórir karlar. Þátttakendur voru á aldursbilinu 44-70 ára, en meðalaldur þeirra var 59 ár. Þátttakendur voru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu, en höfðu alist upp ýmist í Reykjavík eða á landsbyggðinni. Þátttakendur höfðu ólíka menntun að baki og komu úr ýmsum geirum samfélagsins. Í kjölfar ferðarinnar voru tekin sex einstaklingsviðtöl við þrjár konur og þrjá karla, og eitt hópviðtal við þrjár konur og tvo karla. Lengd viðtala var á bilinu 30 mín. til 2 klst. Öll viðtölin fóru fram dagana 17.-19. ágúst 2015, utan tveggja sem fóru fram 25. og 26. ágúst.



Mynd 3: Gönguleiðin á Reykjanesskaga (kort: David Ostmann)

2.4 Greining gagna

Greining viðtalsgagna fór fram í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga voru viðtöl við staðkunnuga á Þjórsársvæðinu greind. Þær niðurstöður voru kynntar í samantekt sem gefin var út í mars 2016 (Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2016). Seinni áfangi í greiningarferlinu spannar veturinn 2018-19. Á því tímabili voru önnur viðtalsgögn greind, í þessari röð: Þjórsá – gestir, Rekjanesskagi – staðkunnugir, Reykjanesskagi – gestir.

Verklagið við greiningu gagnanna var marglaga, í fyrsta lagi var leitast við að draga fram lýsingar á upplifunum af þeim náttúru- og menningarfyrirbærum sem nefnd voru í viðtölunum, í samræmi við hugmyndir fyrirbærafræðilegrar nálgunar um þátt skynjunar í upplifun (Moustakas, 1994). Í öðru lagi voru dregin fram ákveðin þemu, sem lýsa þeim gildum sem verða til í upplifun fólks af fyrirbærunum. Jafnframt var leitað eftir öðrum þáttum, svo sem þekkingu og fyrirframhugmyndum, sem taldir voru geta haft áhrif á hina fagurferðilegu upplifun. Hugbúnaðurinn Atlas.ti var notaður til að halda utan um og samþætta lyklun.

Greiningin er grunduð í gögnunum; hún byggir á aðferðum og nálgun grundaðrar kenningar (Strauss & Corbin, 1998), en í því felst að greiningarramminn verður til samhliða greiningunni. Af þessu leiðir að framsetning niðurstaðna er ekki að öllu leyti sambærileg á milli rannsóknarsvæða. Þessi nálgun er mikilvægur þáttur í því að niðurstöðurnar endurspegli þá túlkun á gögnunum sem hrein afleiðsla leiðir í ljós. Þ.e.a.s. frekar en að máta gögnin við fyrirframgefinn ramma fá gögnin að segja sína sögu. Þess vegna var ekki farin sú leið að samræma framsetningu niðurstöðukaflanna á milli svæða, enda eru svæðin ólík; greiningin endurspeglar ólíkar sögur, áherslur og aðstæður hvors svæðis. Þar með er ekki sagt að niðurstöður frá einu svæði geti ekki leitt til skilnings á öðru svæði. Með fleiri tilviksrannsóknum á borð við þessar verður hægt að byggja upp heildstæða þekkingu um ýmsa fleti á fagurferðilegu gildi landslags á Íslandi.

Þótt sá langi tími sem leið á milli áfanga í greiningarvinnunni hafi ekki verið með ráðum gerður, má segja að hann hafi að vissu leyti unnið með okkur. Til dæmis gerði hann okkur auðveldara að koma að hverju gagnasafni á þess eigin forsendum, án þess að rammi fyrri greiningar hefði áhrif. Greiningarvinna í einu gagnasafni leiddi þó til aðferðafræðilegrar þekkingar og skilnings sem nýttist við greiningu næsta gagnasafns. Því má segja að tíminn hafi einnig unnið með okkur í þeim skilningi að skapa það svigrúm sem þarf til að móta þá aðferðafræðilegu nálgun sem hér er að fæðast, m.a. í gegnum kynningar á rannsókninni og samtölum um hana³.

³ Rannsóknin hefur verið kynnt á ráðstefnum hérlandis og erlendis og í kennslu höfunda. M.a. var hún kynnt á Þjóðarspeglinum 2016 samhliða útgáfu greinar í ráðstefnuriti (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Edda R.H. Waage, 2016).

Annar hluti: Þjórsá



Við Minni-Núpsflúðir

3 Upplifun staðkunnugra á náttúru- og menningarfyrirbærum

Í þeim kafla sem hér fer á eftir er leitast við að varpa ljósi á fagurferðilegt gildi landslags á svæðinu við Þjórsá. Sú greining sem hér birtist byggir í fyrsta lagi á lýsingum á upplifunum af náttúrufyrirbærum landslagsins. Þau náttúrufyrirbæri sem helst bar á góma á svæðinu við Þjórsá eru: Sjálf áin Þjórsá og eyjarnar í henni; ýmis fjöll á svæðinu, svo sem Hekla, Núpur, Miðfell og Skarðsfjall; fuglalíf og gróðurlíf; og jarðhræringar. Þjórsá sjálf spilar það stórt hlutverk í landslagsupplifun fólks á svæðinu að greining þar að lútandi snertir á flestum, ef ekki öllum þeim þáttum sem einkenna slíkar upplifanir almennt, einnig á grundvelli annarra náttúrufyrirbæra. Lýsingar á upplifun af Þjórsá eru því í forgrunni greiningarinnar.

Ljóst má vera af viðmælendum úr hópi staðkunnugra að tilvist Þjórsár er merkingarþrungin fyrir líf margra í sveitinni. Áin skilur á milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárbings ytra, og táknar þannig endimörk sveitarfélaganna. Að þessu leytinu afmarkar hún ekki aðeins það landsvæði sem íbúarnir kenna sig við, heldur setur hún einnig ýmsum samfélagslegum athöfnum mörk, svo sem smalamennsku. En áin spilar einnig stórt hlutverk í landslagsupplifun fólks á svæðinu. Ef horft er til þeirrar líkamlegu skynjunar, sem liggur upplifuninni til grundvallar, má skipta henni í þrennt: *Að dvelja við ána; að horfa á ána; að heyra í ánni.* Skoðum betur hvað í þessu felst.

3.1 Að dvelja við Þjórsárbakka

Flestir viðmælendur töluðu um að hafa stundað útivist á bökkum árinna. Þeir viðmælendur sem aldir voru upp á svæðinu minntust margir hverjir á að hafa riðið út meðfram ánni í æsku, þótt tækifæri til slíkrar iðkunar væru ef til vill ekki eins mörg í dag og þau voru á æskuárunum. Einn viðmælandi lýsti því svo að þegar gesti bar að garði hafi það tíðkast að ríða upp meðfram ánni, frá ferjustaðnum við Ölmóðsey, og þá skipti máli að fara upp með ánni en ekki niður með henni til að hafa útsýni yfir ána til Heklu. Tilgangur slíkra ferða var einfaldur:

Manni fannst að allir þyrftu að vita um þetta og sjá þetta.

En jafnvel þótt slíkir reiðtúrar séu orðnir sjaldgæfari í daglegu lífi hefur merking þeirra og tilgangur ekki gleymst, og þannig sagðist annar viðmælandi fara með gesti sína þessa leið ef hún vildi sýna þeim „*eitthvað sérlega fallegt*“.

Annar viðmælandi lýsti svo upplifun sinni af ferð með árbökkunum á hesti:

Við vorum fimm saman sem fórum í svona kvöldreiðtúr, þá var nú bjart, og niður með öllum bökkunum, og það var alveg logn, maður heyrði öll hljóð, og fuglarnir voru bara tvöfaldir í ánni því það speglaðist allt. ... Þannig að það bara svona sagði sig sjálft. Það hefði enginn annar staður verið flottari.

Nokkrir viðmælendur nefndu þessar reiðleiðir sem framtíðarmöguleika á uppbyggingu á ferðaþjónustu og aðrir tjáðu áhyggjur sínar af því að missa gamlar reiðleiðir og seljarústir meðfram bökkum Þjórsár ef til virkjanaframkvæmda kæmi:

Og þær eru út um allt sko. Gamlar reiðgötur. Og þetta á allt að fara undir vatn. Og líka rústirnar. Ég sakna þeirra nú. Það er bær sem heitir Skarðssel. Eða hét sko. Þetta eru bara tóftir. Og ég fer oft þangað með fólk að sýna því. Hvað ætli hafi verið hér? Þetta hefur verið hlaða, þetta hefur nú verið búið, eða eitthvað svona. Það sést svo vel. Það er alveg við árbakkann. En þetta fer víst undir vatn. Þetta fer í lónið. Það er svolítið synd. Að það skuli ske. Finnst mér. Já, já. Það er ýmislegt í þessu.

Þeir viðmælendur sem búa ekki á svæðinu en eiga þar frístundahús og dvelja þar með hléum yfir árið, nýta árbakkana meira til útivistar en þeir sem búa þar að staðaldri, og þá er bæði gengið, riðið og hjólað meðfram árbökkunum. Aðspurðir hvað það væri sem drægi þau að ánni í gönguferðir sögðu þeir að það væri fyrst og fremst fjölbreytnin sem heillaði, það væri skemmtilegt að ganga með ánni og fylgjast bæði með fjölbreytni fuglalífs og gróðurs við ána og að fylgjast með árstíðabundnum breytingum sem verða á ánni sjálfri, á krafti hennar og litbrigðum. Einnig nefndu þeir að í gönguferðum meðfram ánni nytu þeir fagurs útsýnis og að slík útivist og hreyfing hefði afslappandi og endurnærandi áhrif eftir strangar vinnutarnir.

Þeir sem höfðu alist upp á svæðinu höfðu margir hverjir orð á þessum krafti árinna og lýstu því hvernig hann hafði vakið þeim ákveðinn ótta við ána þegar þeir voru börn. Hjá sumum hafði hún verið bannsvæði. Einn viðmælandinn rifjaði sérstaklega upp hættulega ferð á hesti yfir ána sem hún hafði farið sem barn. Sá ótti sem þessi ferð hafði vakið með henni, býr enn með henni og gerir vart við sig þegar hún fer nærri ánni, sérstaklega ef hún er með hund eða börn með sér sem gætu farið sér að voða. Áhugavert er að sami viðmælandi sagðist ekki finna fyrir þessum ótta þegar hún horfir yfir Þjórsá, við þær aðstæður finnst henni áin falleg.

Fleiri viðmælendur rifjuðu upp sögur, af sjálfum sér eða forfeðrum sínum, af því þegar farið hafði verið yfir ána. Það sem einkenndi allar sögurnar var yfirvofandi hættan af kraftmiklum straumnum í Þjórsá.

Aðrir lýstu þessum krafti í ánni sem uppsprettu jákvæðrar upplifunar þar sem óttablandin tilfinning gagnvart kraftinum í ánni gerði landslagið jafnframt tilkomumikið.

Mér finnst þetta tilkomumikið landslag og sjáiði hreyfinguna í ánni. Hún er allt að því scary núna. Eða hún er mjög scary. Ef þú dettur í hana þá áttu ekki neina von.

Þessi orð viðmælandans voru látin falla á göngu með rannsakendum, en sá hafði valið að ganga með þeim niður að ánni. Fleiri viðmælendur nefndu að þeir hefðu fylgt rannsakendum niður að ánni, ef tími hefði gefist til.

Annar viðmælandi sagði aðspurð hvernig hún upplifði að vera nálægt ánni á gönguferðum sínum:

Það er kannski líka, oft aðeins annars konar hrifning, það er kannski svona krafturinn í ánni þegar hún fer framhjá, en líka svipuð hrifning að upplifa bara náttúruna, þessa fjölbreytni í náttúrunni, áin, fuglarnir, litli gróðurinn líka, ekki bara trén.

Aðspurð hvað það væri við kraftinn í ánni sem heillaði sagði hún:

Það er einhver svona hrifning af því sem að getur verið eyðileggjandi, en ég er samt örugg, líka einhver svona hringrásartilfinning, þetta fer framhjá og kemur aftur.

Fleiri viðmælendur sögðu frá svipaðri upplifun, að finna fyrir krafti og stærð jökulfljótsins Þjórsár og að finna í gegnum nálægð við þessa eiginleika dýpri merkingu í lífinu. Þannig sagði einn viðmælandi:

Hún heldur alltaf áfram – þetta er bara svona endalaust. Það verður að vera þannig, þess vegna má það ekki enda. Lífið einhvern veginn streymir fram eins og á. Þó hún fari alla leið til sjávar þá heldur hún alltaf áfram að koma. Það er svo merkilegt við þessa á. Og þetta endalaus vatn. Það kemur bara meira og meira, úr jöklinum. Sem er svo stórkostlegt. Af því þetta er svo stórt.

Annar setti þessa upplifun í víðara samhengi þess hvernig mannfólkið finnur merkingu í rennandi vatni og setur í samhengi við „eilífdartilfinningu og tímaleysi“, eins og finna má dæmi um í austrænni speki. Þriðji viðmælandinn sagði hins vegar:

Ár og lækir eru æðakerfið, þær eru blóðæðar jarðarinnar. Og, já. Þjórsá er ein af þeim.

Og bætti við:

Ef ég sest niður þarna við ána, þá bara hellist yfir mig bara svona kyrrðar- og friðartilfinning.

Fleiri viðmælendur lýstu sömu kyrrðar- og friðartilfinningu og nefndu hvernig það að geta gengið með ánni, notið fagurs útsýnis sem breytist með árstíðunum, hlustað á hljóðin og fylgst með fuglalífi hefði afslappandi og endurnærandi áhrif. Slíkum tilfinningum lýstu viðmælendur einnig þegar þau ræddu um gildi þess að hafa útsýni yfir Þjórsá og að heyra hljóðin í henni.

3.2 Að heyra í Þjórsá

Eins og með aðrar stórar jökulár fer krafturinn í Þjórsá ekki leynt, jafnvel þegar nokkuð er komið frá árbökkunum. Mörgum viðmælendum varð tíðrætt um hljóðin í ánni og virtist sem þau ættu ríkan þátt í upplifun þeirra dagsdaglega, en þó með mismunandi hætti.

Einn viðmælandi úr hópi frístundahúsaeigenda talaði um hvernig hljóðin í ánni taka á móti þeim þegar þau koma á staðinn og hafa strax slakandi áhrif. Sami viðmælandi lýsti því að liggja úti við og lesa á sumrin til að geta hlustað á ána, og að þessi „róandi, stöðugi niður“ væri eitt af því sem hún sæktist eftir með dvöl sinni á svæðinu.

Fleiri viðmælendur úr hópi þeirra sem búa á svæðinu lýstu svipuðum upplifunum og hughrifum sem geta fylgt því að sitja úti og hlusta á ána:

Þetta er svona róandi og notalegt hljóð. Mér finnst rosa gott að setjast út á pall bara og hlusta. Þetta er bara róandi. Þetta er ákveðið þungt hljóð, svona, það er erfitt að lýsa, þetta er bara náttúran, maður fær svona ... virðingu fyrir umhverfinu okkar myndi ég segja. ... Já, þetta: Vá, hvað landið mitt býður mér upp á góðar tilfinningar.

Einn viðmælandi sem talaði á svipuðum nótum nefndi að einmitt vegna þessa þætti honum skríttin sú umræða sem átt hefði sér stað í tengslum við Þjósá og fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir:

Landsvirkjun gerði einhverja skýrslu og sagði að íbúar myndu losna við hávaðamengun af ánni. Mér fannst þetta alveg lýsa svo ólíkum viðhorfum. Mér þykir svo vænt um þetta þegar ég heyri í ánni.

Fleiri viðmælendur töluðu um að hljóðið væri „vinalegt“, „notalegt“ og „róandi“ og tengdu það við jákvæðar tilfinningar og minningar:

Oft á kvöldin þegar allt er kyrrt. Þá dynur í henni. Við heyrum það mjög vel. Og þá var alltaf sagt, jæja, þá er hann kominn að norðan. Og þá var þurrkur í vændum.

Auk þeirrar vellíðunar sem hljóðin í Þjósá skapa, geta þau þannig einnig verið fyrirboði um veðrabrigði eða breyttar vindáttir, vitneskja sem vissulega kom að gagni um sláttutímamann áður fyrr, fyrir daga Veðurstofunnar. Nokkrir viðmælendur töluðu jafnframt um að hljóðin í þessu samhengi vektu upp minningar hjá þeim úr barnæsku sem tengdust forfeðrum þeirra:

Eitt sem skiptir mig máli persónulega varðandi Þjósá, eru hljóðin í henni. Það heyrir í Þjósá við ákveðnar aðstæður. Ég veit að langamma mín sem ... bjó hér, hún gerði þetta líka. Þessi hljóð þau spá fyrir um veður. Þannig að ef ég heyri hér í Búða, sem er hérna aðeins í suður, þá get ég búist við rigningu. En ef ég heyri í Minna-Núps flúðum ... þá get ég búist við þurrki. Þetta vissi langamma mín, ég veit það allavega, og þetta hefur ákveðna tengingu fyrir mig við þessa formóður mína sem var löngu dáið áður en ég fæddist og bjó hér. Þessi saga sem mér er sögð af henni, hún einhvern veginn skiptir mig máli.

Þetta dæmi sýnir hvernig hljóðin í Þjósá geyma minningar sumra viðmælenda um forfeður sína, sem í gegnum endurtekna hljóðupplifun tengjast þannig landinu og fjölskyldusögu sinni sterkari böndum.

Hjá öðrum viðmælenda kom skýrt fram að þessi vísbending um veðrabreytingar komi enn að gagni, þótt sú vitneskja væri ekki nýtt til bústarfa, heldur til að njóta kyrrðarstunda í náttúrunni:

Stundum vakna ég á nóttinni og fer út á svalir ef veðrið er þannig, og stundum heyrir bara mjög mikið í ánni. Og það er svo mikil stilla og það er, þú veist, þetta verður eitthvað svo gígantísk upplifun einhvern veginn. Og það hefur líka alveg komið fyrir að þá hafi ég farið í göngutúr upp á Miðfell eða eitthvað svona, þegar ég vakna um nótt, eða eldsnemma um morgun. ... Þá er maður að fara samt bara í þessum tilgangi, þú gætir alveg labbað eitthvað auðveldara, sérstaklega þegar maður er að vakna kannski, lítið sofinn eða eitthvað, en þetta er stund sem þú vilt ekki missa af. Þú ert nógu útsofinn til þess að fara að njóta þess og, það er eins gott að þú nýtir það þá.

Hljóðin í Þjósá eru þannig merkingarbær í hversdagslegri tilveru viðmælenda: Þau hafa róandi og endurnærandi áhrif og þau eru mikilvægur þáttur í tengslum fólks við fortíðina þar sem sú þekking sem felst í að spá í veður út frá hljóðum árinna hefur borist á milli kynslóða.

Í tilvitnuninni hér að ofan má sjá hvernig það að heyra í ánni getur skapað þörf til þess að horfa yfir hana líka, en allir viðmælendur lýstu upplifunum af tilkomumiklu útsýni yfir Þjórsá úr fjallshlíðunum í kringum ána.

3.3 Að horfa yfir Þjórsá

Útsýnið yfir Þjórsá var viðmælendum mjög hugleikið og tveir viðmælendur sem fóru með rannsakendum í gönguferð völdu staði þar sem sást vel yfir ána. Aðrir viðmælendur sem ekki höfðu tök á að fara út með rannsakendum voru spurðir hvert þeir hefðu kosið að fara. Nefndu þeir margir sömu staði eða aðra þar sem útsýni var yfir. Af þessu má ráða að útsýnið yfir Þjórsá er einn af þeim þáttum í gæðum landslagsins sem viðmælendur sjá mesta ástæðu til að deila og sýna öðrum.

Þeir viðmælendur sem höfðu útsýni yfir ána út um glugga á heimilum sínum lýstu því hversu mikilvægt þetta útsýni væri þeim og einn viðmælandi nefndi í þessu samhengi hugmyndir sínar um að bjóða upp á ferðapjónustu á heimilinu og þá gæti hún „leyft fólkinu að njóta útsýnisins hérna út um gluggana“. Annar viðmælandi sem hefur útsýni yfir Þjórsá og fjöllin handan við svaraði aðspurð um hvað það gæfi henni:

Ja, það er bara að vera að horfa í náttúruna. Svona er þetta í dag og svona verður þetta á morgun, svona er þetta á veturna og svona er gróandinn.

Síðar ræddi sami viðmælandi hvernig hún sæi fyrir sér að á efri árum þegar afkomendur hennar tækju við búinu myndi hún byggja sér hús þar sem útsýnið væri enn betra en það sem hún hefur í dag:

Það er ekkert gaman að vera inni í einhverju húsi og horfa á næsta tré. Þegar maður eldist þá er maður kannski meira inni en þá geturðu alltaf horft á tilveruna í kringum þig, út um gluggann ... Að fylgjast með bara lífinu, svona, það er það sem mig langar til. Mig langar eiginlega ekkert til þess að flytja fram í Árnes og horfa á næsta bíl, eða næstu manneskju labba út í búð. Ég hef voða lítinn áhuga á því”.

Yngri viðmælandi nefndi einnig þá framtíðarsýn að eignast hús á svæðinu með útsýni yfir Þjórsá og Heklu. Af þessu má ráða að útsýnið séu eftirsótt lífsgæði í hugum fólks á öllum aldri. Þetta viðhorf til útsýnisins virðist eiga sér nokkuð djúpar rætur innan svæðisins, því eins og einn viðmælandi nefndi þegar hún sýndi rannsakendum málverk af Þjórsá á heimili sínu:

Svo voru allar myndir hérna meira eða minna í gamla daga af Þjórsá og Heklu. ... Og einhverjar svona myndir þar sem Þjórsá var, eru til eiginlega á öllum bæjum.

Í lýsingum viðmælenda af upplifuninni af útsýninu yfir Þjórsá má sjá að það er upplifun af fegurð sem einkennir hana helst. Einn viðmælandi lýsti fyrstu kynnum sínum af svæðinu svona:

Það blasti við þetta gullfallega útsýni þarna yfir ána, með eyjunum þarna náttúrulega, Hagaey sem er stærst, og allir hólmanir þarna. Og þetta var um sumar og allt gróíð og

sólskin og fallegt veður. Þetta var bara svo gullfalleg mynd að maður gat ekki annað heldur en hrifist af henni.

Aðspurður um hvað það hafi verið sem heillaði hann við útsýnið sagði hann:

Fegurðin – og fallegt landslag, það gefur manni svo mikla orku, bara svo mikla næringu, ef maður gefur sér tíma til að njóta þess.

Annar viðmælandi sem einnig hafði flust á svæðið lýsti því hvernig hún kynntist svæðinu og heillaðist af útsýninu:

Það er oft verið að fara og smala og maður sér þarna yfir og mér finnst þetta sérstaklega fallegt, einmitt af því að það er svo fjölbreytt, að sjá þarna yfir ána og allar þessar litlu eyjar og gróðurinn sem er að vaxa og sjá svo Hekluna bak við þær og svona.

Aðspurð í hverju upplifunin fælist svaraði hún:

Það er svona mikil tilfinning, til dæmis, gjarnan á kvöldin eða jafnvel fram á nótt þá er svo falleg birtan líka, þetta er eitthvað svona sem að snertir mann tilfinningalega, þetta er einhvern veginn bara hrifning og ég veit ekki hvort maður eigi að segja upphafning, en manni finnst maður svona tilheyra og líður bara ofboðslega vel. Ég veit ekki hvort það nægi til að lýsa því, en það er svona eitthvað í þessa veru.

Í þessum lýsingum má sjá að fegurðin í útsýninu getur skapað djúpa hrifningu og tilfinningalega upplifun sem veitir vellíðan og andlega næringu. Aðrir viðmælendur nefndu einnig frelsistilfinningu sem fylgir því að horfa yfir landslagið:

Það er svona einhver tilfinning um frelsi og líka tengsl. Mér finnst ég finna mig vera hluta af þessum heimi. Ekki eitthvað sem einhver einangruð manneskja, standandi þarna uppi á einhverri þúfu eða hvað það nú er. Heldur verð ég einhvern veginn hluti af þessu, það verður hluti af mér.

Þessi tilfinning að upplifa sig sem hluta af heild kom einnig fram í tali annarra viðmælenda, bæði í tengslum við útsýni en einnig í tengslum við dvöl í náttúrunni almennt.

Eitt af því sem viðmælendur nefndu sérstaklega sem mikilvægan þátt í fegurð útsýnisins eru eyjar og hólmar í ánni. Eins og áður hefur komið fram lýsti einn viðmælandi því hvernig nálægð við Þjórsá skapaði hjá henni vissa óttatilfinningu, en þegar hún horfði yfir hana væri hún falleg og þá væru það ekki síst eyjarnar sem væru fallegar:

Já, þá finnst mér hún falleg. ... Og vötnin og svona, það eru ofsalega fallegir hólmar til dæmis þarna úti í ánni sem enginn kemst í, eða sko engin skepna allavega, þeir kæmust nú alveg ef þeir ætluðu sér á einhverjum bátum. Eyjarnar eru svo fallegar, þær eru svo grónar”.

Eyjar og hólmar í ánni eiga þannig stóran þátt í að skapa fallegt útsýni, en margir nefndu einnig fjölbreytileikann í landslaginu sem mikilvægan þátt og hvernig eyjarnar eiga þátt í þessum fjölbreytileika:

Eitt af því sem gerir þetta svæði svo fallegt, það er svo fjölbreytt. Maður sér þarna niður grónar hæðir og svo niður að ánni og þar er möl og síðan eru þessar eyjar, þær eru farnar að gróa svolítið upp og farnar að skjóta svona hríslum. Og svo sér maður þarna inn eftir og svo svolítið svart þarna hinum megin við Þjórsána og svo kemur Heklan með þennan hvíta koll og þetta - þetta er svo fjölbreytt.

Annar þáttur í fjölbreytileika landslagsins og útsýnisins sem viðmælendur nefndu voru litabreytingarnar sem verða á Þjórsá sjálfri og umhverfi hennar eftir árstíðum og tíðarfari. Einn viðmælandinn sem fór með rannsakendur út til að sýna þeim útsýnið yfir Þjórsá lýsti þessu svona:

Hún er afskaplega falleg áin eins og hún er í dag. ... Hún er mjög misjöfn á litinn líka. Nú er leysing í henni og þá er hún bara svona eðlileg jökulá, en á vorin áður en leysing kemur í hana, þá er hún bara alveg ótrúlega hrein. ... Það er bara liturinn í landslaginu. Þetta er svo fallegt núna, allt svo fallega grænt."

Einn viðmælandi útskýrði hvað það væri sem henni þætti fallegt við ána með því að bera hana saman við Sultartangalón:

Til dæmis Sultartangalón sem er hérna inni á afrétti. Það er mjög stórt, það er 14 kílómetrar. Það er aldrei, aldrei fallegt, það er alltaf bara svona mólitað eða svona jökullitað. Það er aldrei svona fagurtært eða blátt. Það er bara ekki þannig. Og mér finnst það aldrei fallegt. Svo er náttúrulega önnur hliðin á því alveg bein, þetta er náttúrulega varnargarður. Mér finnst það ekki fallegt. Ég hefði kosið að það væri ekki þarna. Áin var miklu fallegri meðan hún rann. Ég man vel eftir því. ... Mér finnst áin svo mikil prýði og sérstaklega af því hún er svona allskonar. Hún er ekki bara bein lína, hún er í svona bugðum, og það er ekki nærri eins fallegt ... Þetta er einhvern veginn, að það fari sína leið, en ekki eftir skurði, til dæmis, sem maður sér hérna fyrir framan Sultartangavirkjun. Þá er alveg þráðbeinn skurður, mjög langur. Ofsalega ljótur.

Þessi ummæli undirstrika gildi fjölbreytileika árinna með tilliti til litbrigða og forma í hugum viðmælenda.

Af framansögðu má sjá að útsýni á svæðinu tengist mörgum náttúrufyrirbærum sveitarinnar, svo sem fjöllum, eyjum og fjölbreytileika náttúrunnar, litadýrð og árstíðaskiptum. Oftar en ekki er Þjórsá þar í forgrunni. Gildi útsýnisins er sömuleiðis margþætt, það vekur tilfinningu fyrir fegurð, frelsi og því að tilheyra náttúrunni, og veitir andlega næringu.

4 Upplifun gesta á ferð um svæðið

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður sem byggja á greiningu viðtala við gesti eftir gönguferð okkar um svæðið. Einnig byggja niðurstöðurnar á þátttökuathugunum sem gerðar voru í ferðinni. Niðurstöður eru hér settar fram í formi ferðasögu, þar sem við rekjum okkur áfram eftir leiðinni sem við fórum, en stöldrum við þá staði og fyrirbæri sem helst bar á góma í viðtölunum. Kaflinn er tvískiptur eins og leiðin sem við gengum, fyrri hluta leiðarinnar gengum við meðfram Þjórsá og dvöldum við bakka hennar. Seinni hluta leiðarinnar gengum við yfir Núpsfjall og undir hlíðum Miðfells þaðan sem útsýni er yfir ána.

4.1 Gengið meðfram Þjórsá

Rútan stoppaði við lítið útskot við veginn. Þaðan var gengið af stað, yfir gróið Þjórsárhraunið hið mikla sem þarna gengur undir heitinu Núpsheiði. Þrátt fyrir að gróðurinn hafi haft rúmlega 8.500 ár til að hylja hraunið, má enn sjá ýmsar hraunmyndir rísa upp úr gróðurþekjunni, en einnig djúpa bolla inni á milli. Auðveldlega má því gera sér í hugarlund hversu úfið hraunið hefur verið þegar það rann. Landið ber þess merki að hafa verið nýtt til beitar þar til fyrir ekki svo löngu síðan, þar sem götur eftir búpening þræða sig áfram inn í landslagið. Engar kindur og enga hesta var þó að sjá í grenndinni, og vera blómgróðursins staðfesti fjarveru þeirra. Það var einmitt eftir slíkum götum sem hópurinn fetaði við upphaf göngunnar. Stefnan var sett á árbakka Þjórsár sem þó voru enn í hvarfi, enda í um 800 metra fjarlægð. Á hægri hönd mátti sjá Þjórsárholt í svipuðum fjarska.

Fyrsti viðkomustaður hópsins var þegar um þriðjungur leiðarinnar að ánni var enn ófarinn. Þarna eru tóftir frá landnámsöld, lítt greinanlegar í landinu, nema þeim sem hafa þjálfað auga fyrir slíku. Við höfðum einmitt fengið ábendingu um þær á fyrri göngu okkar um svæðið með fornleifafræðingi, að þetta væri gömul bæjarrúst, skáli fornbylisins Dofrastaða. Við tókum þá ákvörðun að beina athygli þátttakenda að þeim. Nokkrar umræður spunnust á staðnum meðal þátttakenda, sem spáðu og spekúleruðu í þessum lítt sýnilegu minjum. Sumir tóku myndir. Í viðtölunum sem á eftir fóru bar minjarnar aðeins tvisvar sinnum á góma. Einn þátttakandi velti því þá fyrir sér hvort ekkert hefði verið grafið í þær. Annar þátttakandi sagðist vera „*gapandi hissa*“ á staðsetningu bæjarins til forna, mitt í hrjóstrugu hrauninu þar sem langt væri í ferskt vatn. Hugur hans leitaði þannig aftur til þess tíma þegar bærinn hafði staðið og lífsgæða fólksins sem þar bjó.

Áfram var gengið og nú var ekki numið staðar fyrr en komið var að bökkum Þjórsár. Þar fangaði áin samstundis athygli allra viðstaddra. Þeir sem voru með myndavélar tóku myndir, ýmist af ánni eða gróðrinum á bökkum hennar. Í viðtali eftir ferðina komst einn þátttakenda svo að orði:

Mér fannst þetta svona - þarna tók ég til dæmis mynd yfir ána af því mér fannst áin svo ótrúlega mögnuð, hún kom svo kraftmikil þarna.

Sumir lýstu því líka hvernig upplifunin af ánni varð sterkari eftir því sem komist var nær henni, einn viðmælandinn nefndi að þetta gerði hann markvisst, t.d. þegar hann skoðaði fossa reyndi hann alltaf að komast sem næst fossinum, vera þar kyrr í smástund og þá væri „eins og maður sé bara kominn inn í fossinn“. Þetta upplifði hann einnig við Þjórsá, eftir því sem hann kom nær „er það meiri upplifun“.

Um leið og krafturinn í ánni fangaði athygli þátttakenda, var eins og þeir færu um leið að veita umhverfi sínu meiri eftirtekt. Þannig má segja að sú einbeitta athygli sem að áin framkallaði hafi færst yfir á aðra þætti umhverfisins. Skilningarvit þátttakenda virtust opnast þannig að gróður og dýralíf fékk nú meiri athygli en verið hafði.

Áfram gengum við nokkurn spöl og fylgdum árfarveginum að mestu. Þátttakendur töluðu síðar margir um hversu gaman þeim þætti að ganga meðfram ám. Það væri svo gaman að fylgjast með þessu samspili á milli árinna og landsins.

Mér fannst líka gaman að sjá hvað bakkar Þjórsár eru fallegir og breytilegir. Og með alls konar stefum.

Annar viðmælandi tók í sama streng og sagði:

Mér fannst mjög gaman að ganga eftir bökkum Þjórsár. Og gaman að átta sig á þessum hólum og eyjum. Þeir eru svo margir.

Eftir nokkra stund komum við að stað þar sem hraunklettar rísa nokkrir saman rétt við árbakkann og mynda sín á milli eins konar kvos. Í kvosinni er mjög gróðursælt og ýmis blómgróður sem þar vex. Á loftmynd af þessum stað má glöggst sjá hvernig áin hefur brotið sig í gegnum hraunhelluna þar sem fyrirstaðan í hrauninu hefur verið minnst. Áin kvíslast á þessum stað beggja vegna við eyjuna Ölmóðsey, sem blasir við frá hraunklettunum. Þar sem áin sveigir fram hjá Ölmóðsey rennur hún á flúðum, svo kölluðum Minni-Núpsflúðum. Þessi fyrirstaða í árfarveginum, samhliða falli árinna, magnar upp kraft hennar. Árdrunurnar sem þarna myndast berast langar leiðir, en hvert þær berast fer eftir vindáttinni hverju sinni. Neðan við klettaborgina er aftur á móti lygna á ánni, í lítilli vík þar sem svartur vikursandur hefur safnast fyrir og myndað sandströnd. Við gengum inn í kvosina. Þarna var mjög gróið, fjölbreyttur gróður sem að myndaði andstæðu við hraunið, og við beljandi jökulfljótið. Þessi staður vakti athygli þátttakenda fyrir fjölbreytni og fegurð. Einn viðmælandi lýsti honum svo:

Þessar hraunmyndanir og bollarnir þarna, bara eiginlega blómabeðin þarna. Þessi náttúrugerðu. Rosalega falleg. Í bollunum þarna í hrauninu þar fannst mér mjög, mjög fallegt.

Annar viðmælandi lýsti svæðinu svona:

Klöppin var alls konar í laginu. Það var ekki slétt klöpp, þetta voru svona allavega holur í þessu og gróður þar. Þannig að þessi fjölbreytileiki sem að var þarna. Bara svona slétt klöpp er kannski ekkert sérstök, en þarna var sko, mikill fjölbreytileiki.

Sami viðmælandi veitti lúpínu á staðnum athygli, og hún vakti ekki eins jákvæð viðbrögð:

[Það] stakk mig dálítið ... öll þessi lúpína sem átti ekki að vera.

Það sem jók enn á fjölbreytni landslagsins var lítil vík með sandströnd við hlið klapparinnar. Tveir þátttakenda þríluðu niður klettana til að mæla hana út, en öll veittu þau henni eftirtekt, og hún virðist hafa kveikt á ímyndunarafli sumra þeirra:

Mér fannst hún mjög flott þessi strönd. Maður hugsaði: Já, ef ég byggi hérna, þá myndi ég stelast hérna niður eftir og taka með mér baðhandklæði og ímynda mér að ég væri á Ítalíu.

Á árbakkanum innan þessarar hvílfar myndar hraunið eins konar skjólveggi, sem bjóða upp á að halla sér upp að þeim og horfa yfir þá beint ofan í flauminn. Þetta sjónarhorn skapaði sterk hughrif meðal viðmælenda, sem kallast á við það sem áður var nefnt, að því sem komist er nær ánni, þeim mun sterkari er upplifunin.

Í viðtalinu síðar meir lýsti einn þátttakenda upplifun sinni af þessum stað með þessum orðum:

Sko mér fannst hérna áin, það kemur manni svona kannski alltaf svolítið skemmtilega á óvart, hvað vatn er fallegt – við gróna jörð. Og í raun og veru hvað þetta er svona, sko beljandi, og þetta hyldýpi skiljið þið, ef maður myndi detta í þetta, maður bara mætti þakka sínum sæla fyrir að komast upp, því þetta er svo mikið fljót. En hvernig getur verið svona fallegt í kringum og friðsælt, mér fannst það ótrúlega skemmtilegt.

Þarna fáum við innsýn inn í hvað getur farið í gegnum huga fólks þegar það fær tækifæri til að staðnæmast á öruggum stað og horfast í augu við hrikaleika náttúrunnar. Eins og annar þátttakandi tók til orða:

Maður bara stóð þar og horfði bara og horfði yfir og, mér fannst það kannski eiginlega svona magnaðasti staðurinn á leiðinni.

En á sama tíma og fólk upplifði þennan ógnandi kraft árinna þá skynjaði það mikla kyrrð í náttúrunni:

Kyrrðin á móti árniðnum. Það kom svo sterkt saman ... Þá fannst mér svona, þá datt maður þarna niður í eitthvað svona, aðra veröld, eða eitthvað.

Skynjunin beindist ýmist að hljóðum í náttúrunni, eins og í dæminu að ofan, eða að því sýnilega. Þannig sagði annar viðmælandi um sama stað:

Þú veist, þetta var vel gróið land og það er þarna bara kolgrá áin sko. Hún fer þarna í milljóna tonnum þarna framhjá, svo, mér fannst þetta bara skemmtileg andstæða.

Þessar andstæður í umhverfinu kalla á að fólk veiti skynjun sinni athygli sem leiðir til ákveðinnar fegurðarupplifunar, eins og dæmið hér á eftir sýnir, þar sem viðmælandinn veltir fyrir sér hvers vegna hún upplifði fegurð á þessum stað:

Ég held að mér hafi þótt þetta fallegasti staðurinn. Ég veit ekki af hverju mér finnst það fallegasti staðurinn. Kannski bara andstæðurnar eða beljandi áin hérna á móti svona fallegum gróðri og hrauni. Ég held mér finnist það bara eitthvað fallegt. Ég veit ekkert af hverju. Af hverju finnst manni svona landslag fallegra en eitthvað annað? Það er

svona kannski krefjandi svolítið. Kannski finnst manni það fallegt líka, af því að það er svona, maður þarf að hugsa um það þegar maður er að ganga í þessu, þannig að maður þarf að passa sig.

Þarna má sjá hvernig þessar andstæður gera það að verkum að landslagið er á einhvern hátt krefjandi þannig að skynjunin verður einbeittari.

Þessi hughrif meðal viðmælenda voru einkum áberandi á þessum stað. Náttúrufar á þessum stað er fjölbreyttara en annars staðar á leiðinni, og andstæður í náttúrunni meira áberandi. Það hversu fjölbreytt formin og fyrirbærin innan þessarar kvosar og utan við hana eru, virtust kalla á einbeittari skynjun og í kjölfarið upplifðu sumir viðmælendur mikla kyrrð innra með sér. Í þeim tilfellum virðist þessi einbeitta athygli á ytra umhverfi kalla á þá upplifun að detta inn í aðra veröld, sökkva inn í sjálfan sig og upplifa kyrrð.

Leið okkar lá áfram meðfram árbakkanum. Þarna voru reiðgöturnar áberandi djúpar. Eftir dágóðan spöl vakti athygli eins úr hópnum breyting á bæði litum og formi á vinstri hönd. Græn stór þúst. Hópurinn sveigði af leið og gekk upp að þessu fyrirbæri. Í ljós komu rústir. Þarna voru hlaðnir veggir sem augljóslega voru komnir til ára sinna. Þakið var fallið niður og farið að hrynja úr veggjunum og gróðurinn að ná yfirhöndinni. Við veltum fyrir okkur hvers konar mannvirki þetta væri. Hluti hópsins sem hafði alist upp í sveit sá að þetta voru gömul beitarhús. Mikil umræða skapaðist þar sem þeir sem þekktu til búskaparhátta frá miðri 20. öld fræddu þau hin sem voru að sjá slíka byggingu í fyrsta skipti. Vangaveltur sköpuðust um gerð og notkun slíkra húsa:

Ég hef gaman af að ímynda mér fólkið að tína þessa steina og raða þeim saman og svona ... ég er að tengja þetta dálítið, sko kannski einhverjum gömlum landbúnaðarháttum svona, að einhverju leyti.

Hugur sumra leitaði aftur í tímann að þessum gömlu landbúnaðarháttum, en um leið fór fólk að ímynda sér hvernig húsin höfðu verið byggð og hvaðan efnið hafði verið fengið:

Maður fer að ímynda sér sko ef maður væri að gera þetta sjálfur. Hvernig maður myndi ná í grjótið og þetta.

Hugleiðingar um gerð hússins beina þannig athyglinni að umhverfinu þar sem fólk fer að leita að uppsprettu efniviðar og landnotkun fyrir á tímum. Umræða spratt um breytingar sem höfðu orðið á búskaparháttum frá fyrri tíð.

Aftur var gengið niður að árbakkanum og nú hófst leit að góðum stað til að fá sér nesti. Við fundum djúpa laut við árbakkann. Þessi laut var nokkuð nálægt ánni og einn þátttakandinn fór ennþá nær til að fylla á vatnsflösku. Í framhaldinu gengum við áfram og komum að tanga út í ána. Á þessum stað jókst fjölbreytnin í landslaginu, og rétt eins og annars staðar þar sem það gerðist varð það til þess að hópurinn hægði á sér og staldraði við. Þarna skapaðist líka tækifæri til að fara nær ánni, enda árbakkinn með ólíku sniði frá því sem verið hafði. Í stað hinna háu bakka sem höfðu einkennt árfarveginn síðasta spölinn þá flæddi áin á þessum stað yfir forna hraunhelluna. Vatnsfylltir hraunbollar og nes út í ána gripu athygli þátttakenda. Fínt set úr ánni, jafnt sem vikur úr Heklu, ljáði umhverfinu líka annað yfirbragð, og kallaði um leið á nýjar hugrenningar. Einn þátttakenda tjáði sig síðar í viðtali um návígið við ána:

Þetta er bara þannig að þegar maður er kominn nær þessu, þá náttúrulega er það hlutfall, bara eftir því sem maður er nær, þá er það meiri upplifun.

Sýnin á vatnsfyllta bollana kveikti á ímyndunaraflinu, og einn þátttakenda sagði síðar meir í viðtali að ef hún hefði verið barn á þessum stað, þá hefði hún viljað fara í það í slíkum bolla.

Eitt af þeim fyrirbærum landslagsins sem hópurinn veitti athygli var skella á kletti hinum megin við ána. Forvitni fólksins vaknaði, ekki síst vegna þess að það sást ekki vel hvort þessi skella var í raun til merkis um breyttan lit og áferð, eða hreinlega gat í gegnum klettinn. Sumir gripu til þess ráðs að nota aðdráttinn í myndavélinni til að rýna í þetta fyrirbæri hinum megin við ána, og geta skorið úr um eðli þess með vissu. Niðurstaða hópsins var að um væri að ræða gat í klettinum og að skellan væri í raun gróðurþekjan á bak við gatið. Þessi rýni kveikti jafnframt á ímyndunaraflinu meðal sumra, og skýringar grundaðar á álfatrú og sögum heyrðust jafnframt innan hópsins, að þetta væru mögulega álfadyr.

Já, hola í steininum þarna í klettinum sem ein þarna í hópnum sá, einhver hélt að væri bara svona álfadyr. Svo var einn sem tók upp kík og hann sá að þetta, þetta var steinn, tók mynd af því. Það var augljóslega bara svona, hola. Hann taldi það vera og ég súmmaði á myndinni sko. Það er alls konar svona sem maður tekur kannski eftir þegar maður er bara svona að röltu úti og njóta þess að vera til.

Við gengum upp með ánni í átt að nokkrum sumarhúsum sem eru við árbakkann, en á þessari leið opnaðist sýn á Heklu sem fram að því hafði falist bak við Skarðsfjall. Einn þátttakandi talaði um að það hefði komið henni á óvart hversu víðsýnt væri þarna. Enda voru margar myndir teknar á þessum slóðum af Heklu og útsýninu.

Ég tók svona í áttina að Heklu og svo náttúrulega aftur hérna af víðáttunni. Þetta tók ég ekkert meðvitað. Þetta fannst mér bara eitthvað, að þurfa að eiga að mynda.

Heklu bar á góma í viðtölunum. Einn viðmælenda sagði til að mynda þetta:

Heklan hefur svo einkennileg áhrif á mann. Hún er svo sérstök. ... maður er alltaf að fylgjast með henni. Þú veist, hvernig er skýjafarið á Heklu? Fer þetta af henni eða hvað? Þú veist, ég er viss um að það er alveg hægt að selja, ef menn vilja selja grimmt og endalaust, þá er örugglega hægt að selja, bara það að fá að sitja og horfa á Heklu. Eins og að horfa á Norðurljósin. Bara, ég segi svona. Mér finnst það alveg magnað að vera þarna og þú veist, að ganga meðfram henni og, maður er alltaf að pæla í henni. ... þessi fegurð og þetta aðdráttarafl sem hún hefur. ...þannig að Hekla finnst mér bara, ég meina það er bara skýjafarið í henni. Það er birtan, og hvað dregur hún langt niður í hlíðar eða hvað fer það langt upp, eða er hún hrein?

Eins og þarna kemur fram er gildi útsýnisins yfir Heklu mikið þegar gengið er um svæðið, að minnsta kosti í huga þessa viðmælanda. En sýnin á Heklu kallar ekki bara fram tilfinningu fyrir fegurð, heldur einnig hugrenningar um náttúruöflin, og hvers hún er megnug:

Maður veit að hún er, náttúrulega, bíddu ætla hún að, kannski gýs hún bara á eftir. Hún er náttúrulega alltaf að gjósa. ... það er þessi kraftur sem er þarna. Því maður þekkir það, maður veit hvernig hún er. Ég meina hún bara hefur gosið bara svona (smellir fingrum), bara sprengigos og læti. Og, hvað, þurrkaði bara út, hvað var það ekki 1104?

... Og hún er svona einhvern veginn, áhrifavaldur í okkar, bara lífi. Okkar þjóðlífi alveg langt bara frá, allavega frá landnámi.

Í viðtali þegar við skoðuðum myndir sem höfðu verið teknar á þessu svæði barst í tal hversu viðmælenda þóttu raflínumöstur sem sáust á einni myndanna stinga í stúf við útsýnið yfir Þjórsá og Heklu. En það var fleira sem bar fyrir sjónir í landslaginu, næst okkur voru það hinir fjölmörgu hólmar og eyjur í Þjórsá sem vöktu aðdáun en einnig hugleiðingar um hverjar þeirra færu mögulega undir lón:

Þessar eyjar. Það er náttúrulega ekkert nema bara það sem maður sér. Þú kemst ekkert út í þær með góðu móti sko. ... Sumar eyjarnar [eru] mjög flottar þar sem var gróður sko. Það var allavega ein eða tvær sem fara þá undir.

4.2 Horft yfir Þjórsá

Frá sumarhúsunum gengum við yfir tún og upp að þjóðveginum yfir að bænum Minni-Núp, sem kúrir við rætur Núpsfjalls. Þarna varð ákveðin breyting á atferli hópsins. Við áнна var margt sem greip athygli fólks í landslaginu, en þegar við gengum yfir túnin og í áttina að Minni-Núp virtist athygli fólks á umhverfinu ekki vera eins einbeitt, ekki eins margt sem vakti eftirtekt. Við stóðum nokkra stund á bæjarhlaðinu við Minni-Núp og horfðum í kringum okkur. Þarna blasti við sýn yfir hefðbundna íslenska sveit. Landslagið var þannig nokkuð frábrugðið því sem við höfðum gengið um fram að þessu. Þessi sýn kveikti á minningum hjá sumum þátttakenda frá því að hafa verið í sveit á yngri árum.

Minni-Núpur er skrásettur í sögubækur fyrir að hafa verið heimili Brynjólfs Jónssonar (1838 - 1914), sem kunnur var á sínum tíma sem sjálfmenntaður fræðimaður, m.a. á sviði heimspeki og fornleifafræði. Í brekkunni fyrir ofan bæjarhúsin er grasbolli þar sem hann er sagður hafa setið löngum stundum og hugleitt og skrifað. Við gengum upp frá bæjarhlaðinu sem leið lá upp á Núpinn og stöldruðum við í Brynjólfsskál þar sem við sögðum þátttakendum frá sögunni. Í viðtali síðar sagði einn þátttakenda um þetta:

Það var náttúrulega gaman að koma í Brynjólfsskálina sko. Ég hafði ekki heyrt um hana. Þetta er svolítið sérstakt sko að hafa bolla að sitja í og spekulera. Ég þekkti það í sjálfu sér mjög lítið sko. Og fróðlegt að já þarna, það hafi verið einhver maður með svona, með þessa köllun sko.

Hlíðin upp Núpinn er grasi vaxin alla leið upp á topp, brött á köflum og reyndist þátttakendum misauðvelt að komast alla leið. Þegar upp var komið uppskar hópurinn laun erfiðis síns þegar útsýnið ofan af Núpnum blasti við. Einn viðmælenda sagði þetta um Núpinn:

Mér fannst þetta fjall svo fallegt. Þarna Núpur. Bara að horfa á það og gaman og þakklát ganga upp á það. Því það var alveg ótrúlega víðsýnt. Maður sá bara, eiginlega heim og, sína heimaslóð. Við sáum að Ingólfsfjalli og ég veit ekki hvert við sáum í austurátt.

Annar viðmælandi lýsti upplifun sinni af útsýninu svo:

Ég stóð þar upp við stein [á Núpnum] fór svona upp á hæsta punktinn þar og horfði svona yfir, sneri mér í hring og horfði yfir allt... bara svona að sjá víddina. Og þá fannst mér einmitt ótrúlega gaman að sjá, hvað maður sá vítt þarna um. Á ekki hærri stað. Það var kannski helst það. Og, mér fannst landslagið sko mjög fallegt.

Aðspurð hvað það væri sem heillaði við útsýnið af Núpnum var svarið hjá einum viðmælanda svona:

Ég er kannski bara svolítið væmin. Mér finnst það bara, [ég] fyllist ákveðnu svona frelsistilfinningu og kannski stolti. Kannski átta ég mig á því hvar ég er. ... Bara, þetta er Ísland. Það svona, það er ekkert líkt þessu. Bæði víðsýnið og litirnir og birtan. Já. Ég veit ekki hvort ég get lýst þessu nokkuð frekar.

Það var hvasst á toppnum, hópurnir skipti sér í leit að skjóli. Við tókum upp landakort og nokkrir úr hópnum reyndu að bera kennsl á fjöll í landslaginu allt um kring. Ýmis örnefni bárust í tal. Í viðtali síðar kom þetta fram:

Ég hef alltaf dálítið gaman af örnefnum, hvernig þau hafa orðið til ... þetta er hugmyndaríkt fólk hérna í gamla daga þegar þau voru að búa til þessi örnefni ... En allavega mér finnst þau bara mjög flott þessi örnefni frá landslaginu í gamla daga.

Á þennan hátt höfðu örnefni svipaða virkni og beitarhúsin sem við höfðum séð fyrr á leiðinni. Hvoru tveggja kallaði fram hugrenningar um fortíðina.

Við höldum áfram göngunni eftir Núpnum endilöngum. Hér var undirlagið mosavaxið og einn viðmælenda ræddi í viðtali um að hafa verið meðvituð um að skilja ekki spor eftir sig í mosanum. Við komum niður í lítið dalverpi sem liggur milli Núpsfjalls og Miðfells. Þar gengum við fram á aðrar rústir af beitihúsum. Við stöldruðum við á þessum stað. Eins og áður velti fólk fyrir sér hvaðan efniviðurinn í húsið kom, hér var það augljóst. Fyrir ofan okkur reis hamrabelti úr kubbabergi í Miðfellinu. Þessar rústir voru greinilegri, og sennilega yngri þar sem þær voru ekki eins grónar. Líklega var það þess vegna sem sumir þátttakendur tengdu persónulega við þessar minjar:

Svo fannst mér líka gaman að sjá rústirnar, sérstaklega þessar nýjustu. Þær minntu mig á rústir sem eru til heima, fyrir austan.... Þá kom svona, hlaðan var svona djúp, þú veist gryfja. Og síðan voru kindurnar fyrir framan. Og svo var svona lítill kofi þarna rétt hjá. Sem að ég reikna með að hafi verið hrútakofinn, en ég veit það náttúrulega ekkert. Mér fannst það bara svona, þeir voru hafðir sér sko. Hrútarnir ... Þetta bara, vakti upp minningar sko, úr sveitinni.

Þessar minningar urðu líka til þess að viðkomandi rifjaði upp hvernig var að umgangast þessi hús og hversu erfitt var að halda þeim við. Það að tengja æskuminningar sínar við rústirnar leiddu huga hennar að því hversu fljótt slíkar byggingar geta grotnað niður. Segja má að þarna hafi tíminn í landslaginu orðið þessum viðmælanda sýnilegur. Endurminningarnar fólu líka í sér upprifjun á stemmningunni sem var í þessum húsum og þær tilfinningar sem samvera með dýrunum kveiktu:

Að sjá kindurnar vera að jórtra við garðann sko. Ég hugsa að það sé ekkert sem er meira róandi heldur en sú sýn. Og svona vellíðan þegar er búið að gefa kindunum. Þeim líður

vel, þær eru búnar að drekka og svona, og það kemur svona kyrrð á allt. Þetta er alveg rosalega sko, og yfirleitt er þetta fé sem að, þið tókuð eftir því að húsið var svolítið þröngt? Það var ekki stigi, stiginn var svona þröng, þá var gert ráð fyrir að það myndi ganga út og inn. Og þetta fé verður svo frísklegt og fallegt sko. Það verður ekki svona skítugt.

Þetta voru þriðju tóftirnar sem við komum að, og af þeim þær yngstu. Viðbrögð hópsins sýna að hughrifin eru sumpart bundin aldri tóftanna. Þeim mun nær sem tóftirnar eru þeim sjálfum í tíma, þeim mun sterkari verður ímyndin. Landslag fyrri tíma stóð þessum viðmælanda ljóslifandi fyrir hugskotssjónum, sem helgaðist af því að tóftirnar voru henni tenging inn í eigin minningar.

Við héldum áfram göngunni undir hlíðum Miðfells og fylgdum kindagötu. Kubbabergið í hömrinum vakti forvitni og tóku sumir af því myndir. Síðasta spölinn var undirlagið orðið blautara. Einn viðmælandi sem var alinn upp í sveit velti fyrir sér hvernig mýrin þarna væri frábrugðin þeim mýrum sem hún þekkti. Rétt eins og dæmið af tóftunum að ofan, þá sýnir þetta hvernig bakgrunnur fólks mótar upplifun þess af landslaginu, hvernig þau sem hafa alist upp í svipuðu landslagi bera það ósjálfrátt saman við landslag sem þau þekkja.

Þegar hópurinn var komin ofan við mýrina og gekk yfir nýslegið tún í áttina að veginum blasti við útsýni yfir Þjórsá á þeim stað þar sem fyrirhugað er að lón muni rísa. Einn úr hópnum benti þá hinum á hvernig virkjanaframkvæmdir gætu breytt landslaginu. Fólk hafði skiptar skoðanir á ágæti þeirra hugmynda og ljóst var að sumir voru meðvitaðir um þær en aðrir ekki. Einn viðmælandi úr hópnum lýsti því að hafa orðið gröm þegar hún horfði yfir svæðið „sem menn eru að hugsa um að sökkva“. Af þessu má sjá hvernig hugmyndir um nýtingu hafa áhrif á upplifun fólks af landslagi.

Við komum upp að veginum við Víðihlíð þar sem rútan beið eftir okkur.

5 Þættir hins fagurferðilega gildis

Eins og sjá má af dæmunum hér að ofan eru það margir þættir sem einkenna landslagsupplifanir fólks á svæðinu við Þjórsá: Tilfinning fyrir frelsi; fegurð; það að tilheyra náttúrunni; kyrrð; kraftur; endurnærandi áhrif; útsýni; fjölbreytileiki náttúrunnar; og minningar sem náttúran geymir. Allt eru þetta þættir sem sameiginlega eiga þátt í að skapa hið fagurferðilega gildi landslagsins.

Fegurðin sem fólk skynjar leikur lykilhlutverk í fagurferðilegu gildi landslagsins, því hún tengir saman hina mörgu þætti sem hér hafa verið taldir upp, um leið og fagurferðileg upplifun náttúrufyrirbæranna skapar tengsl einstaklingsins við hlutbundna þætti landslagsins. Sérstaklega á þetta við meðal staðkunnugra.

Eitt af því sem einkennir upplifun af fegurð almennt er þörfin til að deila fegurðinni með öðrum. Þegar skynjun fólks beinist að fegurð skapast viss þrá eftir endurtekningu og eftir því að dvelja við fegurðina, viðhalda og deila henni með öðrum (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2010; Brady, 2003; Johnson 2009). Þetta einkenni fegurðarupplifunar kemur mjög skýrt fram í viðtölum við staðkunnuga, og þá sérstaklega með tilliti til þess að deila upplifun af fallegu útsýni með öðrum. Viðmælendur ýmist fóru með rannsakendur á staði til að njóta fagurs útsýnis yfir Þjórsá og Heklu eða nefndu að þeir hefðu farið með rannsakendur á slíka staði ef tími hefði gefist. Aðspurðir hvers vegna þeir völdu þessa staði var svarið einatt á þá leið að þessi staður væri svo fallegur. Einnig ræddu margir viðmælendur um að deila útsýninu með gestum sínum, hvort sem það væru ferðamenn eða aðrir. Viðmælendur úr hópi gesta staðfestu þetta bæði í orðum sínum um útsýnið, og með myndatöku, yfir Heklu frá bökkum Þjórsár og yfir Þjórsá og Heklu af toppi Núpsfjalls.

Þannig felast ákveðin samskipti í upplifuninni af fegurð. Sú sem upplifir fegurð tekur á móti merkingu þess sem hún skynjar og finnur til þarfar til þess að fanga augnablikið og merkingu þess með endurtekningu, ýmist með því að fanga augnablikið í ljósmynd eða málverki eða með því sýna öðrum (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2015; Johnson, 2009). Sú staðreynd að útsýnið yfir Þjórsá hefur verið viðfangsefni margra listamanna í gegnum tíðina og að slík málverk prýði marga stofuveggi í sveitinni er vísbending um hversu mikilvægt hlutverk þetta útsýni leikur í fagurferðilegu gildi landslagsins.

Það sem viðmælendur úr hópi staðkunnugra nefndu helst að skapaði þessa fegurð var fjölbreytileikinn í því sem þeir sáu og heyrðu. Annarsvegar var um að ræða fjölbreytileika þeirra náttúrufyrirbæra sem eru til staðar á svæðinu: áin, eyjar og hólmar í ánni, gróðurinn, fjöllin, fuglalífið. Þennan fjölbreytileika skynjuðu gestirnir einnig við bakka Þjórsár, til að mynda í kvosinni þar sem gróður, hraun og árflaumurinn mættust, og virtist fjölbreytileikinn þá einnig verða að uppsprettu fegurðarupplifunar. Hins vegar var um að ræða fjölbreytileika þessara náttúrufyrirbæra eftir árstíðum og tíðarfari; hvernig liturinn á ánni breytist, hvernig hljóðin í ánni breytast eftir veðri, árstíð og staðsetningu, hvernig snjóalögin í Heklu og skýjafarið í kringum hana breytast, og hvernig gróður og fuglalíf breytist eftir árstíðum. Það að fylgjast með slíkum breytingum í náttúrunni er stór þáttur í upplifun fólks af fegurð landslagsins og á einnig stóran þátt í að skapa tengsl fólks við staðinn. Eins og gefur að skilja

er þessi hlið fjölbreytileikans einungis aðgengileg þeim sem þekkja svæðið vel og birtist því einungis í viðtölum okkar við staðkunnuga.

Dvöl við árbakka Þjósár leiðir til upplifunar af þeim gríðarmikla krafti sem í henni býr. Það kom einmitt fram hjá viðmælanda úr hópi gesta hversu það að koma nær ánni getur magnað upplifunina. Viðmælendur úr hópi staðkunnugra lýstu hrifningu af eyðileggjandi kröftum án þess þó að finna til óöryggis. Slíkar upplifanir leiddu svo til ímyndunarafls um krafta og merkingu vatns sem náttúruafls sem mótar jörðina í gegnum eilífa hringrás, sem viðmælendur lýstu sem „hringrásartilfinningu“, „eilífðartilfinningu“, eða „tímaleysi“. Svipuð hrifning af kröftum árinna vaknaði hjá gestum, sérstaklega í kvosinni við Minni-Núpsflúðir.

Þessum hughrifum sem felast í því að finna fyrir krafti og stærð jökulfljótsins Þjósár má lýsa sem upplifun af ægifegurð. Hugtakið ægifegurð er almennt notað til að lýsa upplifunum af fyrirbærum sem eru af slíkri stærðargráðu eða búa yfir slíkum krafti að það þýrmir yfir huga þess sem skynjar þannig að viðkomandi nær ekki utan um það að skilja fyrirbærið í einni hugsun. Þegar þýrmir yfir skilningarvitin á þennan hátt tekur ímyndunaraflið við til þess að ná utan um það sem skynjað er og með hjálp ímyndunaraflsins vakna hugrenningar um þá stóru heild sem hvort tveggja þetta kraftmikla og/eða gríðarstóra fyrirbæri og einstaklingurinn sem skynjar þetta fyrirbæri eru hluti af. Upplifunin af ægifegurð, eins og upplifunin af fegurð, er þannig tengslahugtak sem lýsir augnablikum þar sem fólk skynjar sig sem hluta af heild, og því getur viss tegund sjálfsþekkingar falist í slíkum upplifunum (Brady 2008; Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2016).

Einn viðmælenda í hópi staðkunnugra lýsti því þannig að það að fylgjast með breytingum í náttúrunni í daglegu lífi væri rót þeirrar tilfinningar að finnast umhverfið og náttúran vera órjúfanlegur hluti af henni og að þess vegna fyndist henni það inn grip sem fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir fælu í sér ógna hennar eigin tilvist. Upplifun af fegurð og því að fylgjast með breytileika landslagsins leikur þannig mikilvægt hlutverk í því að skapa tengsl fólks við landslagið. Varðandi þá ógn sem tilvist fólks er búin í gegnum framkvæmdirnar sagði annar viðmælendi á svipuðum nótum:

Maður elst hérna upp og þetta er bara hluti af tilverunni. Áin rennur þarna og hún er bara svona, það væri eins öruggt eins og að sólin kæmi upp á morgnana. Og, ég var aldrei hrædd um að eitthvað kæmi fyrir Þjósá. Ekki hérna niður frá.

Sú tilfinning að „tilheyr“, að vera hluti af þessari heild sem landslagið skapar, og sú vellíðan sem því fylgir, er stór hluti af landslagsupplifun staðkunnugra og þar með fagurferðilegu gildi landslagsins. Slík tengsl við landslagið eiga einnig þátt í að skapa siðferðilega tengingu fólks við náttúruna.

Eins og áður kom fram nefndi einn viðmælendinn að það að hlusta á „róandi og notalegt“ hljóðið í ánni skapaði hjá henni hughrif og hugrenningatengsl um að bera virðingu fyrir umhverfinu og þakklæti fyrir „hvað landið mitt býður mér upp á góðar tilfinningar“. Fleiri viðmælendur úr hópi staðkunnugra töluðu um þessa tilfinningu þakklætis sem hluta af fegurðarupplifuninni, í framhaldi af lýsingu sinni á að standa úti og hlusta á ána og njóta útsýnisins sagði einn viðmælendinn: „Ég er bara svo þakklát fyrir að fá að vera hérna“.

Sumir viðmælendanna töluðu um mikilvægi þess að vera „einn með sjálfum sér“ úti í

náttúrunni og að slíkar stundir væru mikilvæg uppspretta vellíðunar og andlegrar næringar. Það að vera einn með sjálfum sér vísar þó ekki til einangrunar og útilokunar heldur er það önnur birtingarmynd á því að tilheyra landslaginu, sem áður var vikið að. Eða eins og einn viðmælandinn sagði þá „*verð ég einhvern veginn hluti af þessu, það verður hluti af mér*“.

Á þennan hátt er landslagið órjúfanlegur þáttur í sjálfsmynd viðmælendanna, og á sama hátt er sjálfsmynd viðmælenda einn af þeim þáttum sem felast í hinu fagurferðilega gildi landslagsins.

Í þessu samhengi má benda á að Þjórsá sjálf leikur mikilvægt hlutverk í sjálfsmynd þeirra sem við hana búa. Áin hefur alla tíð verið mikill farartálmi og þannig reist skorður við ferðum fólks. Rifjuðu nokkrir viðmælendur upp sögur, af sjálfum sér eða forfeðrum sínum, af því þegar farið hafði verið yfir ána. Þannig má segja að tilvist árinna eigi stóran þátt í að móta sjálfsmynd íbúanna; hvað það þýðir að vera íbúi á þessu svæði, beggja vegna árinna.

6 Ávinningur hins fagurferðilega gildis: Endurnærandi áhrif

Það þakklæti sem viðmælendur meðal staðkunnugra tjá fyrir að fá að njóta fagurs útsýnis og landslags bendir til þess hversu mikilvægur þáttur í lífsgæðum fólks það er að fá að njóta slíkra landslagsgæða. Eins og áður kom fram virðist útsýnið yfir Þjórsá vera eftirsótt lífsgæði fyrir þá sem þar búa, viðmælendur töluðu sumir um þá framtíðarsýn að byggja sér hús þar sem hægt væri að njóta þessa útsýnis út um gluggann og einnig kom fram að frístundahúsaeigendur hefðu sóst eftir lóðum á slíkum stöðum fyrst og fremst vegna fegurðar og útsýnis.

Hvort sem staðkunnugir ræddu um að dvelja við Þjórsá, horfa yfir hana, eða heyra hljóðin í henni sögðu þeir aðspurðir í hverju slík upplifun fælist, að hún fæli í sér kyrrðar- og friðartilfinningu, hefði róandi og endurnærandi áhrif og skapaði djúpa hrifningu og tilfinningalega upplifun sem veitir vellíðan og andlega næringu.

Þessi ávinningur hins fagurferðilega gildis kom helst fram á meðal staðkunnugra, og virðist hann eiga sér rætur í dvöl fólks á svæðinu til lengri tíma. Þau endurnærandi áhrif sem dvöl á svæðinu hefur upp á að bjóða, getur einnig hlotnast gestum, en í tilfelli staðkunnugra verða þau mikilvægur hluti af þeim lífsgæðum sem felast í að búa á og dvelja langdvölum á svæðinu. Fjallað hefur verið um mikilvægi slíkra endurnærandi áhrifa innan umhverfissálfræðinnar í gegnum hugtakið sálfræðileg endurheimt (sjá: Kaplan, 1995; Velarde, Fry, Tveit, 2007).

7 Ytri þættir sem hafa áhrif á hina fagurferðilegu upplifun

Í viðtölum við staðkunnuga kom í ljós að þegar viðmælendur ræddu um landslagsupplifanir sínar voru þær breytingar sem gætu orðið ef kæmi til virkjanaframkvæmda á svæðinu þeim ofarlega í huga. Hugleiðingar viðmælenda um það sem þeir hafa í dag leiddu oftast en ekki til hugleiðinga um hvað þeir gætu mögulega misst. Þar sem fyrirhugaðar virkjanir eru staðsettar svo nálægt byggð hafa mögulegar breytingar ekki einungis áhrif á náttúrulega ferla og ásýnd lands heldur hafa þær beinlínis áhrif á alla tilvist og sjálfsmynd fólks sem upplifir sig sem órjúfanlegan hluta af umhverfi sínu. Hjá sumum viðmælendum olli tilhugsunin um breytingar af þessum ástæðum miklum ótta, sorg og vanlíðan en hjá öðrum birtust áhyggjurnar frekar sem óþægileg óvissa um hvaða áhrif breytingarnar myndu hafa í framtíðinni.

Annar þáttur sem einnig litaði samtal viðmælenda við rannsakendur var umræða um þau samfélagslegu áhrif sem hugmyndir um virkjanaframkvæmdir hafa haft. Einn viðmælandinn komst svo að orði:

Hugmyndirnar, bara hugmyndirnar um þessar virkjanir hérna í neðri hluta Þjórsár, þær hafa hreinlega splundrað samfélaginu hér. Klofið það alveg í tvennt.

Þessir tveir þættir eiga ekki hlutdeild í hinu fagurferðilega gildi í sjálfu sér, en hafa óumdeilanlega áhrif með þeim hætti að þeir ýmist magna eða dempa upplifun og orðræðu fólks þar að lútandi.

Eins og gefur að skilja höfðu þessir ytri þættir ekki áhrif í sama mæli á gesti. Í hópi gesta var umræða um virkjanaframkvæmdir á Þjórsársvæðinu mjög lítil, í samanburði við hóp staðkunnugra. Margir gestanna virtust ekki upplýstir um fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir, þótt einhverjir væru það. Í ferðinni benti einn þátttakandi hinum á fyrirhugað lónsstæði og vöktu þær upplýsingar misjöfn viðbrögð. Þessi atburður skapaði umræðu meðal þátttakenda um Hvammsvirkjun. Sú umræða leiddi í ljós viðhorf þátttakenda til virkjana almennt á Íslandi. Það voru einkum þau viðhorf, frekar en hugmyndin um Hvammsvirkjun, sem virtist að einhverju leyti hafa áhrif á tjáningu þeirra af upplifun af svæðinu. Þannig virtist sem þeir sem almennt voru neikvæðir gagnvart virkjunarframkvæmdum væru tilbúnari til að taka eftir og lýsa smáatriðum upplifunar sinnar. Þeir sem aftur á móti voru almennt jákvæðir gagnvart slíkum framkvæmdum virtust varkárari í lýsingum á upplifun sinni, og bentu frekar á hversdagsleika landslagsins í samanburði við aðra staði. Þannig virðist þessi þáttur ýmist magna eða dempa upplifun og orðræðu. Greiningin gefur samt ekki tilefni til fullyrðinga í þessa áttina, þessi munur gæti einnig skýrst af öðrum bakgrunnsbreytum, svo sem kyni.

Þriðji hluti: Reykjanesskagi



Við Sogin

8 Upplifun staðkunnugra af náttúru- og menningarfyrirbærum

Í þeim kafla sem hér fer á eftir er leitast við að varpa ljósi á fagurferðilegt gildi landslags á svæðinu á Reykjanesskaga. Greiningin er þrepaskipt. Fyrst er einblínt á upplifanir af þeim náttúru- og menningarfyrirbærum sem helst bar á góma í viðtölunum. Greint er á milli náttúrufyrirbæra og menningarfyrirbæra. Áberandi var að þau náttúrufyrirbæri sem stóðu upp úr í viðtölunum tengjast eldvirkni svæðisins á einhvern hátt.

8.1 Eldfjallanáttúra

Rannsakandi: Hvað er það sem skapar þetta útivistargildi Reykjanesskagans?

Viðmælandi: Ja, það er bara eitt orð yfir það: Eldfjallanáttúran. Þetta er eiginlega bara Ísland, eins og það hefur byggst upp.

Eins og kemur fram í orðum þessa viðmælanda eru þau fyrirbæri sem skapa kjarna upplifunar af náttúru Reykjanesskagans tengd eldvirkni svæðisins. Í orðum viðmælanda okkar var ítrekað minnst á hraun, hella, móberg, hverir og gjár í þessu samhengi.

8.1.1 Hraun

Það sem einkennir Reykjanesskagann frá þjóðveginum eru víðfeðmar hraunbreiður. Á sama tíma og þetta einkenni getur virst einsleitt ef horft er út um bílrúðuna þá er þetta fyrirbæri að vissu leyti forsenda þess fjölbreytileika sem náttúra svæðisins hefur að geyma, í hugum viðmælanda. Þannig komst einn viðmælandi að orði:

Þú veist, þegar maður keyrir fram hjá þessu, þá er þetta bara eitthvað svona hraun. En það er svo magnað að labba í gegnum þetta. ... Ef maður stoppar og labbar inn í hraunið þá verður maður bara fyrir áhrifum. Það er hérna – þögnin, það er fegurðin, náttúran getur búið til allar þessar myndanir sem verða í hrauninu.

Þessi sami viðmælandi talaði um að það að ganga inn í hraunið væri eins og að ganga inn í listasál, þar sem maður þorir varla að stíga niður fæti, náttúran hefði skapað hraunlistaverk sem hún nefndi sem eitt af sínum uppáhalds ljósmyndaefnum. Upplifuninni af því að vera komin inn í hraunið lýsti hún nánar svo:

Inni í hrauni þar upplifir maður svona alveg óskaplega mikla kyrrð og mikinn frið. Og þar sko einhvern veginn – hraunið dempar hljóð – svo skrítið.

Annar viðmælandi lýsti einnig svipaðri upplifun, að það opnast eitthvað nýtt þegar komið er inn í hraunið:

Manni dettur ekkert í hug að það sé neitt kannski merkilegt að sjá í öllum þessum hraunbreiðum annað en bara hraun. En svo þegar betur er að gáð og maður fer að skoða þetta að þá, þá er eins og ég segi, þá opnast bara fyrir manni nýr heimur og þetta kom manni svo á óvart og er enn að koma manni á óvart. Sko 10 árum seinna að þá er ég ennþá að upplifa svona vá-faktora.

En það voru ekki bara hraunmyndanir á yfirborðinu sem áttu hug hans, heldur og ekki síður það sem leynist undir þeim:

Svo þegar maður fer að skoða sko hraunhellana og þessar hraunmyndanir sem þeir hafa að geyma og þú finnur ekkert á yfirborðinu. Þeir eru alltaf að koma manni á óvart, þetta er svo ótrúlega magnað, þannig að hérna, og bara þessi jarðfræðilega sérstaða.

8.1.2 Hellar

Eitt af því sem viðmælendur drógu fram að sé merkilegt við Reykjanesskagann eru hellarnir, en flestir viðmælenda minntust á hellana. Einn þeirra fræddi okkur um að þetta væri “eitt mesta hellasvæði landsins” og máli sínu til stuðnings benti hann á að fyrri bindið af bókinni *Íslenskir hellar* væri helgað hellum á Reykjanesskaga einvörðungu. Nokkra af fallegustu hellum Reykjanesskagans væri t.d. að finna í Hrótagjárdyngjuhrauni, að hans mati. Þrjú þeirra höfðu skoðað hella, þar af voru tveir viðmælendur sem gerðu það markvisst. Tveir viðmælenda höfðu ekki skoðað þá sérstaklega en nefndu hellana sem dæmi um leyndardóma Reykjanesskagans. Í þessu samhengi sagði annar þessara frá uppgötvun sinni á helli:

Þá gekk ég fram á helli sem var bara rétt hjá veginum þar sem þú keyrir upp á Vigdísarvelli. Alveg rétt við hliðina á veginum. Það er smá svona slóði niður. Gekk bara beint inn í munnann. Ég hafði ekki hugmynd um hann. Ég fer nú að spyrja fólk hérna, af því mig langaði að fræðast, það var greinilega hleðsla, sem sagt, innkoman er hleðsla, og hlaðinn bálkur inni í þessu eða jafnvel garði eða jata eða eitthvað svona. Það vissi enginn neitt um þetta. ... Menn hafa ekkert verið að skoða þetta. ... Svona er mín upplifun af þessu sko. Maður er alltaf að sjá eitthvað sem maður vissi ekki um.

Þessi hugmynd um að Reykjanesskaginn búi yfir leyndardómum hefur verið hvati fyrir hina tvo viðmælendurna, sem markvisst eru að skoða hellana, til að leita að nýjum hellum.

Það er ekki nema vika síðan við fórum og fundum einn helli ..., fórum ofan í hann með stiga, fyrsta fólkið sem að hefur komið ofan í þann helli, það hefur enginn farið þarna, sérð mikið af gulu svona hrauni inni í honum sem er mjög óvenjulegt í hellum.

Spurður að því hvernig tilfinning það væri að vera fyrstur til að koma inn í þennan helli svaraði hann:

Fyrstur í heiminum eða fyrstur í veröldinni, það er nú eiginlega þannig. Það er mjög skemmtilegt.

Hinn viðmælandinn lýsti upplifun sinni af hellaskoðun svo:

Þetta er náttúra sem að flestum er hulin og þetta eru svo ótrúlegar myndanir. Maður stendur stundum bara og gapir af undrun.

8.1.3 Gjár

Ekki ósvipuð fyrirbæri á Reykjanesskaga eru gjár sem kljúfa bæði hraun og hálса. Þekktust þeirra er eflаust ein af Kinnargjánum sem liggja upp af Sandvík og marka skilin á milli Evrasíuflekans og Ameríkuflekans, eins og ferðamönnum er gjarnan bent á. Rétt eins og hellarnir eru gjárnar oft faldar í landslaginu þannig að þær sjást ekki fyrr en að þeim er komið. Lambafellsgjá er gott dæmi um þetta. Einn viðmælandi talaði um gjána með eftirfarandi hætti:

Það er Lambafellsgjá, hún heitir reyndar Lambafellsklofi en er alltaf kölluð Lambafellsgjá, og hún er bara svona náttúruundur sem að kemur manni mjög mikið á óvart, og er ofboðslega flott. Ég hef einmitt farið þangað líka með krakkana. ... Þú vissir ef þú hefur farið þar um, þú myndir ekki gleyma því, það er svoléiðis staður.

Tveir viðmælenda nefndu aftur á móti Hrútagjá sem einn af sínum uppáhaldsstöðum sem þeir heimsæktu oft. Annar þeirra lýsti tengslum sínum við staðinn svo:

Það er kannski annar staður sem að hefur haft svona gríðarleg áhrif á mig, það er hérna Hrútagjárdyngja, Hrútagjá, þarna nyrst í Móhálсadal. Þetta er alveg svona kynngimagnaður kraftur yfir þessum stað.

Til að gefa staðnum meira vægi lýsti annar viðmælandi Hrútagjá svo:

Það er bara eins og Þingvellir sko. Ef þú labbar eftir Hrútagjanni þá er bara alveg eins og þú sért að labba eftir Almannagjá.

Í lýsingum sínum á fyrirbærinu var ljóst að náttúruöflin sem höfðu skapað gjárnar voru þeim sérstaklega hugleikin „þessi kynngimagnaði kraftur“ sem hefur lyft landinu „teygt og togað“ á hrauninu og reist heilu hraunhellurnar upp á endann. Það að vera á staðnum kallar fram hugrenningar um atburðarásina sem leiddi af sér þessi fyrirbæri. Einhver þekking á jarðfræði skiptir augljóslega máli í þessu samhengi:

Þetta er gömul gosdyngja ... hraunin úr henni hafa myndað hérna landið á milli Straumsvíkur og Vatnsleysustrandar, öll þessi svæði hérna. Sko, eftir að hún hættir að gjósa fyrir einhverjum fimmpúsund árum þá treður kvika sér undir hana en nær ekki að brjótask upp þannig að það myndast svona gríðarlegur þrýstingur. Þú getur séð það á brúnunum á henni [Hrútagjá] hvað hún hefur risið hátt.

8.1.4 Jarðskjálftar

Sá kynngimagnaði kraftur sem viðmælendum var tíðrætt um hefur birst þeim einna skýrast í jarðhræringum sem orðið hafa á Reykjanesskaga. Þrír viðmælendur ræddu sérstaklega um jarðskjálfta, einn þeirra lýsti upplifun sinni af jarðskjálfta á svæðinu, á meðan hinir tveir lýstu

löngun sinni til að upplifa jarðskjálfta þarna. Jarðskjálftar gera þeim kleift að upplifa með beinum hætti mótun landsins:

Bara landið er lifandi. Mér finnst það alltaf svolítið gaman að finna að við eigum lifandi land sem breytist, þú getur farið aftur og aftur á einhverja staði. Og einmitt kannski sérstaklega hverasvæði, því þau breytast svo hressilega í jarðskjálftum sem eru nú algengir hér.

Viðmælendur voru mjög meðvitaðir um hversu algengir jarðskjálftar eru á Reykjanesskaganum, og um að búast megi við skjálfta hvenær sem er. Þær breytingar sem verða á landslaginu í kjölfar jarðskjálfta voru viðmælendum einnig einkar hugleiknar. Tveir þeirra töluðu sérstaklega um að fara á svæði sem þær þekkja til að kanna hvað hefði breyst. Önnur þeirra komst svo að orði:

Ég kom hérna eftir jarðskjálftana sem voru hérna í fyrravetur, þá hafði ég verið hérna, fór heim og sá að það hafði verið jarðskjálfti akkúrat á meðan að ég fór heim. Og ég bara úteftir aftur, og fór að skoða, og af því ég þekki landslagið svo vel að þá sá ég nákvæmlega hvaða grjót höfðu hreyfst úr stað einhvern veginn. Vá! Mér fannst það svolítið mikið magnað. Það hafði rifnað jörðin, þú veist, það var svona rifa í jörðina og það var hérna, steinar sem höfðu oltið til og þá er maður bara svona, vó!

Þótt þessir tveir viðmælendur hefðu ekki enn upplifað jarðskjálfta Reykjanesskagans á eigin skinni, þá var ljóst að þeim þótti það mjög eftirsóknarvert. Þannig sagði þessi sami viðmælandi:

Mér finnst æðislegt svona að upplifa náttúruöflin ... þú veist ef það koma jarðskjálftar, þá er ég komin þangað. Ég er með fyrstu jarðfræðingum að komast á staðinn, þú veist úr vinnunni og allt, til að sjá þetta, því að mér finnst einhvern veginn, þetta er svo - og náttúruöflin, þetta er svo ofboðslega merkilegt, ofboðslega – mögnuð.

Aðspurð hvort hún hefði upplifað jarðskjálfta á svæðinu sagði hún:

Nei. Ég er nefnilega alltaf á vitlausum stað, ha. ... Það hlýtur að fara að koma að því að ég fái að upplifa það.

Einn þessara þriggja viðmælenda hafði þó upplifað nokkuð stóran skjálfta þegar hann var staddur á Sveifluhálsi:

Þessi hérna hrikaleiki ... ég var hérna ... uppi á miðjum hálsi þegar að jarðskjálftinn kom stóri. Það var eins og þota kæmi hér eftir hálsinum, svo kom bara sveiflur, sveiflur, allur hálsinn bara í sveiflum ... og svo byrjaði grjótið að hrynja allt í kring. Nokkrum sekúndum seinna þá kom svona gos beint undir, bara beint undir fótunum á mér sko. Þá sá ég bara, skórnir komnir á kaf í sand. ... Þetta var svolítið hrikalegt sko, ég var svona við öxl og var að hugsa með mér hvar skyldi gosið koma? Þetta var eins og væri að fara að gjósa sko. Ég var svona smá tíma að átta sig á hvað hafði gerst sko, en grjótið hélt áfram svo að hrynja allt í kring sko lengi á eftir.

Í framhaldinu segir hann:

Það hefði verið flott ef það hefði verið hópur af ferðamönnum hérna, þeir hefðu fengið að upplifa þetta. Maður fær ekki svona ásýnd á hverjum degi sko. Það er svona tignarleiki í þessu. Það má alltaf búast við hverju sem er hérna.

8.1.5 Hálsar

Svæði á Reykjanesskaga sem viðmælendur töluðu sérstaklega um að upplifa náttúruna sem lifandi eru hálsarnir tveir Sveifluháls og Núpshlíðarháls, stundum nefndir Móhálsar; Austurháls og Vesturháls, og svo svæðið á milli þeirra sem gengur undir nafninu Móhálsadalur.

Í kringum hálsana, ég veit að þar er allt skjálfandi, þá er það bara þessi tilfinning að vera að labba í umhverfi sem maður veit að er alltaf á hreyfingu. ... Það var einhvern tíma jarðfræðingur sem sagði mér það að þetta svæði þarna - fyrir ofan Seltún og við Ketilstíginn, við Arnarvatnið og þar, að þetta er eins og magi. Gengur upp og niður, bara svona reglulega. Þú veist, á svona jarðfræðilegan mælikvarða, þá er þetta bara eins og maður að anda. Hann fari kannski aðeins hægar heldur en menn, mér finnst það alveg magnað sko.

Viðmælendur nefndu að þetta væri vinsælt útivistarsvæði, og sjálf höfðu þau flest gengið þarna um, sumir þeirra mjög reglulega. Einn þeirra sagði:

Sveifluhálsinn hefur verið í uppáhaldi hjá mér, þetta er náttúrulega stórbrotin náttúra. Þarna uppi á hálsinum þá ertu bara kominn inn í eitthvað svona hálendislandslag eins og þú sért bara komin vestur undir Vatnajökul eða eitthvað. ... Og þessar móbergsmýndanir, þetta veðursorfná móberg þetta er allt svo tröllslegt og maður upplifir bara svona smæð sína í þessari náttúru. Og að upplifa svona öræfakýrrð, svona stutt frá byggð, bæði þarna og eins upp í Brennisteinsfjöllum, þar sem þú sérð engin ummerki eftir manninn, það eru engin mannvirki þarna. Þetta er bara svona ósnortið víðerni sko, það eru engar línur eða vegir eða neitt.

Þarna líkir viðmælandinn landslaginu við hálendið bæði til að lýsa landslaginu og undirstrika þau áhrif sem hann verður fyrir. Hálsarnir eru gerðir úr móbergi sem setur mikinn svip á allt umhverfið og upplifun af því. Litir og form móbergsins ljá því dulúðugan blæ eins og fram kemur í þessum orðum:

Fórum einu sinni ... lentum í svartapöku uppi á hálsinum. Svo tveimur árum seinna var fólk ennþá að tala um þessa ferð. Það upplifði hálsinn, sko allar þessar kynjamyndir í móberginu. Ég var að segja þeim draugasögur og, þú veist, maður bara upplifir þetta einhvern veginn svo sterkt, þessi hughrif.

Eins og sjá má á þessari lýsingu hefur veður áhrif á hvernig þetta landslag er upplifað. Þókan gefur formum landslagsins dulúðugan blæ, en í björtu veðri skapa litir móbergsins og form önnur hughrif:

Það er svo flott að labba Sveifluhálsinn því hann er tvískiptur, þú ert alltaf inni í dal, labbar ekki á tindunum, ferð bara hér inn fyrir, það heitir Fólaldadalir. ... Það er mjög flott landslag hérna, þú færð ekki fallegri myndir, ef það er bjart sko þá færðu eiginlega ekki flottari myndir af svona fjallalandslagi. ... Þetta er mjög skemmtileg leið ... ef það

er fallegt veður þá er mjög svona flott litadýrð. Annars er Sveifluhálsinn mjög vinsæll hjá svona göngufólki. Flestir eru að klöngrast á toppunum. Það er miklu fallegra að ganga dalina, þá ertu með útsýnið sko upp fjöllin, upp eftir hlíðunum, sko miklu fallflottara, eða myndrænna ef þú vilt taka myndir sko.

8.1.6 Hverir

Önnur birtingarmynd á þeim krafti sem viðmælendur skynja að býr í náttúru Reykjanesskaga eru hverasvæðin. Í orðum þeirra kom fram að hverirnir eru heillandi, þá sérstaklega litadýrðin sem fylgir þeim:

Það er náttúrulega ofboðslega fallegir litir alls staðar þar sem eru hverasvæði. Þar eru þessir margbreytilegu, brúnu, hvítu og gulu litir. Og bláu jafnvel. Og síðan auðvitað bara sérðu og finnur alla orkuna sem er þarna. Það er náttúrulega orka í öllum þessum svæðum. Enda er það það sem á að fara að nota, en auðvitað hérna gerir maður sér grein fyrir því. Hún er þarna. Og mér finnst þetta bara svona svolítið einstök svæði mörg hver. Eins og Krýsuvíkursvæðið og eins þarna út á Reykjanesi við Gunnuhver og þar, það er alveg ofboðslega fallegt hverasvæði.

Annar viðmælandi nefndi Austurengjahver í þessu samhengi, á meðan sá þriðji talaði sérstaklega um Sogin:

Það er gamalt háhitasvæði. Það er svona kulnað... en litirnir gefa til kynna hvernig svæði þetta hefur verið. Þetta er svona svipað og að koma í Landmannalaugar. ... Sérstaklega eftir rigningu, ef það er sól, það er búið að rigna, og síðan kemur sól, þá verða litirnir svo skarpir.

Þarna má sjá hvernig viðmælandi ímyndar sér breytingar sem hafa orðið á svæðinu. Breytingar virtust einnig vera það sem vakti sérstakan áhuga viðmælenda á hverasvæðunum. Sumir töluðu um að fylgjast með breytingum sem verða, t.d. í kjölfar jarðskjálfta:

Ég hef ekki labbað ennþá hringinn kringum Kleifarvatn, en ég hef alltaf farið þangað með reglulegu millibili bæði til að finna jarðskjálfta þegar er svoleiðis, og eins bara til að fylgjast með þessu hverasvæði sem kom nú upp hérna við vatnið og sjá þar sem vatnið fossaði niður í sprunguna hérna á tunganum.

8.2 Menningarsaga

Þótt náttúrusaga Reykjanesskagans leiki lykilhlutverk í upplifun fólks af svæðinu þá var ljóst að með henni var bara hálf sagan sögð.

Þú getur eiginlega ekki farið neins staðar um þar sem ekki eru minjar.

Menningarsaga Reykjanesskagans skiptir ekki síður máli til að skilja þau gildi sem landslagið hefur að geyma. Þær fjölmörgu þjóðleiðir sem tengja hina ólíku staði, minjarnar sem geyma

búsetusögu fyrri tíma, og landbúnaðarhefðir sem enn er viðhaldið, gera söguna sýnilega í landslaginu.

8.2.1 Þjóðleiðir

Á Reykjanesskaga liggja ýmsar þjóðleiðir sem til forna hafa tengt búsetu- og athafnasvæði þeirra sem þar bjuggu. Flestir viðmælendur nefndu einhverja þessara leiða í lýsingum sínum á landslaginu. Í hugum þeirra eru þjóðleiðirnar vitnisburður um líf forfeðra og –mæðra:

Ég meina við eigum öll afa og ömmur og langafa og langömmur. Þegar þú labbar þessa gömlu stíga og sérð alveg hérna að það er komið far í klappirnar eftir marga fætur, og bara veltir fyrir þér hvernig var að vera á ferðinni á þessum tíma. Það er nefnilega ekkert langt síðan, þetta eru bara hundrað ár eða eitthvað.

Tilvist þjóðleiðanna hefur þannig ákveðið fræðslugildi. Aðspurð hvort það væri ekki nóg að lesa sér til um söguna sagði þessi sami viðmælandi:

Munurinn er eiginlega svolítið svona eins og að lesa bók eða fara í bíó, nema hann er reyndar miklu meiri. Þú ert þarna. Þú sérð þetta allt saman á staðnum.

Annar viðmælandi tók í sama streng:

Þá ertu bara í sögunni ... þarft að skoða þetta, sjá hvort þú finnur það, sjá þetta ... þá er maður að lesa í landið.

Þjóðleiðirnar hafa líka ákveðið útivistargildi því þær leiða útivistarfólk um skagann þveran og endilangan. Bæði veita þær ferðalöngum öryggi í umhverfi sem erfitt er að fóta sig í og auðvelt að villast, og auðvelda þannig för um torfært landslag og skapa með því rými til að njóta útsýnisins. Þannig hefur hlutverk þeirra breyst í tímans rás, eins og lesa má úr orðum þessa viðmælanda:

Þær eru lagðar eiginlega bara út frá nytsemissjónarmiðum. Þær voru lagðar þar sem var þægilegt að leggja þær. Og þannig urðu þær til. Og svo eru þær á svo mörgum stöðum þar sem er svona fallegt landslag. Fallegt útsýni. Þannig að það er eiginlega bara seinni kynslóðir sem fara eitthvað að upplifa það.

Það er ekki bara form þeirra og lega í landinu sem kallar fram upplifun af fegurð, heldur einnig tilhugsunin um tímann sem í þeim leynist:

Það eru víða svo fallegar göngu-, þessar gömlu þjóðleiðir eru svo fallegar í hrauninu. Bæði svo vel varðaðar og svo er bara oft sem það er búið að vera að taka stein úr götu svo lengi, bara mjög fallegar sko.

Tíminn sem býr í þjóðleiðunum veitir jafnframt sögulega dýpt sem eykur við upplifunina.

Þegar maður veltir fyrir sér líka sögunni og labbar gegnum þessi hraun og veltir fyrir sér, hvernig var í gamla daga þegar hérna fólkið þurfti að labba þetta alltaf hreint og einmitt tilganginum með vörðum til dæmis.

Hluti þjóðleiðanna er einmitt markaður vörðum sem auk þess að stuðla að varðveislu þjóðleiðanna hafa gildi í sjálfum sér sem minjar um líf fyrri tíma. Þessi sami viðmælandi talaði um mikilvægi þess að vernda vörðurnar í samhengi sínu við sögu og þjóðleiðir, m.a. með því að koma í veg fyrir að nýjar vörður væru reistar.

Hvernig þær voru notaðar í gamla daga. Þegar fólk, skildi eftir skilaboð inni í vörðunum. Stakk þeim í svona sauðarlegg og inn í vörðurnar, þannig að næsti maður fengi skilaboð, eða einhver sem kæmi. Þannig að mér finnst að vörðurnar eigi að vera og það á að halda þeim við finnst mér. Á þessum gömlu þjóðleiðum ... Þar eiga vörðurnar að vera.

Fleiri töluðu um mikilvægi þess að vernda þjóðleiðirnar ekki einungis fyrir manninum heldur einnig t.d. fyrir gróðri:

Lúpínan hún vex náttúrulega alls staðar og henni er alveg sama um einhverjar gamlar þjóðleiðir sko og Stapagatan, sem er milli Keflavíkur og Voga ... lúpínan er svo falleg á þessari leið og alveg breiðurnar. En það þarf að bjarga því að hún skemmi ekki götuna, svo hún hverfi ekki því að fólk labbar það ekki nema hún sjáist.

Varðveisla þjóðleiðanna beinist ekki aðeins að efnislegri birtingarmynd þeirra, heldur einnig þeim sögum sem þeim tengjast og hafa varðveist til okkar daga. Um þetta sagði einn viðmælandi:

Það er rosamikið af gömlum leiðum og það er líka svo gaman það er til svo mikið af heimildum um ýmislegt sem gerðist á þessum gömlu leiðum. Þannig að, það er svo mikilvægt að geyma og koma til skila sko á svona skiltum eða í einhverju.

8.2.2 Minjar og hefðir

Mikið er af minjum um allan Reykjanesskagann sem geyma sögu búsetu og athafna, hvort sem er við sjávarsíðuna þar sem finna má leifar af sjósókn fyrri tíma, inn til lands þar sem sjá má merki um forna búskaparhætti, eða nýrri minjar sem tengjast þéttbýlismyndun og hersetu. Á því svæði sem hér er til umræðu eru það einkum minjar um seljabúskap sem eru í forgrunni, til viðbótar við þjóðleiðirnar. Minjarnar eru m.a. í formi selja, t.d. Sogasel, Rauðhólasel, Oddafellssel, Seltún og Hraunsel. Flest þessara selja eru í kringum Núpshlíðarháls sem skýrist af því að beggja vegna hálsins eru vellir sem nýttir voru til beitar, svo sem Vigdísarvellir, Höskuldarvellir, Seljavellir, Lækjarvellir. Einnig eru örnefni sem augljóslega tengjast fjárbúskap, t.d. Lambafell, Hrútagjá, Smalagjá, til vitnis um þessa sömu sögu.

Í viðtölunum kom fram að bæði örnefnin og selin kveikja áhuga á fortíðinni. Tveir viðmælenda töluðu um að hafa markvisst leitað uppi sel og aðrar minjar.

Aðspurður hvað það er sem heillar við selin svaraði annar þeirra:

Bara sagan, þetta eru bara leifarnar af sögunni sem gerir hana sýnilega.

Einn viðmælenda fór með okkur að Sogaselum, sem staðsett eru í gíg við Sogin. Þar sýndi hann okkur tóftir sem augljóslega eru frá mismunandi tímum:

Þetta eru sennilega leifar af eldra seli, það hefur sennilega verið hérna undir, þú sérð hérna sko fyrst hérna sko, eitt, tvö og þrjú, svo hefur verið byggt ofan á það. ... já þetta er sko eldra, svo er stekkur hérna.

Hann sagði líka sögur af þeim heimi sem hann sá fyrir sér að einu sinni hefði verið:

Svo voru þessi sel oft í þjóðleiðum, þannig að það var gestkvæmt í selinu, yfirleitt bara seljan og smalinn, svo komu þær stundum óléttar úr selunum, þá var kennt um sko útilegumenn hafi komist til þeirra...það var góð og gild skýring, en húsbóndinn á heimilinu kom alltaf þrisvar í viku upp í selin og sótti sko afurðirnar og kom með kost.

Þessar minjar gera fólki kleift að ímynda sér atburði og athafnir fyrri tíma, og púsla saman tengingum á milli fólks og staða:

Þetta heitir Smalagjá, smalarnir sem komu frá Grindavík og Hafnarfirði þeir hittust hérna og lögðu af stað svo í sitthvora áttina héðan þegar þeir byrjuðu að smala á haustin. Þetta er skjól og gott að bíða.

Saga búskaparhátta nær allt frá landnámi fram til okkar daga. Þótt notkun seljanna hafi lagst af fyrir margt löngu þá er svæðið ennþá nýtt til beitar fyrir sauðfé frístundabænda í Grindavík. Þar með er tengslum við bændamenningu fyrri tíma viðhaldið. Einn viðmælenda okkar er úr þessum hópi. Hann sagði:

Það er náttúrulega enginn bóndi hér í dag sem lifir af þessu ... þetta hefur svona færst úr því að vera lífsviðurværi yfir í að vera bara svona hobbý. ... Pabbi minn var með kindur og afi minn var með kindur í sama fjárhúsinu, svona kynslóð fram af kynslóð. ... Þetta var nú kannski allt öðruvísi hérna í kringum 1900 og 1920. Þá snerist þetta bara um að lifa af. Ef það kom lélegt heyskaparsumar, að þá var bara skorið niður að hausti eftir því hvað það hafði mikil hey. Þá gastu ekkert haft fleiri rollur heldur en heyin leyfðu sko. Þá voru þessir gömlu bændur að fara oft hérna alveg hérna inn á, inn fyrir Fagradalsfjall, inn í selin bara til að slá. Svo var þetta bara borið heim á hestum.

Af þessum orðum má sjá hvernig þessi einstaklingur tengist forfeðrum sínum í gegnum varðveislu þessarar hefðar.

Á svæðinu sem hér er til umfjöllunar er beitarhólf Grindvíkinga og annarra Suðurnesjamanna sem eiga þar upprekstrarrétt. Beitarhólfið er afmarkað innan girðingar. Sauðfé gengur þar laust yfir sumarið og er smalað að hausti:

Svo er féð smalað að hausti, ægileg stemmning. Svo er féð geymt inni á milli hálsa, í svona sérstöku safnhólfi yfir nótt. Svo er það bara rekið niður inn á gamla veginn, og alveg niður í Þórkötlustaðarétt.

Það eru ekki einungis frístundabændur sem koma að því að viðhalda þessari menningararfleifð. Réttir að hausti hafa mikið aðdráttarafl, svo mikið reyndar að oft er fleira fólk en kindur, ef marka má orð þessa viðmælanda:

Þetta er bara að sækjast í þessa upplifun, að fara í þessar ferðir og reka til réttar. Það er gríðarlega mikið af fólki sem kemur í réttina. ... En ég held að, mjög fljótlega eftir fyrsta kortérið þá er orðið miklu fleira af fólki í almenningnum heldur en fé.

9 Upplifun gesta á ferð um svæðið

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður sem byggja á greiningu viðtala við gesti eftir gönguferð okkar um svæðið. Einnig byggja niðurstöðurnar á þátttökuathugunum sem gerðar voru í ferðinni. Niðurstöður eru hér settar fram í formi ferðasögu, þar sem við rekjum okkur áfram eftir leiðinni sem við fórum, en stöldrum við þá staði og fyrirbæri sem helst bar á góma í viðtölunum. Kaflinn er þrískiptur eins og leiðin sem við gengum, fyrsta hluta leiðarinnar gengum við yfir Núpshlíðarháls og Móhalsadal. Í öðrum hluta leiðarinnar gengum við eftir Sveifluhálsi og enduðum í Seltúni í Krýsuvík. Þriðji hluti leiðarinnar lá um Austurengjar að Hverahlíð við Kleifarvatn.

9.1 Fyrsti leggur - Núpshlíðarháls og Móhalsadalur

Beygt var út af Reykjanesbraut við afleggjara að Keili og ekið eftir grýttum slóða í gegnum Afstapahraun. Hópurinn veitti úfnu og gróðursnauðu hrauninu athygli og þá var sérstaklega tekið eftir því hversu margir slóðar lágu þar um á köflum og haugur af svörtum ruslapokum vakti sterk viðbrögð hjá sumum. Ekið var í dágóða stund eftir slóðanum, framhjá Keili, þar til komið er að þeim stað þar sem fagurgrænir Höskuldarvellir opnast í miðri hraunbreiðunni á hægri hönd. Á vinstri hönd blasti við móbergsfjallið Trölladyngja og var ekið meðfram rótum hennar þar til komið var að bílastæði rétt innan við Höskuldarvelli, en þar hófst sjálf gönguferðin. Rútubílstjórinn treysti sér ekki síðasta spölin eftir grýttum slóðanum í gegnum hraunið, enda hafði honum ekkert verið viðhaldið síðan í byrjun aldarinnar, þegar tvær tilraunaborholur voru settar niður við rætur þeirra systra Grænudyngju og Trölladyngju. Hópurinn gekk því síðasta hluta vegslóðans, upp á við í átt að Núpshlíðarhálsi. Með hækkuninni í landslaginu opnaðist smátt og smátt fyrir útsýni yfir Reykjanesskagann, Oddafell, Keili og Keilisbörn. Þegar upp brekkuna var komið mátti sjá inn í stóran sprengigíg en á milli gígsins og vegarins rennur lækurinn Sogalækur. Gígurinn ber ýmist nafnið Sogaselsgígur eða Sogagígur og dregur þannig nafngiftina bæði af hverasvæðinu Sog í jaðri Grænudyngju og af seljum sem reist voru í gígnum fyrr á öldum.

Við gengum inn í gíginn þar sem sjá mátti tóftir þriggja selja, en við höfðum ákveðið að beina hópnum þangað í upphafi göngunnar. Fólk hafði á orði hversu fagurlega myndaður gígurinn væri og hversu hentug staðsetning seljanna væri, með tilliti til skjólsins sem gígarmurinn myndar og lækjarins sem þar rennur framhjá. Einhverjir leiddu hugann að búskaparháttum fyrri tíma og nokkrar umræður spunnust um hvaðan fólk hefði komið með búfénað á þennan stað og hvers vegna það hefði komið þangað. Í viðtali eftir ferðina, þegar einn þátttakenda rifjaði upp þessa stund, sagði hann þetta:

Mér fannst bara fallegt þessi græni lundur og þessi svona umlykjandi, sko gígurinn hvernig hann hélt utan um okkur. Svona, eða hefur haldið utan um, þarna þessa fyrri tíð. Þetta skjól sem hann veitti frá norðan áttinni. Gígarmarnir svona, já. Mér fannst það

svona notaleg tilfinning. Að það hafi verið notalegt, þrátt fyrir þetta basl í forfeðrum okkar.

Aftur var gengið yfir gráan og leirugan Sogalækinn, yfir vegslóðann og þaðan áfram eftir kindastígum inn í gróið hraun þar sem við komum að röð gervígíga sem ekki blasa við fyrr en að þeim er komið. Hópurinn tvístraðist þar sem forvitnin rak suma áfram til að skoða gígana frá ýmsum sjónarhornum, aðrir skoðuðu kort og reyndu að átta sig á jarðfræði þessa staðar. Sumir tóku líka myndir. Í viðtali síðar talaði einn þátttakenda um að hafa fundið fyrir óöryggi standandi á einum gígbarminum, þar sem hún velti fyrir sér þykkt hraunsins undir fótum sínum.

Þegar gengið var frá gígnum blasti við stórt malarplan við enda vegslóðans þar sem sjá mátti rörin yfir borholunni á miðju planinu. Þetta skyndilega uppbrot í landslaginu vakti misjöfn viðbrögð. Einn viðmælenda talaði síðar meir um að hafa orðið mjög hissa, þar sem hún vissi ekki af þessum borholum við Trölladyngju. Sumir sögðust hins vegar varla hafa tekið eftir planinu á meðan aðrir töluðu um að hafa orðið pirraðir við tilhugsunina um virkjanir á þessum slóðum.

Frá borholuplaninu gengum við að litlum hver sem lúrir í rótum Núpshlíðarháls, og þaðan beint upp á hálsinn. Þegar komið var upp á hálsinn blasti við útsýni til norðvesturs yfir Reykjanesskagann og Faxaflóann. Hópurinn staldraði við og kastaði mæðinni og vakti útsýnið nokkra umræðu. Það að geta séð vítt til allra átta kallaði fram hughrif sem sumir tengdu við frelsi, rétt eins og þau væru ein í sínum heimi. Sýnin yfir Spákonuvatn vakti nokkra undrun, það að sjá lítið stöðuvatn uppi á hálsi, á miðjum Reykjanesskaganum kom sumum mjög á óvart. Margir tóku myndir og dáðust að fegurð vatnsins, á meðan þeir veltu fyrir sér nafni þess. Sýnin á Keili vakti hins vegar upp minningar hjá nokkrum sem höfðu gengið á fjallið áður. Sérstaklega virtist fólki vera minnisstætt að hafa lent í alls kyns hremmingum við Keili; villst í þoku, gengið eftir vitlausum stíg og fleira í þeim dúr. Tilfinningin fyrir hættu í landslaginu virtist þannig jafnframt vera undirliggjandi í huga gönguhópsins.

Eftir að hafa kastað mæðinni var förin haldið áfram, en þó ekki langt, því eftir stuttan spöl opnaðist útsýnið til suðausturs, yfir Sogin. Sogin eru lítill dalur sem skilur Trölladyngju og Grænudyngju frá Núpshlíðarhálsi. Þessi þverdalur hefur myndast vegna háhita sem þar er að finna undir. Nafnið gefur til kynna hvernig framburður ummyndaðs bergsins og vatnsósa jarðvegurinn sogaðist fram til vesturs og myndaði Höskuldarvelli fyrir neðan. Hópurinn staðnæmdest og þagnaði, er hann virti fyrir sér litina og formin sem blöstu við fyrir neðan þau. Flestir voru að koma þarna í fyrsta skipti og voru óviðbúnir litadýrðinni. Nokkrir úr hópnum höfðu fram að þessu haft myndavélina á lofti og hófu nú að mynda útsýnið í gríð og erg. Aðrir veiddu myndavélar og síma upp úr pokum sínum, og vildu sumir jafnvel fá myndir af sjálfum sér með útsýnið yfir Sogin í baksýn. Í viðtali síðar sagði einn viðmælenda þetta:

Mér fannst þarna Sogin, mér fannst þau eiginlega, svona, athyglisverðust. Svona eiginlega flottust. Mér finnst bara svo falleg sko litadýrðin þar, mér fannst þetta svona svolítið eins og í Landmannalaugum, það er náttúrulega alveg bara eins og listaverk sko ... fékk það á tilfinninguna að þetta væri ekkert ósvipað sko. Sko það var svona eiginlega held ég fallegasti staðurinn á leiðinni.

Við gengum í röð eftir stíg sem lá við brúnina fyrir ofan Sogin. Ferðin sóttist hægt þar sem nýtt og nýtt sjónarhorn fangaði athyglina og sem fólk vildi festa í hug sér eða á mynd. Við tókum þá ákvörðun að borða nestið okkar í skjóli með útsýni yfir efsta hluta Soganna. Þarna var útsýnið ekki lengur yfir Sogin, heldur horfðum við inn í þau, frá hlið, blágrænleit og mjúk formin sem þar voru. Við höldum förinni áfram niður og meðfram Sogagilinu. Eftir því sem við komumst nær leirnum og litunum varð forvitnin sterkari. Fólk fann hjá sér þörf til að skoða formin og litina í návígi, komast í snertingu við yfirborðið til að geta skorið úr um hvort þetta væri mjúkur leir eða hörð klöpp. Þrír úr hópnum fundu sér leið yfir grasi vaxna gilbarmana og niður í botn gilsins, þar sem Sogalækur á upptök sín. Einn þeirra sagði síðar í viðtali um þennan stað:

Þannig að þetta var svona mjög sérstakt sko. Og mikil litadýrð í landslaginu þarna, enda tók ég mikið af myndum sko. Þannig að þetta var svona, í þessari ferð var raunverulega þetta svæði, Sogið, sem mér fannst svona áhugaverðast sko. Og til þess að upplifa þetta þarftu að fara niður í gilið. ... Sást þetta nálægt þér sko. Nærmynd. Þú sást þetta allt í smáatriðum sko.

Tilvist Soganna kom mörgum á óvart og örnefnið vakti upp ímynd þess hvernig gilið hefði myndast, eins og kemur fram hér:

Ja, mér fannst mjög gaman að koma þarna í Sogin. Eins og ég segi ég hef aldrei komið þangað og það kom mér svolítið mikið á óvart ... þetta kom svona svolítið óforverað. Það var bara eiginlega ekkert ... á leiðinni þarna upp, sem gaf tilefni til að maður byggist við þessu. Uu, mér fannst svolítið áhugaverð þessi skýring á nafninu...mér fannst hún svona, mjög gaman að fá svona skýringar og það er oft þannig að svona nöfn sko, þau eru bara augljós þegar manni er sagt það, eins og með svo marga hluti og það náttúrulega sko, á svona stöðum er þessi mikla litadýrð sem að er svo heillandi. - Og bara, náttúrulega finnur svo mikið fyrir hvað, móðir náttúra er öflug. Það er einhver kraftur frá svona stöðum. Alveg sérstaklega mikill.

Eftir nokkra stund höldum við leiðinni áfram, yfir hálsinn og niður að Lækjarvöllum. Á leiðinni opnaðist útsýni yfir Djúpavatn. Sú sýn kom ekki síður á óvart en sýnin yfir Spákonuvatn. Bæði var það vegna þessarar hugmyndar um að á Reykjanesskaganum sé lítið sem ekkert vatn að finna, en líka vegna þeirra breytinga sem verða þarna í landslaginu. Gangan í gegnum Sogin hafði minnt marga á hrjóstrugt landslag á hálendinu en hér blasti skyndilega við andstæða þess; grænir vellir, bugðóttur lækur, stöðuvatn og lítill veiðikofi. Einn þátttakenda lýsti þessu svo:

Við vorum búin að vera í svo tiltölulega miklu gróðurleysi. Svo allt í einu kemur maður á græna bala og lítill lækur sem að líður fram og, - það fannst mér svo mikill kontrast við það sem maður var búinn að sjá. Svona lítil vin í eyðimörkinni.

Þessar andstæður í litum og formum leiddu hugann að því hversu náttúran getur verið fjölbreytt og skapað gjörólík hughrif, og sérkennilegt bugðótt form lækjarins skapaði forvitni í hugum sumra um jarðfræði staðarins.

Upphafleg ferðaáætlun gerði ráð fyrir að rútan myndi sækja okkur við Lækjarvelli og selflytja okkur að Hofmannafli undir Sveifluhálsi. Þau áform gengu ekki eftir heldur sótti rútan okkur síðar á leiðinni. Hópurinn gekk því eftir Vigdísarvallavegi, sem liggur þvert í gegnum hraunið

í Móhálsadal. Gangan eftir malarveginum breytti upplifun sumra af landslaginu, og í viðtali síðar meir talaði einn þátttakenda um að verða úrill við að ganga eftir akvegi. Í hennar huga var sem vegurinn minnti á tilvist mannsins og áhrif hans á náttúruna. Ekki bætti úr skák þegar í ljós komu hringlaga spólför í mól utan vegarins. Annar þátttakenda hafði um það að segja:

Ég varð bara sorgmædd ... það er eins og það sé stungið aðeins í hjartað á mér, þegar ég sé svona algjörlega óþörf, hrafnaspörk einhvers staðar.

Umræða um hjólför eftir vélknúin ökutæki leiddi í ljós að hvar þau liggja og hvernig þau eru tilkomin skiptir máli. Þannig sagði þessi sami þátttakandi í framhaldinu:

Þú veist, það pirrar mig ekkert rosalega þó ég sjái að það hafi verið keyrt einhverja leið á torfæruhjóli einhvers staðar upp einhvern hrygg eða eitthvað. En þar sem er búið að spóla svona hring eftir hring eftir hring, það svona ... Já, þá finn ég svona til með landinu okkar. Mér finnst það vont. Mér finnst vont að sjá það sko. - Einhvern veginn þetta tilgangsleysi. Ég skil alveg að það er farið á fjórhjólum að reka kindur einhvers staðar og það koma mögulega för af því að bændurnir eru að nýta landið sitt til þess að smala. Geta alveg komið hjólför eftir fjórhjól. En ef það er í einhverjum sérstökum tilgangi, þá hef ég meira umburðarlyndi fyrir því, heldur en þegar það er algjört tilgangsleysi.

Fyrir utan veginn og hjólförin voru það helst hraunið og þykkur mosinn sem yfir því liggur sem vöktu athygli þátttakenda. Á meðan við biðum eftir rútunni lagðist einn þeirra í mjúkan mosann og hvíldist.

Rútan sótti okkur svo þar sem Vigdísarvallavegur mætir Ketilstíg og þaðan var hópnum ekið stuttan spöl eftir veginum undir Sveifluhálsi að Hofmannaflöt. Þar hófst annar leggur ferðarinnar.

9.2 Annar leggur - Sveifluháls og Seltún

Hofmannaflöt er eitt af þeim sléttu graslendum sem finna má við hálsana á Reykjanesskaganum. Þaðan gengum við upp eftir litlu gili upp á sjálfan Sveifluhálsinn. Einn viðmælenda talaði um hvað það hefði verið gaman að ganga upp eftir gilin, bæði vegna þeirrar upplifunar að finnast landið halda utan um mann, en einnig vegna þess að í giljum eru berglögin sýnileg og gefa innsýn í mótun landsins.

Þegar komið var upp á hálsinn blasti hraunbreiða Móhálsadalsins við. Bæði vakti sú sýn upp hugleiðingar og umræðu um jarðfræði svæðisins, en einnig um það manngerða, þar sem þarna urðu hjólför og stígar í gegnum hraunið mun sýnilegri. Þegar hópurinn hafði kastað mæðinni tók við ganga eftir dölum Sveifluhálsins.

Sveifluhálsinn samanstendur af tveimur móbergshryggjum sem liggja samsíða þannig að á milli þeirra er að finna dalverpi, sem eru eitt helsta einkenni hálsins ásamt móbergsklettunum. Þessir dalir og klettur eru uppspretta mikils fjölbreytileika í formum og áferð. Vakti þessi fjölbreytileiki nokkra undrun og forvitni meðal margra þátttakenda, sem veltu fyrir sér tilurð þessa landslags, eins og kom í ljós á tali þeirra síðar í viðtölunum.

Fyrsti dalurinn sem hópurinn gekk eftir einkenndist af undirlagi þar sem móbergsklöpp var þakin mól að hluta, sem gerði það að verkum að erfitt var að fóta sig. Framundan og á vinstri hönd blasir Hádegishnúkur við. Þarna var enginn stígur sjáanlegur og hópurinn tvístraðist þó nokkuð. Athyglin hér fór sumpart í að fóta sig á þessu skrikula undirlagi, en beindist einnig að myndunum sem blöstu við í berginu allt um kring, litunum og andrúmsloftinu sem þetta umhverfi skapaði:

Ofsalega miklar svona myndir í berginu. Mjög sérstakt sko. Það var líka rosalega flott. Náttúrulega allt aðrir litir. Það var meira svona þetta svarta dökka svona. En, en flott form sko. Þannig að það var mjög sérstakt. ...það var meira svona, maður upplifði svona meiri - auðn. Þetta var ekki svona gróðursælt eins og hitt sko, þannig að það var svona kannski svolítið harðara allt sko. En samt svona glæsilegt, í forminu. Svona eins og skúlptúrar. Svolítið þannig. Já. Maður gat séð svona alls konar kynjamyndir út úr þessu og svoleiðis.

Annar viðmælandi sagði:

Já, mér fannst þessi auðn, þarna dálítið, mér finnst hún svolítið falleg. Og fjöllin sem eru þarna, eða sem sagt, egginn, hún er ofsalega falleg. Hún er ofsalega falleg. ... Þær[eggjarnar] eru, sko mér finnst þær mjög magnaðar. Þær eru rosalega fallegar, sko þarna er maður svolítið í návígi við þær. En mér finnst þær fallegar alveg sama hvaðan maður horfir á.

Formin í móberginu voru þannig uppspretta tilfinningar fyrir fegurð. En auðnin í umhverfinu vakti jafnframt upp önnur hughrif:

Mér fannst svolítið gaman með Sveifluhálsinn þegar við vorum að ganga hann að allt, mér fannst svona á tímabili eins og maður væri bara svona á tunglinu.

Fleiri orðuðu upplifun sína með þessari samlíkingu við tunglið og aðspurð hvað fælist í þeirri upplifun sagði annar viðmælandi:

Það er í einhverju svona umhverfi sem þú hefur eiginlega aldrei komið í. Svona, gróðurlítið og sérkennilegt. Ég held að hún [tilfinningin] sé góð ef þér líður vel og, ert í góðu veðri og, með góðu fólki en hún getur örugglega verið hryllileg, ef þú ert í snarvitlausu veðri, eða villtur í þoku eða, - það fer eiginlega allt eftir aðstæðum.

Segja má að þarna birtist tengslin á milli tilfinningar fyrir því óvænta og því ógnvænlega. Í góðu veðri má njóta þess að búast sífellt við einhverju óvæntu en í öðrum aðstæðum myndi það skapa ógn.

Annar viðmælandi líkti landslagi Sveifluhálsins við Möðrudalsöræfin. Sá viðmælandi var ættaður frá Vopnafirði og talaði hún um að finna fyrir tengingu við kunnuglegt landslag. Í ferðinni rifjuðust upp minningar frá heimahögunum sem vöktu svipaðar tilfinningar og hún fann fyrir þarna.

Ég á margar minningar af Möðrudals- og Mývatnsöræfunum þar sem ég er bara ein í bíl. Þegar ég var að keyra og stundum vorum við ekkert í símsambandi, og þá var ég bara ein, einhvern veginn þið vitið, svona úti í tóminu sko. Og af því að við erum að tala

um hvað náttúran getur verið öflug, og þá var þetta bara partur af henni, að fólk hefur orðið úti þarna. Og þá er þetta svona þó ég hafi ekkert verið á leiðinni að verða úti á Sveifluhálsi, með ykkur með mér, að þá kom svona pæling sko.

Einn úr hópi viðmælenda talaði hins vegar um að hafa fundist líflaust grjótið á Sveifluhálsinum vera ömurlegt.

Landslagið í næsta dal var nokkuð frábrugðið og vakti upp önnur hughrif. Þarna einkenndist undirlagið af þykku lagi af sandi og möl, sem gerði fyrri umferð manna sýnilega. Djúp för eftir gönguhópa og krosshjól lágu víða um breiðan dalinn. Einn þátttakenda rifjaði upplifun sína upp með þessum orðum:

Það kom mér á óvart að sjá þessa litlu dali opnast. Og þetta móberg einhvern veginn, þú hefur á tilfinningunni að þú getir svona skafið af því, það er svo mjúkt í sér. Mér fannst það mjög hérna, falleg sjón líka. Þó það væru ekki sömu litirnir [í samanburði við Sogin]. En svo truflaði mig þessi för, þessi hjólför svona út og suður. Af því manni datt ekki í hug að það væri verið að fara þarna upp á hjólum.

Segja má að hið óvænta hafi á vissan hátt einkennt gönguleiðina um Sveifluhálsinn. Leiðin upp úr þessu dalverpi var brött og sóttist fremur seint vegna þeirra djúpu skorninga sem þar voru. Næsti dalur bauð upp á enn eitt sjónarhornið í þessu margslungna landslagi. Þegar upp var komið blasti við græn mosaspilda á hægri hönd, en á vinstri hönd voru móbergsklappir og klettur. Í botni dalsins var sandur. Það sló þögn á hópinn við þessa sýn. Við settumst niður og tókum upp nesti. Þessi staður kom til tals í viðtölum við alla þátttakendur og einn þeirra nefndi hvernig nestisstoppið hafði gefið honum tækifæri til að virða landslagið fyrir sér í rólegheitum. Ljóst var að þau hughrif sem fólk fann þarna sátu eftir:

Þegar við löbbuðum þarna þar sem við fengum nestið sko. Og gengum þar áfram. Það situr svolítið sterkt eftir sko. Það er svona eitthvað sem að, þó að þar hafi ekki verið mikill gróður og svoléiðis. Samt, er eitthvað við það, sem að svona, situr eftir svona svolítið sterkt. Ég held það séu þessi form í berginu. Svona sérstakt. Já. Mjög sérstök form.

Annar viðmælandi lýsti nánar þessum hughrifum sem formin í berginu sköpuðu, aðspurð hvað það væri sem henni fyndist fallegt við móbergið svaraði hún:

Það er einhver mykt við það. Eins og það sé engin hvöss brún eða, það er allt einhvern veginn svona slípað og, svona formfagurt. Lítill gróður og, en samt eitthvað svo mikið skjól.

Segja má að einkennandi upplifun á þessum stað hafi verið af kyrrð. Í nestisstoppinu fengu þátttakendur tækifæri til að veita umhverfi sínu þá athygli sem það kallaði eftir. Sumir þeirra tóku upp myndavélarnar og tveir færðu sig nær klettunum og tóku myndir af formunum þar. Þessi athygli á umhverfinu, öllu því óvænta sem var að finna á Sveifluhálsi, einkenndi í raun alla gönguna, dal eftir dal, þó það hafi aðeins verið þarna sem tækifæri gafst til að staldra lengur við en annars staðar. Samhliða þessari tilfinningu fyrir því óvænta, virtust þátttakendur heilt á litið upplifa náttúru Sveifluhálsins sem ósnortna:

Manni fannst þetta einhvern veginn allt svo ósnortið og einhvern veginn eins og það væri ekkert búið að menga þetta.

Ummæli eins viðmælanda undirstrika þessa tilfinningu, en í nestisstoppinu tók hún eftir eggjaskurn rétt hjá þar sem hópurinn sat:

Það var bara þetta eina eggjaskurn. Ég tók mjög mikið eftir því. Ég hugsaði með mér: Af hverju tekurðu þetta ekki með þér heim maður? Hvað ertu að skilja þetta eftir hérna?

Ef til vill var það þessi tilfinning fyrir því ósnortna sem byggðist upp á göngunni um hrjóstrugan Sveifluhálsinn sem skapaði þessi sterku viðbrögð við öllu sem minnti á mannfólk á leiðinni.

Það voru einhver hjólför þarna og manni fannst það eiginlega eins og bara, að það mengaði aðeins landslagið. Þannig að, væri farið að gera eitthvað, einhver mannvirki eða eitthvað, einhverja hérna, þá fyndist manni vera alveg bara búið að eyðileggja þetta sko. Af því líka maður veit að það er, fólk er farið að sækja svo mikið í svona, ómengið svæði og kyrrðina.

Leið okkar lá inn í síðasta dalinn á þessari gönguleið okkar eftir Sveifluhálsinum. Þessi dalur er nokkuð frábrugðin hinum sem við höfðum farið í gegnum; breiðari og víðari. Undirlagið er þakið þykku sandlagi og möl sem myndar víðáttumikla sléttu. Hópurinn virtist smár í þessu rými, spilaði þar einnig inn í að hópurinn dreifðist fljótlega þegar áfram var gengið. Öll leiðin á Sveifluhálsinum fram að þessu hafði verið ómerkt og eftir missýnilegum troðningum. Þegar við vorum komin áleiðis í þessum dal sáum við glitta í Ketilstíg tilsýndar og stikur sem hann varða. Eða mögulega sáum við áður manneskjurnar tvær sem voru þar á gangi eftir stígnum. Í öllu falli var hópurinn þarna aftur minntur á hið manngerða. Þarna rann upp fyrir okkur að frá upphafi gönguferðar okkar, af bílastæðinu við Trölladyngju, höfðum við ekki séð neitt annað fólk. Nokkrir þátttakenda höfðu orð á þessu síðar í viðtölunum, hvernig andrúmsloftið breyttist akkúrat þarna.

Mér finnst þegar maður kemur svona allt í einu inn á svona að þá missir maður svolítið þessa tengingu við umhverfið, sem maður hafði þarna þegar þetta var allt svona ómerkt og, og engir aðrir nema við. Um leið og maður kemur þarna inn á þennan manngerða stíg, þá einhvern veginn er maður kominn aftur í svolítið svona bara í þessa manngerðu tilfinningu.

Á öðrum stað í viðtalinu lýsti þessi sami viðmælandi nánar þessari tengingu við umhverfið.

Það er bara að vera einhvern veginn í þessu samhengi sko. Þetta er svolítið svona eins og pínulítið svona hugleiðsluástand, sem ég upplifi. Úti í náttúrunni sko. Að vera, tíminn svolítið svona fer bara einhvern veginn. Maður bara fer inn í þetta. Verður svona partur af einhverju. Mér finnst heldur ekki nauðsynlegt að tala mikið á leiðinni. Ég vil helst ekki gera það. Ég er bara þarna. Svona bara að upplifa þessa liti og lyktina og formin og sjálfan sig sem hluta af einhverju samhengi. Það er einhver svona, bæði tenging, jarðtenging og líka kannski einhver svona andleg, í leiðinni.

Þegar komið var að Ketilstígnum steig hópurinn inn á stikaða slóð hans og fylgdi henni eftir. Leiðin lá yfir litla hæð og þegar upp á hana var komið blasti við tærblátt Arnarvatnið og

grösugar brekkurnar á Hatti og Hettu. Þessi umskipti í landslaginu vöktu bæði undrun og ánægju; andstæður gróðurs og gróðurleysis, vatns og mela. Þarna kom landslag Sveifluhálsins þátttakendum í ferðinni enn og aftur á óvart, og sem fyrr þegar vatn varð á vegi okkar, vakti það furðu hópsins yfir að vatn fyndist á þessum slóðum.

Fólk tók upp myndavélarnar og hóf að smella af myndum. Í viðtali talaði einn þátttakenda um þá tilhneigingu að nema staðar við vötn, eins og þar væri ákveðnum áfanga náð. Annar viðmælandi talaði um friðsældina sem hann fyndi fyrir í slíkum aðstæðum. Enn einn viðmælandi minntist á fegurðina:

Það var svona einhver fegurð í þessum vötnum. Þau voru svo stillt. Það var svona einhvern veginn, - já, ég held að það sé svona partur af þessari, svolítið að upplifa þetta eins og myndlist. Litina og þetta er náttúrulega svona líka frumefni, vatnið sko. Eitthvað svona. Vatn er náttúrulega svo heilandi líka. Það er alltaf gott að horfa á vatn.

Hópurinn hélt áfram eftir Ketilstíg framhjá Arnarvatni í átt að Seltúni. Hveralykt var í loftinu, og skapaði hún vissa eftirvæntingu. Sumir veltu fyrir sér hvort hveralyktin kæmi frá Seltúni eða frá litlu hverasvæði sem við sáum rjúka úr á hægri hönd. Tilhugsunin um að koma fljótlega að næsta áfangastað og geta hvílt sig var góð. Þegar hér var komið við sögu hafði hópurinn tvístrast mjög og gekk hver á sínum hraða niður í Seltún. Þegar komið var á brún Sveifluhálsins blasti við útsýni yfir Krýsuvík og Kleifarvatn og stöldrúðu margir við til að njóta þess. Okkur nær í landslaginu birtist hverasvæðið Seltún. Stígurinn breyttist smám saman úr moldarstíg í leirugan jarðveg sem leiddi okkur niður á malbikað bílaplanið. Við planið eru tvö lítil aðstöðuhús fyrir landvörslu og salerni og pallur fyrir framan þau. Fyrir neðan húsin var matsölubíl lagt, en þar var hægt að kaupa sér heitar súpur og drykki. Nokkrum fjölda bíla var lagt á bílastæðinu og sjá mátti fjölda ferðamanna ganga um stígana sem liggja um hverasvæðið. Í gegnum mitt svæðið þar sem hveravirknin er mest er gengið eftir trépöllum. Flestir ferðamanna voru á þeim slóðum en einnig mátti sjá nokkra ganga stærri hringi í kringum svæðið.

Þátttakendur í ferðinni nýttu þetta stopp til að hvílast, settust niður, fengu sér súpu, fóru á salerni og köstuðu mæðinni. Fáir, ef einhverjir, fundu hjá sér löngun til að skoða hverina. Í viðtölunum kom fram að það fólst einhverskonar rof í því að koma inn í þetta manngerða umhverfi. Nokkrir töluðu um að finnast svæðið of ferðamannavætt og aðrir veltu fyrir sér hvort það hefði verið minna truflandi ef súpan hefði verið seld í kofa í svipuðum stíl og aðstöðuhúsin frekar en í skrautlega merktum bíl. Einn viðmælenda orðaði stemmninguna svona:

Þá var fullt af túristum. Þá var maður kominn inn í svona, þessa menningu eða þannig. Kaupa kaffi og setjast niður og, já. Og þá nennti ég ekkert að fara að skoða þarna þessa hver í sko.

Á meðan sumum fannst nóg um alla þessa ferðamannainnviði töluðu aðrir um mikilvægi þess að tryggja öryggi fólks á stöðum sem þessum. Rifjuðu þau upp í þessu samhengi mikla sprengingu sem varð í gamalli borholu í Seltúni árið 1999. Þessi minning gerði kraftinn í hveravirkninni ápreifanlegri. Sumir fóru að borholunni til að skoða hvar sprengingin hafði orðið og veltu fyrir sér í því samhengi hversu hættulegt svæðið, og Ísland allt, gæti verið. Einhverjir veltu fyrir sér hversu mikið stórslys gæti orðið ef slík sprenging yrði á meðan fjöldi

ferðamanna væri á svæðinu. Þegar fólk hafði hvílst nægilega og safnast aftur saman í rútuna var lagt upp í þriðja legg ferðarinnar.

9.3 Þriðji leggur - Austurengjar

Rútan keyrði okkur stuttan spöl að Grænavatni, þaðan sem leið okkar lá yfir Austurengjar niður að Hverahlíð við Kleifarvatn. Rútunni var lagt á stæði suðvestan við Grænavatn og eftir stutt stopp við vatnið gengum við sem leið lá meðfram vatninu til austurs. Grænn litur vatnsins vakti verðskuldaða athygli, einhverjir veltu fyrir sér jarðfræði svæðisins, hvernig það hefði myndast og hvernig liturinn væri kominn til.

Við fikruðum okkur áfram eftir Dalaleið, sem er gömul þjóðleið frá Krýsuvík í Kaldársel. Hluti af hópnum sameinaðist þar um að skoða kort af svæðinu þar sem spurning vaknaði hjá einum þátttakenda hvort þessi leið væri gömul þjóðleið. Hinn hluti hópsins hélt áfram eftir stikaðri leiðinni en þegar nær dró að Austurengjahver klofnaði sá hópur í tvennt, nokkrir gengu út af leiðinni beint í átt að hverasvæðinu en aðrir héldu áfram eftir leiðinni stutta stund en sneru svo einnig af henni í átt að hverasvæðinu. Það virðist sem forvitnin hafi rekið hópinn áfram, en mikinn gufustrók leggur af Austurengjahver. Hverinn sjálfur er í hvarfi við hæð, en hljóðin og gufan eru til vitnis um hann.

Austurengjahver samanstendur af stórri hveraskál með blágráu leirvatni, og blásandi hveraaugum og leirholum sem sjóða allt um kring. Engir stígar liggja um svæðið sem beina fólki örugga leið um svæðið. Við höfðum varað fólkið við aðstæðunum og hver og einn fikraði sig sína leið í gegn enda var hópurinn enn nokkuð tvístraður og fólk að koma að hvernum á mismunandi tímum. Hverinn sjálfur og þessi síðasti leggur í heild kom mörgum mjög á óvart. Af þeim svæðum sem við gengum um vissu fæstir af þessu svæði. Einn þátttakenda hafði þó gengið að hvernum tveimur árum áður og fannst áhugavert að sjá breytingarnar sem höfðu orðið.

Dvölin við Austurengjahver virðist vera það sem stóð upp úr á þessum legg. Margir töluðu um hversu kraftmikill, stór og lifandi hann væri og hversu ólíkur hann væri hinum kulnuðu Sogum; þar mátti sjá ummerki jarðhita, en í Austurengjahver mátti sjá náttúrukraftana að verki. Viðmælendur báru Austurengjahver líka saman við Seltún, og töluðu sérstaklega um hvað hverinn sjálfur væri stór og rosaegur, úr alfaraleið og þar af leiðandi væru engin ummerki eftir gangandi fólk.

Einn viðmælenda svaraði aðspurð um hvað hefði vakið athygli þarna:

Ég á eiginlega erfitt með að lýsa því. Bara eitthvað svona tignarlegt við hann. Fallegur sko og, já, ég held að ég eigi dálítið erfitt með að lýsa því. – Bara líka svona að fá þennan fjölbreytileika, það kemur þarna allt í einu hver.

Annar viðmælendi lýsti reynslu sinni með þessum orðum:

En þarna var þetta náttúrulega allt í gangi. Svo áttar maður sig líka á því þegar maður sér svona hvað náttúran getur verið hættuleg. Hvað maður þarf að bera mikla virðingu fyrir henni. Það er hún sem ræður. Það má ekki fara of nálægt. ... Maður vissi það

náttúrulega. Og það að vera varkár. Alltaf að hugsa: Ókei, á ég að fara að stika þarna yfir eða þarna og, já, það er sko að átta sig á, að, maður getur lent illa í því sko ef maður, ef maður fer ekki varlega. ... Fram að því þá var tilfinningin sú að maður var alveg óhultur sko. Við vorum ekkert á þannig stöðum sem maður fann fyrir neinni svona hættu eða hræðslutilfinningu. En þarna hugsaði ég: Ókei, hér þarf ég að vara mig. ... Einhver fór þarna alveg ofaní, var að finna svona hvað það væri heitt og svona, ég gerði það ekki. Ég horfði frekar á hann úr smá fjarlægð. Mér fannst það alveg nóg. Ég þurfti ekkert að fara og finna hvað vatnið væri heitt. ... Þannig að mér fannst bara flott að sjá þetta, sjá þetta þú veist reykin og hvernig þetta svona bubblaði upp þarna og kraumaði í þessu.

Frá Austurengjahver lá leið okkar yfir graslendi og mela. Við vorum komin út af hinni vörðuðu leið Dalaleiðarinnar og því gekk fólk hér frjálsglega, hver eftir sinni leið, en þó öll á svipuðum slóðum. Síðasti spölurinn lá í gegnum hestagirðingu og þar hittum við fyrir hestastóð sem sumir úr hópnum sýndu nokkurn áhuga. Á leiðinni sáu við skátaskála Hraunbúa í Hverahlíð bera við Kleifarvatn. Það sá fyrir endann á ferðinni. Stór og mikill gufustrókur steig upp við hlið skálans, og þegar nær var komið blasti við stór og djúpur leirhver. Vakti þessi hver ekki síður furðu en Austurengjahver:

En svo var ég svo hissa, þegar það kom þarna að Hraunbúaskálanum, að það væri bara þessi hver. Þú veist, þetta var eitthvað svo, þetta var svo crazy. Við hliðina á þessu húsi. Ha. Þessi hver þarna. Hvernig datt þeim í hug að vera með hérna, já, gæti nú allt í einu komið hver þarna upp úr gólfinu í húsinu þess vegna.

En aðrir höfðu á orði hversu fallegur þessi staður væri, hverinn magnaður og hversu áhugavert það væri að sjá Kleifarvatn frá nýju sjónarhorni.

10 Hugsýn byggð á upplifun

Í þeim kafla sem hér fer á eftir eru dregnar fram hugsýnir af svæðinu sem byggja á greiningu viðtalsgagna úr hópi staðkunnugra og gesta. Hugtakið hugsýn í þessu samhengi vísar til þess hvernig svæðið er skynjað í heild, en slíka skynjun leiðir ýmist af upplifun náttúru- og menningarfyrirbæra, þekkingu á þeim og/eða fyrirframhugmyndum um svæðið í heild.

10.1 Ímynd Reykjanesskagans

Það sem ég held að hafi alltaf háð Reykjanesskaganum, er hvað hann er vanmetinn í rauninni sem náttúruundur. Við erum svo mörg sem að höfum þessa sýn á hann, sem að blasir við út um hliðargluggann þegar þú keyrir Reykjanesbrautina. Þetta virðist vera bara svona endalausir hraunflákar og tilbreytingarsnautt, lág móbergsfjöll.

Þótt ekki hafi allir viðmælendur í hópi staðkunnugra talað beint um ímynd Reykjanesskagans þá komu þeir flestir að því sjónarhorni að það væri mikill munur á því að horfa á landslagið úr fjarska, og þess að upplifa það í návígi. Að þeirra mati upplifa flestir Reykjanesskagann sem einsleitan og þekkja lítið til hans, sem þeim þótti um leið undarlegt í ljósi þess hversu þéttbýll hann er. Sérstaklega vísuðu þau í þessu sambandi til þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, vesturhluta Reykjanesfólkvangs. Í þessu samhengi virtist búa sú skoðun meðal viðmælendanna að Reykjanesskagi hafi ekki það gildi sem hann verðskuldar í huga almennings.

Þessi skoðun staðkunnugra var staðfest í ferð gestanna um svæðið. Fæst þeirra höfðu komið á svæðið áður og töluðu þau öll um hversu mikil uppgötvun það hefði verið að kynnst þessum hluta Reykjanesskagans, að landslagið hefði komið þeim verulega á óvart.

Ég var ein af þeim sem hugsaði: Á Suðurnesjum? Það er ekkert að sjá þar! Þó ég hafi farið reyndar milli vitanna og gengið svona svolítið í kringum Reykjanesvitann, sem er reyndar fallegt svæði. Þá hefur mér ekki fundist til þessa ness mikið koma. Oft hugsað bara: Þetta er flatlendi með einstaka fjalli og hrauni. Búið. Ekkert varið í þetta.

Kannski var það einmitt vegna þessarar ímyndar Reykjanesskagans sem viðmælendur úr hópi staðkunnugra notuðu allir þekktar náttúruperlur annars staðar á landinu til að lýsa staðháttum á Reykjanesskaga og upplifun sinni af þeim. Í þessu samhengi var Litlu-borgum líkt við Dimmuborgir, Sogum við Landmannalaugar, Hrutagjá við Almannagjá, Lambafellsgjá við Hafrahvammagljúfur, Gunnhverf við Strokk og Sveifluháls við Hálendið:

Þetta er nefnilega mjög líkt hálendinu. Þegar þú ert kominn upp á hálsinn þá er þetta svona nánast gróðursnautt og þetta er svona berangurslegt, en samt eitthvað svo - bara eins og þú upplifir hálendið - í auðninni - í víðáttunni. Að upplifa svona hálendislandslag í námunda við byggð, með því sem að því fylgir - eina sem hugsanlega truflar þig er kannski flugumferð.

Þessi samanburður virtist vera til þess gerður að upphefja gildi landslagsins, en um leið til að færa í orð upplifanir sem erfitt er að lýsa, og útskýra fyrir þeim, sem þekkja lítið til á

Reykjanesskaganum, hvers konar landslag um ræðir. Í viðtölum við gesti kom sambærilegur samanburður fram; Sogum var líkt við Landmannalaugar og Sveifluhálsi við hálendið. Í tilfelli gestanna virtist þessi samanburður helst til þess gerður að reyna að færa í orð upplifanir sínar, ekki bara fyrir okkur heldur og ekki síður fyrir sjálfum sér.

Eftir að hafa staðfest í gegnum reynslu sína að þessi ímynd Reykjanesskagans stæðist ekki nánari skoðun, fundu þátttakendur í ferðinni hjá sér þörf til að deila þessari nýju þekkingu með öðrum.

Ég einmitt póstaði þessu og fólkið í vinnunni var að segja sko: Hvar er þessi fallegi staður? Hvar varst þú eiginlega um helgina?

Annar talaði um löngun til að kynnast svæðinu betur:

Þetta skilaði mér aðeins meiri þekkingu á þessu svæði. Og þetta kveikir í mér löngun til þess að labba meira þarna.

Meðal staðkunnugra höfðu fimm viðmælendur haft löng kynni af Reykjanesskaga, og þekkja vel til hans. Þau hafa flest fundið þörf og leiðir til að deila þekkingu sinni og upplifunum með öðrum, hvort sem er í gegnum ljósmyndir, skipulagðar gönguferðir eða fræðslu.

Það er einmitt svo gaman að vera leiðsögumaður hérna af því að bæði er til mikið og mér finnst svo margir sem vita ekki að þetta sé til staðar hérna.

Þrátt fyrir að gera sér í hugarlund hugmyndir annarra um einsleitni svæðisins og fáfengileika, þá einkenndist sú mynd sem þau höfðu af einkennum Reykjanesskaga miklu fremur af fjölbreytni og óvæntum upplifunum. Það var einmitt samsvarandi breyting sem átti sér stað hjá gestunum, ímyndin sem þau höfðu áður var af fábreyttri auðn, en eftir að hafa kynnst svæðinu var það fjölbreytileikinn og hið óvænta sem stóðu upp úr.

10.2 Land sem kemur á óvart

Það kom fram í tali sumra viðmælenda úr hópi staðkunnugra að þessi einsleita ímynd Reykjanesskagans hafði einnig eitt sinn verið lýsandi fyrir þeirra eigin hugmyndir. Þannig komst einn þeirra svo að orði:

Þegar ég flutti hingað aftur þá fór ég að labba hérna um og skoða ... þetta umhverfi sem maður ólst upp við en hafði aldrei kynnst í rauninni nema að svo litlu leyti – þessir hefðbundnu þekktu staðir úti á Reykjanesi og svona – en þegar ég fer að labba hérna um eins og Trölladyngjusvæðið, að þá bara einhvern veginn opnaðist svona eiginlega nýr heimur eða ný sýn á þessa náttúru sem skaginn hefur að geyma. Því ég svo sem bjóst ekkert við neinu sko, þetta kom mér svo á óvart.

Einkennandi fyrir upplifun bæði staðkunnugra og gesta var einmitt þessi undrun sem fylgir því að uppgötva að Reykjanesskaginn býr yfir meiru en hin almenna ímynd gefur til kynna. Annar viðmælendi úr hópi staðkunnugra sem hefur farið með hópa um svæðið lýsti sams konar upplifunum meðal þeirra sem höfðu fylgt henni:

Mér finnst alltaf gaman líka að fá svona, þetta vá-dæmi sko. „Ha, vá, var það hér? Ha? Er þetta bara hér?“

Það er óhætt að segja að landslag Reykjanesskaga leynir á sér, ekki bara í þeim skilningi að ímynd hans sé misvísandi, heldur einnig í þeim skilningi að náttúra hans er uppspretta síendurtekinna uppgötvana og undrunar. Einn viðmælenda úr röðum gesta komst svo að orði um upplifun sína á Sveifluhálsi:

Maður var alltaf svo hissa einhvern veginn, það var alltaf svona eitthvað nýtt sem bar fyrir augun.

Hér eru það formin, litirnir og áferðin í landslaginu sem skapa nýtt sjónarhorn á ferð fólks í landslaginu. Viðmælendi úr hópi staðkunnugra tjáði sig á svipaðan hátt, en með áherslu á hvernig mismunandi aðstæður skapa ný sjónarhorn:

Stundum sér maður eitthvað nýtt sem fór framhjá manni í fyrri ferðum og veitir einhverju eftirtekt og þú veist, maður upplifir þetta alltaf – birtan er öðruvísi. Það er allt öðruvísi að labba Sveifluhálsinn í björtu heldur en í þoku, það er allt önnur upplifun, maður upplifir þetta alltaf einhvern veginn á nýjan hátt.

Hér kemur fram hvernig undrunin verður til vegna þess að landslagið birtist sífellt á nýjan hátt, meðal annars vegna ólíkra veðurskilyrða. Undrun í upplifun á landslaginu má einnig rekja til fjölbreytileika landslagsins, þar sem nýtt sjónarhorn bíður á næsta leiti. Form þeirra jarðmyndana sem einkenna hálsana og hraunin gera það að verkum að mörg þeirra fyrirbæra sem þar er að finna eru falin í landslaginu og birtast ekki fyrr en að þeim er komið. Einn viðmælendi lýsti t.d. göngu sinni eftir Sveifluhálsi í þessu samhengi:

Ég fór upp yfir mosagróinn hól, og þá birtist bara allt í einu fyrir framan mig stórbrótið landslag, rosalega flott landslag, þar sem þú horfir eftir syðsta dalnum inn að Arnarvatni.

Eins og áður er lýst sköpuðust sömu hughrif meðal gesta í ferðinni, en þetta er sá staður þar sem hópurinn áði og þátttakendum varð tíðrætt um.

Annar viðmælendi úr hópi staðkunnugra lýsti svipaðri reynslu á öðru svæði:

Við löbbuðum einhvern tíma þarna og það heitir Skógfellsvegur og þegar maður kom að Minna-Skógfelli að þá allt í einu gjörbreytist landslagið og verður svona svolítið eins og á Þingvöllum og maður verður voða hissa þegar maður sér alls konar blóm og rosalega þykkan mosa, þetta er algjörlega ósnert svæði.

Það að landslagið birtist á ólíkan hátt út frá veðurskilyrðum og óvæntum sjónarhornum er ein forsenda fjölbreytileika landslags Reykjanesskagans. Hin forsenda fjölbreytileikans er fólgin í þeim fjölmörgu fyrirbærum, bæði náttúru og menningar, sem finnast þar. Einn viðmælenda úr hópi gesta lýsti reynslu sinni af svæðinu með þessum hætti:

Ég var bara að hugsa: Vá, hvað þetta er, þetta var svo fjölbreytt. Það var bæði vatn og það var hraunið og það var þetta hitasvæði sko. Sandurinn. Eh, grænt, þetta var mjög svona. Þetta var allt annað en ég hafði ímyndað mér sko.

Þessi fjölbreytileiki var viðmælendum úr báðum hópum mjög hugleikinn. Oftar en ekki var hann beintengdur við upplifun af fegurð, eins og sést vel af þessum ummælum viðmælanda úr hópi staðkunnugra:

Ég upplifi það sem bara alveg rosalega fallegt svæði. Mikla og fallega náttúru, falleg fjöll og hérna hraunin eru náttúrlega alveg rosalega falleg. Og svo eru staðir hérna á milli, grösugir og fínir staðir hérna allsstaðar inn á milli, Vigdísarvellir og svona. Mér finnst allt þetta svæði rosalega fallegt.

Aðspurð hvað það væri sem gerir það fallegt svaraði þessi viðmælandi:

Fjölbreytnin í náttúrunni gerir þetta fallegt. Ég meina það eru vötn þarna sem eru ekkert annars staðar á skaganum - þó þau séu pínulítill eins og hérna Spákonuvatn og Djúpavatn, þá eru þau þarna samt. Það eru hverasvæði, mjög falleg. Fallegur gróður og bara, falleg fjöll.

Jafnvel þegar þekking er til staðar um ákveðin fyrirbæri í landslaginu, getur reynst þrautin þyngri að hafa uppi á þeim. Þannig sagði annar úr hópi staðkunnugra frá reynslu sinni í þessu samhengi:

Um daginn fór ég einmitt að Hrutadyngju sko. Það var ... maður búinn að segja mér fyrir mörgum árum af einhverju skjóli sem menn höfðu hafst í ... svo hafði ég seinna farið að leita að því aftur en fann það ekki. Ég var að röltast þarna inn í Hrutagjá þá var ég allt í einu komin inn í skjólið sko. Ég var samt búin að leita að því mörgum sinnum sko en fann það aldrei. Svo allt í einu þegar ég var ekki að leita þá fann ég það.

Þessi vitneskja um leyndardóma Reykjanesskagans skapar forvitni, og hefur orðið sumum viðmælanda úr hópi staðkunnugra tilefni til markvissrar landkönnunar, hvort sem er á náttúruminum eða menningarminjum.

Hérna mitt á milli allra þessara þéttbýliskjarna – þetta er ókannað svæði. Það hefur eiginlega enginn farið hérna um nema einhverjir smalamenn. Ég er að leita að hellum. Þar sem er hraun þar hljóta að vera hellar, bara að finna þá. ... Eins í Þráinsskjaldarhrauninu, menn vita að það eru stór niðurföll þarna, að þau hafa hrunið og eru lokuð, en gefa alveg til kynna að það eru stórar rásir þarna undir.

Hér kemur fram hvernig vitneskja um það sem landslagið hefur að geyma er forsenda fyrir slíkri landkönnun, og þá skiptir máli að geta lesið í landið. Það sama á við þegar leitað er menningarminja. Hægt er að lesa í landið út frá þekkingu á örnefnum:

Það má segja að ef það er örnefni, t.d. Seldalur, Sellækur, Selfell eða Selhóll, þá er sel þar, þó það sé ekki getið um það í heimildum. Örnefnin eru að segja til um minjastaði. Ef það heitir Stekkur, Stekkhóll eða Stekkjardalur, þá er stekkur í dalnum, þó hann hafi kannski aldrei verið skráður sem fornleif.

Einnig er hægt að lesa í landið út frá sýnilegum ummerkjum um mannvist:

Ef við sjáum kannski líklegar mannvistarleifar, þá förum við að leita á svæðinu. Yfirleitt þegar það er grasbali einhversstaðar þá er eitthvað mannvirki nálægt.

10.3 Ímyndað landslag

Eitt af því sem einkennir landslagið á Reykjanesskaga er hversu auðveldlega má sjá ummerki eftir náttúruöflin. Viðmælendur úr hópi staðkunnugra hafa haft beina reynslu af þessum öflum í gegnum hverasvæði og jarðskjálfta. Eins og áður kom fram hafði einn þeirra verið staddur á Sveifluhálsi í stórum jarðskjálfta. Annar viðmælandi úr hópi staðkunnugra lýsti því hvernig hún sá ummerki eftir skjálftann, þótt hún hefði ekki verið á staðnum. Þessar beinu upplifanir gera þeim kleift að skynja náttúruna að verki, og leiddu um leið huga þeirra að því hvers megnug náttúran er.

Í viðtölum við gestina kom fram að á dagsferð þeirra um Reykjanesskagann voru það fyrst og fremst virku hverasvæðin sem vöktu slík hughrif, Austurengjahver, Seltún og hverinn við skála Hraunbúa við Kleifarvatn. Á öllum þessum þremur stöðum kviknuðu hugleiðingar um náttúrukraftana. Um Austurengjahver sagði einn viðmælenda þetta að ferðinni lokinni:

[Maður] finnur svo mikið fyrir hvað móðir náttúra er öflug. Það er einhver kraftur frá svona stöðum. Alveg sérstaklega mikill. Svona, hiti og vatn, sem er svona gríðarlega óstöðvandi og brýst fram bara af svo miklu afli, mér finnst það svakalega heillandi. Og yfirleitt á þetta einhver upptök, eins og vatn á einhver upptök einhvers staðar. Maður hugsar svo miklu lengra heldur en bara á þennan eina stað, sem maður er, mér finnst það líka vera þannig með hitann. Það er eitthvað ofsalega mikið magnað við það að koma á svona jarðhitasvæði. Þar sem ólgar svona, mér fannst Austurengjahver. ... bæði svakalega fallegur og svo er svo víða í honum sem að ólgar svona upp, þetta er svo víða sem að er uppstreymi í honum, en mér finnst hann alveg ofsalega magnaður, mér finnst hann alveg svakalega fallegur og áhugaverður.

Hugmyndin um virkni hverasvæðanna kveikti einnig hugleiðingar um hversu alvarlegar afleiðingar geta hlotist af breytingum sem á þeim kunna að verða. Við Hraunbúaskálann sáu þátttakendur fyrir sér hvernig hverinn gæti komið upp um gólfið á skálanum. Í Seltúni rifjaði fólk upp sprenginguna sem varð, og ímyndaði sér afleiðingarnar ef borholan myndi springa þegar mikill fjöldi ferðamanna er á svæðinu. Við Austurengjahver ímyndaði einn viðmælandi sér hvað gæti gerst ef hún stigi feilspor á hverasvæðinu.

Upplifun á náttúrunni skapaði þó ekki einungis meðvitund um undirliggjandi hættu, heldur má segja að hún hafi líka vakið forvitni um náttúruna. Liturinn á Grænavatni vakti forvitni og ekki síður litirnir á hverasvæðunum, til að mynda í Sogunum:

Mér finnst rosalega gaman að sjá svona lög af litum. Og ég fann að mig langaði til þess að fara og kroppa, hérna þegar ég sá hvernig grái leirinn svona flæddi yfir, þá fékk ég svona löngun til þess að fara og taka aðeins í það til að sjá hvort hann væri djúpt, eða hvort hann væri kápa ofan á rauða litnum. Ég myndi ekki gera það samt sko. En ég svona fór að velta því fyrir mér: Er þetta kápa, eða, eru sko lögin þannig að þau séu niður.

Forvitnin um náttúruna fær fólk til að velta fyrir sér tilurð fyrirbæranna. Í ferðinni með gestunum veltu margir þátttakenda fyrir sér hvernig hálsarnir hefðu myndast, hvort þeir hefðu myndast í eldgosum. Orð eins viðmælanda úr hópi staðkunnugra lýsa því hvernig forvitnin vekur upp spurningar um þá ferla sem eru að verki:

Hérna hefur maður á tilfinningunni að það gæti bara farið að gerast eitthvað undir fótunum á okkur ... Bara það, maður getur ímyndað sér hvað það er stutt í hitann bara undir hérna. Hvað er það sem lætur þetta sjóða, bubbla bara? Það, mér finnst það alveg magnað sko. Hvað veldur þessu? Hugsa sér að það skuli ekki vera lengra í það en það, hérna bubblar bara og sýður allt.

Eins og hér kemur fram kveikir skynjun á náttúruöflunum undrun og kallar ímyndunaraflið fram, en ímyndunaraflið virðist leika stórt hlutverk í upplifunum viðmælenda af landslagi Reykjanesskagans. Bein upplifun er þó ekki nauðsynleg til að ímyndunaraflið fari af stað, viðmælendur sjá náttúruöflin einnig fyrir sér að verki í þeim jarðminjum sem eru til staðar. Ljóst er af orðum viðmælenda úr hópi staðkunnugra að sú jarðfræðileg þekking sem þau hafa aflað sér gerir þeim auðveldara að ímynda sér þau ferli sem eiga sér stað. Rétt eins og viðmælandinn sem nefndi hvernig hún sá landið fyrir sér sem líkama á jarðfræðilegum skala, sem andar og hrærist. Þekkingin skapar ekki bara myndhverfingar um ferli náttúrunnar, heldur nýtist hún einnig til að lesa í það sem fyrir augu ber. Það kom fram í tali fjögurra viðmælenda úr hópi staðkunnugra að þeir lásu sögu jarðhræringa úr storknuðum hraunstraumum, eins og þetta dæmi sýnir:

Þegar þú ... horfir upp í hliðarnar og sérð hvernig hraunstraumarnir hafa fallið niður, það er alveg hægt að sjá mótunina.

Einn gestanna hafði einmitt með sér jarðfræðikort af svæðinu og reyndi að skilja legu þeirra hrauna sem hann horfði yfir. Viðmælandi úr hópi staðkunnugra lýsir hvernig ímyndanir sem kveikna þegar lesið er í hraunstrauma geta kallað fram sterkar upplifanir, ekki síst þegar viðkomandi hefur einnig haft reynslu af sams konar fyrirbærum, þótt annars staðar sé:

Þetta er einhvers konar lotning gagnvart þessum stórbrotnu öflum sem að skópu þetta. Og líka þegar maður hefur upplifað að standa frammi fyrir glóandi hrauni. Þegar maður er að labba þessi hraun þá sér maður þetta einhvernvegin fyrir sér þegar þetta var að renna. Maður ímyndar sér þegar þetta var að myndast. Þegar maður er niðri í hellunum og horfir á bálkana og rennslisförin þegar hraunelfan hefur verið að renna eftir göngunum – maður sér þetta einhvernvegin fyrir sér og þetta er einhvers konar lotning held ég bara, svona stundum – óttablandin jafnvel.

Sú óttablandna lotning sem þessi viðmælandi nefnir fangar ákveðna upplifun sem lýst hefur verið sem ægifegurð. Eitt megineinkenni slíkrar upplifunar er að finna til einhvers konar ótta án þess að upplifa sig í raunverulegri hættu. Annað megineinkenni er að finna til smæðar sinnar gagnvart þeim kröftum sem maður stendur frammi fyrir:

Þetta veðursorfná móberg, þetta er allt svo tröllslegt og – maður upplifir – bara svona smæð sína í þessari náttúru.

Einn viðmælandi sem lýsti því að hafa orðið vitni að breytingum á náttúrunni í kjölfar jarðskjálfta, þar sem jörðin hafði rifnað og grjóthrun orðið, lýsti upplifun sinni á þennan veg:

Það fór um mig svona – ekki ónotatilfinning heldur svona – maður kiknaði alveg í hnjónum, alveg vá – þetta er geðveikt. En ég man aldrei eftir að hafa orðið hrædd.

Þrátt fyrir ónotalegar lýsingar á upplifun sinni var ljóst að þessum viðmælendum þótti það eftirsóknarvert að verða fyrir þessari reynslu. Í þeirra huga virtist sem slíkar upplifanir gæfu landslaginu gildi:

Þetta er bara svo rosalega gefandi og nærandi fyrir sálina að fara um þessi svæði. ... Þetta er einn af mínum uppáhaldsstöðum [Hrútagjá], ég fer oft þarna. Maður upplifir þarna einhvern svona kynngimagnaðan kraft – og alveg ofboðslega kyrrð.

Aðspurður um hvers konar kraft væri að ræða, svaraði hann:

Ég veit það ekki, þetta er bara eitthvað sem maður finnur.

Þarna einkennist upplifunin af andstæðum, annars vegar þessum mikla krafti sem þeir sjá fyrir sér í náttúruöflunum, og hins vegar af þessari miklu kyrrð sem þeir skynja. Ein skýringin á þessari kyrrð gæti falist í því sem annar viðmælandi nefndi, að hljóðin dæmpt þegar komið er inn í hraunið. En eins gæti skýringanna verið að leita í þeim áhrifum sem fagurferðilegar upplifanir hafa á fólk; þegar athyglin færir á skynjunina og allt hversdagsamstur hverfur á meðan. Þannig útskýrði einn viðmælenda að aðdráttarafl svæðisins væri í þessu fólgið:

Svo auðvitað nærir þetta sálina og fegurðarskynið. Þú veist, maður kemur alltaf eftir góða gönguferð úti í náttúrunni einhvern veginn endurnærður heim, á sálinni.

Fleiri tóku í sama streng, sögðust koma úthvöld heim eftir dvöl á svæðinu, og að það væri gott fyrir andann að sækja svæðið heim reglulega.

Saga Reykjanesskaga geymir bæði sögur og minjar um átök manns og náttúruaflanna. Viðmælendur nefndu þekkt dæmi á borð við Húshólma í þessu samhengi og veltu fyrir sér lífi fólksins á þeim tímum, en einnig hvernig landslagið hefði tekið breytingum við þær hamfarir sem hafa orðið frá þjóðveldisöld. Ímyndunaraflið leikur því líka hlutverk í upplifun fólks af menningarminjum á Reykjanesskaga. Eins og áður var nefnt kalla þjóðleiðirnar á hugleiðingar um líf þeirra sem eftir þeim gengu, og selin kalla á hugleiðingar um lífsgæði og athafnir fyrri tíma. Þannig skapar ímyndunaraflið tækifæri til að tengja sig við fortíðina og forfeður í gegnum upplifun af landslaginu.

10.4 Ósnortin náttúra

Það að upplifa náttúru svæðisins sem ósnortna var áberandi meðal gestanna, einkum í Sogum og á Sveifluhálsi. Nokkrir þættir virðast einkum hafa stuðlað að slíkri upplifun. Bæði í Sogum og á Sveifluhálsi háttar landslaginu þannig að útsýni takmarkast af nærliggjandi landformum. Niðri í Sogunum og í dölum Sveifluhálsins sést ekki til annarra svæða á Reykjanesskaganum. Fólk missir þannig tengslin við svæði í kring. Einn viðmælenda orðaði upplifun sína af því að koma úr Sogum niður að Djúpavatni svona:

Það var eiginlega eins og maður væri að koma úr algjörum óbyggðum, fannst mér, og labbaði niður í einhverja smá menningu. Það var náttúrulega kofinn og bílarnir og vegaslóðarnir. Af því maður gleymdi sér svolítið í Sogunum, gleymdi dálítið að það væri

byggð einhvers staðar ... já, svona óbyggðafílingur. Það var líka af því við vorum ekki á neinum merktum göngustígum. Dálítið bara, annað hvort á rollustígum, eða utan.

Önnur ástæða fyrir þessari upplifun virðist einmitt vera sú staðreynd að stíkaðir göngustígar voru lítt sjáanlegir á ferð okkar um þessar slóðir. Engin önnur mannvirki er heldur að finna í Sogunum eða á Sveifluhálsinum, og á leið okkar hittum við heldur ekkert fólk. Fjarvera þess manngerða spilaði þannig hlutverk í þessari upplifun af ósnortinni náttúru. Þessi sýn á náttúruna sem ósnortna virtist valda því að allt sem minnti á manninn hafði truflandi áhrif á upplifunina.

Fjarvera hins manngerða var þó ekki ein að verki, heldur einnig fjarvera gróðurs og vatns; auðnin á Sveifluhálsinum sem fólki varð tíðrætt um. Þannig má segja að aðstæður í náttúrufari svipi mjög til aðstæðna á hálendinu og skapi grundvöll fyrir sambærilegum upplifunum og fólk finnur fyrir á hálendinu. Einn viðmælenda sagði aðspurð um hvað hún teldi einkenna svæðið sem við gengum um:

Ja, bara svona hvað þetta er allt ósnortið allt saman. Mér finnst það svona einkenna svæðið. Í rauninni mest allt svæðið sko. Mikill svona friður og rósemd, og ekkert kannski endilega eitt í landslaginu, því það er náttúrulega bara fjölbreytilegt. Mér finnst aðallega bara, að þetta sé svona, það er svo mikil friðsæld einhvern veginn þarna, og engin mengun. Nema þessi för þarna, hjólför.

Þegar náttúrufari er þannig hátt að öll skynræn athygli beinist að formum og litum í umhverfinu er líkt og hugur fólks tæmist um stund og friður og ró færast yfir. Þessi friður getur svo leitt til þess að finna fyrir sterkari tengslum við umhverfið og við sjálfan sig. Í þessu tilfelli færir fólk þessa upplifun í orð með hugtakinu ósnortin náttúra.

11 Þættir hins fagurferðilega gildis

Af þeim upplifunum og hugsýnum sem hér hefur verið lýst að framan má leiða nokkra almenna þætti í fagurferðilegu gildi svæðisins á Reykjanesskaga.

11.1 Fjölbreytileiki

Eitt af megininkennum Reykjanesskagans er hversu fjölbreyttar náttúru- og menningarminjar þar er að finna, og hversu fjölbreyttar upplifanir sem á þeim byggja eru. Þjóðleiðir og seljatóftir kalla fram upplifanir þar sem ímyndunaraflið tengir fólk við lifnaðarhætti fyrri tíma. Hverasvæði, hraun, hellar, hálsar, auðn, vötn og vellir eru uppspretta ólíkra upplifana: Friður og ró, upplifun af tengslum við umhverfið og sjálfan sig, undrun og hið óvænta, upplifun af kröftum náttúrunnar og upplifun af ósnortinni náttúru.

11.2 Fegurð

Upplifun af fegurð byggir á fjölbreytileika í náttúru- og menningarminjum. Tiltekin náttúrufyrirbæri framkölluðu þó frekar tilfinningu fyrir fegurð, umfram önnur, svo sem litadýrðin í Sogunum, formin í móbergi Sveifluhálsins, kyrrðin í vötnunum og formin í hrauninu. Tilfinning fyrir fegurð birtist einnig í tengslum sem fólk finnur við forfeðurna í gegnum þjóðleiðirnar. Fegurðarupplifunin verður enn sterkari þegar hún er óvænt, þegar fólk hefur engar væntingar um að finna fegurð á svæðinu. Einnig er skýrt hvernig grundvöllur fegurðarupplifunar felst í því að *vera í landslaginu*. Landslag sem kallar ekki fram fegurðarupplifun þegar horft er á það úr fjarlægð af þjóðvegi getur kallað hana fram þegar komið er inn í það. Þannig felst fegurðarupplifunin ekki einungis í sjónrænum þáttum heldur í því að skynja landslagið í gegnum öll skilningarvitin.

11.3 Undrun

Annað megininkenni er undrun við öllu því sem kemur á óvart. Landslag Reykjanesskagans einkennist af því að fjölmörg náttúrufyrirbæri eru falin í landslaginu á þann hátt að þau birtast fólki ekki fyrr en að þeim er komið. Undrunin tengist einnig á vissan hátt fjölbreytileikanum; það að ganga í gegnum mikla auðn og koma svo skyndilega að grænum völlum og vatni kallar t.d. fram undrun. Undrunin tengist einnig þeim náttúrukröftum sem búa í Reykjanesskaganum og hafa mótað landslag hans. Þessir kraftar kalla fram forvitni um tilurð náttúrufyrirbæranna og þau ferli sem eru að verki.

11.4 Kyrrð

Eitt af einkennum bæði undrunar og fegurðar er að öll athygli beinist á slíkum augnablikum að skilningarvitunum, litir, form og hljóð yfirtaka huga fólks þannig að hversdagslegar hugsanir hafa ekkert rými lengur. Þetta kallar fram upplifun af kyrrð; ró og friður færist yfir þegar hugurinn er upptekinn af því að skynja bara til að skynja. Fjölbreytt og mjúk formin í móberginu á Sveifluhálsi og stillt og tært Arnarvatnið kalla til dæmis fram slíkar upplifanir.

11.5 Kynngimagnaður kraftur

Vitneskjan um náttúrukraftana og upplifunin af ummerkjum þeirra, kallar fram hughrif sem lýsa má sem kynngimögnuðum krafti. Þetta orðalag vísar til þess hvernig fólk skynjar kraftana sem hafa verið að verki, og geta vaknað hvenær sem er, þótt í augnablikinu séu þeir ekki virkir. Orðalagið er notað þegar fólk upplifir mikla kyrrð í náttúrunni, hvort sem er í hrauninu eða á hálsunum. Það má því segja að í kyrrðinni sem hægt er að upplifa á Reykjanesskaga, búi jafnframt vitneskjan um möguleikann á að náttúrukraftarnir vakni til lífsins.

11.6 Ægifegurð

Ummerki náttúrukraftanna eru mjög áberandi, t.d. í storknuðum hraunstraumum, sprungum, gjám og hveravirkni og þau virkja ímyndunaraflið auðveldlega, sem leiðir til upplifunar á ægifegurð. Við ímyndina af kröftunum sem verða til þess að leirhver sýður eða gjá myndast upplifir fólk hversu ógnvænlegir kraftar náttúrunnar eru og hversu smá við mannfólkið erum í samanburði. Segja má að einungis stigsmunur sé á upplifun af kynngimögnuðum krafti og á ægifegurð. Það sem greinir á milli er einkum kyrrðin sem fylgir hinum kynngimagnaða krafti. Þessi munur skapast að vissu leiti af því hversu vel fólk þekkir svæðið. Sú sem hefur komið oft t.d. inn í Lambafellsklofa er líklegri til að upplifa þar kynngimagnaðan kraft á meðan sú sem kemur þangað í fyrsta sinn er líklegri til að upplifa kraftinn á ógnvænlegri hátt sem ægifegurð.

12 Ávinningur hins fagurferðilega gildis

Af fagurferðilegu gildi landslags Reykjanesskagans leiðir ýmis önnur gildi sem hafa beina tengingu við daglegt líf fólks. Nálægðin við helstu þéttbýlisstaði landsins gefur þessum gildum meira vægi. Og að sama skapi eykst gildi þéttbýlisins í kring af þessari nálægð við náttúru sem margir skynja sem ósnortna.

12.1 Endurnærandi áhrif

Viðmælendur tala um almenn áhrif af því að koma úthvíldir og endurnærðir heim eftir að hafa verið á göngu um Reykjanesskagann. Þetta er ekki tengt ákveðnum fyrirbærum Reykjanesskagans, heldur er almennt gildi, sem getur átt við hvar sem er.

12.2 Útivistargildi

Útivist hefur aukist mjög víða á Reykjanesskaganum. Svæðið sem hér um ræðir hefur ekki fengið jafnmikla athygli í gegnum tíðina, samanborið við strandlengju Reykjanesskagans. Á undanförnum árum hafa gönguhópar og ferðamenn sótt mun meira í þetta svæði en áður. Ástæður þessa eru eflaust vaxandi útivistaráhugi meðal almennings og aukin ferðamennska. Þessar ástæður gefa útivistargildi svæðisins enn meira vægi, þar sem almenningur á stutt að sækja það heim. Sú upplifun sem svæðið býður upp á er þó alls ólík því sem flest önnur útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins bjóða upp á. Margir upplifa svæðið sem ósnortið og náttúrukraftarnir sem sjá má á hálendinu eru einkennandi. Þrátt fyrir að útivist og ferðamennska hafi aukist mikið á undanförnum árum, eru enn ónýtt tækifæri víða. Svæðið er enn fáfarið miðað við önnur útivistarsvæði og ferðamannastaði á suðvesturhorninu og ummerki eftir manninn eru í lágmarki og er sú staðreynd eitt af því sem gefur svæðinu gildi í huga fólks. Þarna birtist úlfakreppa ferðamenskunnar skýrt; á sama tíma og uppbygging innviða er þörf til að viðhalda náttúrufarslegum eiginleikum svæðisins gæti slík uppbygging og fjölgun ferðafólks rýrt gildi þess.

12.3 Fræðslugildi

Nátengt útivistargildinu er fræðslugildi Reykjanesskagans. Þekkt er hvernig Reykjanesskaginn hefur gegnt hlutverki kennslustofu í jarðfræði til marga áratuga fyrir fjölmarga skóla hérlandis og erlendis. En skaginn býður líka upp á tækifæri til annarskonar fræðslu sem byggir á fagurferðilegu gildi hans. Upplifanir af náttúrukröftum skagans eru til þess fallnar að gefa fólki innsýn í samband sitt við náttúruna. Ægifegurð og undrun gefa tækifæri til að upplifa smæð sína og máttleysi gagnvart náttúrukröftunum sem eykur skilning á siðferðilegu sambandi manns og náttúru. Einnig má segja að upplifanir af ummerkjum eftir mannvist fortíðarinnar

gefi fólki mikilvæga innsýn í sögu þjóðarinnar á sama tíma og það veitir fólki tækifæri til umhugsunar um eigin lífsgæði.

Fjórði hluti: Umræður



Á Sveifluhálsi

13 Í hverju felst fagurferðilegt gildi landslags á rannsóknarsvæðunum við Þjórsá og á Reykjanesskaga?

13.1 Þættir

Fagurferðilegar upplifanir geta verið margbreytilegar og þeim má lýsa með hugtökum eins og undrun, ægifegurð, gleði, kyrrð, lotningu og hrikaleika – jafnvel ljótleiki og ógn eru hluti af skala fagurferðilegra upplifana (Brady, 2010). Segja má að fegurð sé kjarnahugtak sem lýsir þeim grunni sem einkennir allar fagurferðilegar upplifanir á hinum jákvæða enda skalans, en hugtakið lýsir einfaldlega þeim augnablikum þar sem skynrænir eiginleikar einhvers í umhverfi okkar grípa okkur á þann hátt að við þráum að staldra við, sjá eða heyra aftur eða lengur það sem við skynjum, og jafnvel varðveita augnablikið og deila því með öðrum. Fegurð myndar þannig grunnlag sérhverrar jákvæðrar fagurferðilegrar upplifunar, en svo veltur á aðstæðum og eiginleikum þess sem skynjað er hvort næsta lag einkennist af undrun, kyrrð, ægifegurð, krafti eða öðru (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2016). Á þeim svæðum sem hér um ræðir voru þær fagurferðilegu upplifanir sem þátttakendur lýstu almennt á jákvæðum enda hins fagurferðilega skala; upplifanir af kjarna fegurðar, t.d. þörfinni til að deila og tilfinningunni fyrir tengslum birtust skýrt, en auk þess má sjá í lýsingum þátttakenda hvernig lög af undrun, ægifegurð, kyrrð og kynngimögnum krafti bættust við upplifanir þeirra af fegurð.

Sumir þeirra þátta hins fagurferðilega gildis sem rannsóknin leiddi í ljós á hvoru svæði fyrir sig eru sameiginlegir báðum svæðum, t.d. skapa fjölbreytileiki, fegurð og ægifegurð kjarna fagurferðilegs gildis á báðum svæðum. Þessir þrír þættir tengjast innbyrðis, fjölbreytileiki er oft nefndur sem helsta ástæða fegurðarupplifunar og á milli þeirra tengsla við umhverfið sem fólk upplifir í gegnum fegurð og ægifegurð er stigsmunur frekar en eðlismunur (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2016). Aðrir þættir hins fagurferðilega gildis voru ólíkir á milli svæðanna. Á meðan upplifanir af undrun, kynngimögnum krafti og kyrrð voru áberandi á Reykjanesskaga lék upplifun af því að tilheyra náttúrunni stærra hlutverk við Þjórsá.

Upplifanir af fegurð, fjölbreytileika og ægifegurð birtust á báðum svæðum og tengdust þessar upplifanir ákveðnum eiginleikum svæðanna. Á báðum svæðum einkennist náttúrufarið af ákveðnum fjölbreytileika; þar er mörg ólík náttúrufyrirbæri að finna auk þess sem menningarminjar bæta við fjölbreytileikann. Önnur vídd bættist við fjölbreytileikann hjá þeim staðkunnugu á báðum svæðum, það er sú fjölbreytni sem birtist í mismunandi eiginleikum landslagsins eftir tíðarfari og árstíðum. Eins og gefur að skilja var umræða um slíka fjölbreytni meira áberandi við Þjórsá þar sem viðmælendur okkar búa á svæðinu eða dvelja þar til lengri tíma og gefast því aukin tækifæri til að upplifa þessa hlið fjölbreytileikans. Það sem einkum kallaði fram upplifanir af ægifegurð á svæðunum voru náttúrukraftarnir sem má skynja í þeim landmótunaröflum sem eru þar að verki; Þjórsá sjálf á Þjórsársvæðinu, og jarðhita- og jarðskjálftavirknin á Reykjanesskaga. Það að skynja þessa krafta hvort sem er í jökulá eða hverasvæði gerir fólki kleift að upplifa smæð sína og máttleysi gagnvart náttúruöflunum.

Það sem er ólíkt á milli svæðanna skýrist bæði af þeim náttúruþyrirbærum sem þar er að finna, og af þeim ólíku tengslum sem þátttakendur eiga í við svæðin. Við Þjórsá býr fólk og dvelur til lengri tíma, en slík tengsl gera að verkum að í gegnum síendurteknar upplifanir í hversdeginum af fegurð, fjölbreytileika og ægífegurð myndast grundvöllur upplifunar af því að tilheyra náttúrunni á staðnum. Sú staðreynd að slíka upplifun bar ekki á góma í viðtölum okkar við staðkunnuga á Reykjanesskaga skýrist að öllum líkindum af því að ekkert þeirra býr innan svæðisins og dvöl á svæðinu er því ekki hluti af hversdegi þeirra á sama hátt og hjá staðkunnugum við Þjórsá.

Landslag Reykjanesskaga einkennist af því sem einn viðmælandi okkar nefndi eldfjallanáttúru; hraun, gjár, hellar, hveravirkni og jarðskjálftaummerki eru í forgrunni og skapa helst forsendur fyrir þeirri undrun sem viðmælendur lýstu m.a. sem forvitni um þau ferli sem búa að baki þessum náttúruþyrirbærum. Undrunin tengdist einnig því hvernig landslagið á Reykjanesskaga leynir á sér, bæði í þeim skilningi að margir hafa þær fyrirframhugmyndir um svæðið að það einkennist af einsleitni og í þeim skilningi að oft blasa náttúruþyrirbærin ekki við fyrir en að þeim er komið. Þessir eiginleikar eiga ekki við á svæðinu við Þjórsá, sem skýrir væntanlega hvers vegna upplifun af undrun kom ekki við sögu þar. Hinn kynngimagnaði kraftur sem viðmælendur á Reykjanesskaga lýstu tengist einnig eldfjallanáttúrunni og öllum þeim kröftum sem liggja í dvala í augnablikinu, en sem sjá má ummerki eftir og búast við að vakni á hverri stundu. Við Þjórsá eru náttúrukraftar árinna hins vegar sífellt að verki og lýstu viðmælendur okkar skynjun af þeim á annan hátt, eða sem upplifun af eilífðar- eða hringrásartilfinningu. Báðum þessum upplifunum; kynngimögnuðum krafti og eilífðartilfinningunni fylgdi þó sama niðurstaða - upplifun af kyrrð. Kyrrðin sem fólk skynjar í gegnum upplifanir sínar af landslaginu er svo einn af þeim þáttum sem skapar forsendur fyrir þeim endurnærandi áhrifum sem birtust sem ávinningur hins fagurferðilega gildis á báðum svæðum.

13.2 Ávinningur

Á báðum svæðum kom fram hvernig einn helsti ávinningur þeirra fagurferðilegu gilda sem landslagið býr yfir felst í endurnærandi áhrifum sem leiðir af dvöl í landslaginu. Þessi ávinningur birtist þó á ólíkan hátt á milli svæðanna. Við Þjórsá voru þessi endurnærandi áhrif einkum rædd af staðkunnugum í samhengi við umræðu um þau lífsgæði sem felast í því að búa á svæðinu eða dvelja þar til lengri tíma. Þó gestir hafi sumir einnig nefnt að gönguferðin við Þjórsá hafi verið endurnærandi þá var þessi ávinningur almennt bundin við dvöl í náttúrunni í þeirra huga en ekki sérstaklega bundin við að dvelja á þessu svæði.

Á Reykjanesskaga voru það einnig helst staðkunnugir sem töluðu um endurnærandi áhrif þess að dvelja í landslaginu, en í þessu tilfalli var það ekki í samhengi þeirra lífsgæða sem felast í að búa innan svæðisins heldur þeirra lífsgæða sem felast í að búa nálægt því og geta auðveldlega farið þangað til að stunda útivist og komið úthvöld og endurnærð til baka. Í máli bæði gesta og staðkunnugra á Reykjanesskaga kemur fram hvernig nálægð svæðisins við þéttbýli á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu gefur þessum ávinningi aukið vægi.

Nálægðin við þéttbýli gefur útivistargildi svæðisins á Reykjanesskaga einnig aukið vægi. Viðmælendum okkar á Reykjanesskaga, bæði í hópi staðkunnugra og gesta, var tíðrætt um

útivistargildi svæðisins. Slíkur ávinningur fagurferðilegra gilda var alls ekki eins áberandi í viðtölunum við Þjórsá. Það voru einkum frístundahúsaeigendur við Þjórsá sem nefndu útivistargildið en að öðru leyti fór lítið fyrir umræðu um það, nema þegar íbúar á svæðinu veltu fyrir sér möguleikum þess til aukinnar ferðaþjónustu. Gögnin gáfu því ekki ástæðu til að draga útivistargildi sérstaklega fram sem ávinning fagurferðilegra gilda landslagsins við Þjórsá.

Að sama skapi var það áherslan sem viðmælendur okkar á Reykjanesskaga lögðu á fræðslugildi svæðisins sem varð til þess að slíkt gildi var sérstaklega dregið fram þar, en ekki við Þjórsá. Þar með er þó ekki sagt að Þjórsársvæðið búi ekki yfir fræðslugildi; það einfaldlega kom ekki fram í gögnum þessarar rannsóknar.

14 Hvaða aðferðir henta til greiningar á fagurferðilegu gildi landslags?

14.1 Aðferðir til gagnaöflunar

Í þessari rannsókn var ákveðið að beita einstaklingsviðtölum, hópviðtölum og þátttökuathugunum, í þeim tilgangi að meta hvernig og hvort mismunandi aðferðir gæfu mismunandi niðurstöður. Hvað varðar einstaklingsviðtölin sjálf var auk þess ákveðið að færa viðtalið út í náttúruna, þegar færi gafst á, og með því leggja mat á hvort vettvangur viðtalsins hefði áhrif á þá þekkingarsköpun sem verður til í viðtalinu. Tveimur ólíkum rannsóknarsniðum var stillt upp sem annars vegar fólu í sér mismunandi aðferðir til gagnaöflunar, en hins vegar samanburð á milli tveggja hópa, staðkunnugra og almennings, og með því reynt að leggja mat á hlut tilfinningalegra tengsla og þekkingar á svæðinu í mótun hins fagurferðilega gildis.

Í rannsóknarsniði A, bæði við Þjórsá og á Reykjanesskaga, voru fjögur viðtöl tekin á göngu um staði að vali viðmælenda. Við Þjórsá var farið í göngu eftir að hefðbundnu viðtali lauk inni á heimili viðmælenda en á Reykjanesskaga sóttum við viðmælendur og keyrðum með þeim að þeim stað sem þau vildu ganga um. Í öllum tilfellum komu fram sterkar vísbendingar um að það að ganga um í náttúrunni, og skapa þannig landslagsupplifun meðan á viðtalinu stendur, gaf okkur betri innsýn í sum þau gildi sem í upplifuninni felast. Í þeim hluta viðtalanna fengum við hlutdeild í mjög persónulegum atburðum í lífi viðmælenda okkar, atburðum þar sem náttúran sjálf hafði með einum eða öðrum hætti komið við sögu, og þar sem náttúran sjálf geymdi þannig sögur úr lífi viðmælenda sem rifjuðust upp við dvöl okkar í landslaginu. Þótt þær lýsingar hafi ekki ratað inn í þær niðurstöður sem hér birtast veittu þær okkur engu að síður dýpri skilning á hlut náttúrunnar í upplifunum fólks af svæðinu, og höfðu þar með mótandi áhrif á þær túlkanir okkar sem felast í framsetningu niðurstaðnanna.

Það er okkar mat að þær aðferðir sem beitt var við gagnaöflun í rannsóknarsniði A, þ.e. einstaklingsviðtöl, hafi veitt okkur skýra innsýn í þá þætti sem skýra landslagsupplifanir fólks og sem felast í hinu fagurferðilega gildi. Meðan á gagnaöfluninni stóð varð okkur þó sífellt betur ljóst hversu persónulegt viðfangsefnið er og hversu mikið traust viðmælendur sýndu með því gefa okkur hlut í minningum sínum og upplifunum. Traust milli viðmælenda og rannsakanda er einmitt ein af forsendum þess að viðtalið skili þeim upplýsingum sem eftir er leitað, ekki síst þegar viðfangsefnið hefur að gera með persónulegar upplifanir fólks og tilfinningar.

Mjög líklega hefði það gefið okkur ítarlegri upplýsingar að dvelja lengur á vettvangnum en við gerðum. Einnig hefðum við eflaust fengið ítarlegri upplýsingar ef viðmælendur hefðu verið fleiri. Hvort meiri tími og fleiri viðmælendur hefðu breytt þeim niðurstöðum sem hér birtast, höfum við ekki forsendur til að draga ályktun um. Okkar mat er að það hafi verið mikill samhljómur meðal viðmælenda hvað varðar þau náttúrufyrirbæri sem áttu hlutdeild í landslagsupplifun þeirra, sem og þeim þáttum sem einkenna þær upplifanir, og um leið hið fagurferðilega gildi landslagsins.

Í rannsóknarsniði B veittu einstaklingsviðtöl við gesti okkur skýra innsýn í upplifanir fólks af landslaginu og gáfu því góða raun í þessu samhengi, rétt eins og í rannsóknarsniði A. Hvað varðar hópviðtölin var reyndin hins vegar sú að sá eftirsóknarverði þáttur sem þessi aðferð felur í sér, þ.e. að veita dýpri innsýn í gegnum skoðanaskipti viðmælenda, nýttist ekki í samhengi þessarar rannsóknar. Í stað þess að veita innsýn í upplifanir sínar af landslaginu leiddust hópviðtölin í meiri mæli til umræðna um viðhorf og skoðanaskipti þátttakenda um gildi náttúrunnar almennt og önnur skyld efni, t.d. er varða náttúruvernd og nýtingu. Ólíkar skoðanir fólks skipuðu þeim í fylkingar sem hamlaði tjáskiptum um dýpri og merkingarbærari efni. Þannig virtust viðmælendur í máli sínu frekar leitast við að svara þeim viðhorfum sem þeir ætluðu hver öðrum frekar en að segja frá upplifunum sínum. Fyrir vikið var erfitt að halda umræðu um svæðið sjálft og upplifanir af landslaginu gangandi, heldur fór umræðan stundum út um víðan völl. Eins og fram kom hér að ofan varð okkur betur ljóst í ferlinu hversu persónulegt viðfangsefnið er. Lærdómurinn er því að hópviðtöl henti ekki í þessu samhengi, þar sem mikið traust þarf að ríkja í samtali um þetta viðfangsefni. Erfitt er fyrir viðmælendur að finna slíkt traust í hópi fólks sem þeir þekkja ekki og finnst þeir jafnvel ekki eiga samleið með.

Í rannsóknarsniði B var þátttökuathugun enn ein aðferðin sem prófuð var til gagnaöflunar. Lýsingar á gönguferðum, atburðarás og atferli þátttakenda voru skráðar niður með skipulegum hætti. Þær lýsingar nýttust í þrenns konar samhengi: Þær auðvelduðu okkur að rifja upp ferðirnar; þar með að setja viðtöl við þátttakendur í skýrara samhengi; auk þess sem það að sjá þátttakendur í aðstæðunum gaf okkur betri skilning á þeim tengslum sem mynduðust milli umhverfis og gesta.

14.2 Val á þátttakendum

Ef upplifun af landslagi er fólgin í tengslum milli fólks og umhverfis kviknar óhjákvæmilega spurning um hverja eigi að velja til þátttöku í rannsókn á fagurferðilegu gildi landslags. Gera má ráð fyrir að fagurferðileg upplifun fólks af umhverfi ráðist ekki aðeins af skynjun vitundarinnar á viðfanginu, heldur einnig af fyrirframhugmyndum í formi þekkingar og reynslu. Í þessari forrannsókn var gengið út frá tvískiptingu þátttakenda á þessum grunni: Annars vegar yrði hópur þátttakenda staðkunnugir, þ.e. hópur sem hefði góða þekkingu og/eða persónulega reynslu af dvöl á svæðinu sem um ræðir; rannsóknarsnið A. Hins vegar yrði hópur þátttakenda gestir, þ.e. hópur sem þekkti ekki til á svæðinu og væri að upplifa það í fyrsta skipti með þátttöku sinni í rannsókninni; rannsóknarsnið B. Sú ákvörðun að velja rannsóknarsvæði þar sem annað væri með íbúabyggð, en hitt ekki, skapaði enn fremur forsendur til að skilja hvernig þekking og reynsla staðkunnugra getur leitt til ólíkrar niðurstöðu eftir búsetu. Þannig var uppistaðan í hópi staðkunnugra á Þjórsársvæðinu fólk sem þar býr, á meðan staðkunnugir á Reykjanesskaga búa í þéttbýliskjörnum nálægt rannsóknarsvæðinu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að í megindráttum var fagurferðileg upplifun hópanna sambærileg á hvoru svæðinu fyrir sig, en þó komu fram þættir í hinni fagurferðilegu upplifun þar sem þekking og reynsla, eða skortur þar á, var mikilvæg forsenda í upplifuninni. Á Þjórsársvæðinu til að mynda skapaði fjölbreytileiki á náttúruþyrirbærum forsendur fyrir

upplifun af fegurð, jafnt meðal staðkunnugra sem gesta. Aftur á móti var ljóst af niðurstöðum að búseta staðkunnugra lagði grunn að öðrum þætti hins fagurferðilega gildis á Þjórsársvæðinu, nefnilega það að tilheyra náttúru svæðisins og upplifa sig sem eitt með henni. Á Reykjanesskaga var það að sama skapi fjölbreytileikinn í náttúru- og menningarminjum sem skapaði forsendur fyrir upplifun af fegurð. Hins vegar var ljóst að þekking á jarðfræði svæðisins, sem þeir staðkunnugu höfðu aflað sér sökum áhuga á svæðinu, lagði grunn að öðrum þætti hins fagurferðilega gildis, nefnilega kynngimögnuðum krafti, sem gerði þeim kleift að sjá fyrir sér þær jarðhræringar sem jarðlögin eru vitnisburður um.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að þekking og reynsla af svæðinu, sem var til staðar meðal staðkunnugra, gefi aukna innsýn í fagurferðilegt gildi landslagsins þar sem hægt er að greina þætti sem lýsa djúpstæðari tengslum fólks við umhverfið. Niðurstöður úr rannsóknarsniði B bættu engum gildum við þær niðurstöður sem fengust í rannsóknarsniði A. Sú spurning vaknar því hvort rannsóknarnið B hafi verið óþarft. Að okkar mati dýpkaði samanburður beggja hópa skilning á þeim þáttum hins fagurferðilega gildis sem birtist í niðurstöðunum, og því er að svo stöddu ekki tímabært að útiloka rannsóknarsnið B í þróun þeirrar aðferðafræðilegu nálgunar sem hér er til umræðu.

Hvað varðar samanburð á milli staðkunnugra, sem annars vegar hafa búsetu innan svæðisins og hins vegar í nálægð við það, þá gefa niðurstöður þessara forrannsókna ekki tilefni til ályktana í þeim efnum, þar sem þessir tveir hópar tilheyrðu hvor sínu svæðinu. Því gafst ekki tækifæri til að bera þætti hins fagurferðilega gildis landslagsins saman á milli hópanna. Aftur á móti veitti orðræða þessara hópa okkur innsýn í hvernig fagurferðilegt gildi landslags hefur áhrif á lífsgæði fólks með ólíkum hætti.

14.3 Val á rannsóknarsvæðum

Annar samanburður sem fólst í rannsóknarsniðinu var á milli vatnsaflskosts og jarðhitakosts, sem réði meðal annars vali á rannsóknarsvæðunum tveimur. Hugmyndin var að með því mætti greina hvort form virkjunar, og þá sérstaklega hugmyndir þátttakenda þar að lútandi, hefði áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar. Við framkvæmd rannsóknarinnar varð okkur ljóst að í raun á slíkur samanburður ekki erindi í þá aðferðafræðilegu nálgun sem hér er í mótun. Hugmyndir um landnýtingu í formi virkjana eru ekki viðfangsefni rannsóknar á fagurferðilegu gildi landslags. Rannsóknir sem rýna í upplifun landslags til að leiða fram gildi þess snúa að reynslu þátttakenda en ekki framtíðarsýn. Þar með er ekki sagt að framtíðarsýn geti ekki haft áhrif á upplifun, eins og glöggst kom fram meðal staðkunnugra við Þjórsá. En þá með þeim hætti að magna eða dempa upplifun og orðræðu, frekar en að draga fram þætti hins fagurferðilega gildis. Val á tveimur ólíkum rannsóknarsvæðum hafði eftir sem áður gildi fyrir rannsóknina með þeim hætti að veita okkur innsýn í hvernig ólíkar landslagsgerðir eru vettvangur ólíkra, en líka sambærilegra, upplifana.

15 Þróun hinnar aðferðafræðilegu nálgunar

Í þessari forrannsókn höfum við prófað ýmsar leiðir til gagnaöflunar og greiningar sem hafa gefið okkur hugmyndir um gildi aðferðanna fyrir rannsóknir á fagurferðilegu gildi landslags. Þau skref sem hér hafa verið stigin eru upphafið á lengri vegferð í áttina að því að fullmóta aðferðafræðilega nálgun fyrir þetta viðfangsefni, sem gæti nýst áframhaldandi þróun aðferðafræði í landslagsrannsóknum rammaáætlunar og annarra skipulagsferla, en einnig rannsóknum almennt á þessu viðfangsefni, bæði hérlandis og erlendis. Til þess að öðlast betri innsýn í virkni aðferðanna er mikilvægt að prófa að beita þeim á fleiri og fjölbreyttari svæðum, með ólíkum landslagsgerðum og við ólíkar aðstæður. Fleiri svæði munu jafnframt veita dýpri skilning á þeim þáttum hins fagurferðilega gildis sem landslag á Íslandi geymir.

Við áframhaldandi rannsóknir má byggja á þeim grunni sem hér hefur verið lagður. Hvað varðar gagnaöflunarleiðir er ljóst að aukin áhersla á einstaklingsviðtöl á kostnað hópviðtala væri gagnleg. Gönguviðtöl í landslaginu meðal staðkunnugra er aðferð sem mætti þróa frekar. Vettvangsathuganir og þátttökuathuganir eru mikilvægur þáttur í gagnaöflunarferlinu sem þarf að vera til staðar í rannsóknum sem þessum. Notkun á kortum og ljósmyndum sem þátttakendur taka í ferðum sínum um rannsóknarsvæðið mætti nýta á markvissari hátt í viðtölum.

Hvað varðar þátttakendur á meðal staðkunnugra er tilefni til að skoða betur áhrif búsetu á upplifun og gildismat. Það má gera með því að ræða á sama svæði við staðkunnuga sem búa innan rannsóknarsvæðis sem og staðkunnuga sem búa utan þess. Ef kostur er væri ákjósanlegt að nálgast þátttakendur úr hópi gesta í gegnum ferðir sem skipulagðar eru af utanaðkomandi aðilum, t.d. ferðafélögum eða gönguhópum.

Í áframhaldandi rannsóknum verður áfram horft til þeirrar nálgunar í greiningu sem hefur þróast í þessu ferli, þ.e. að rýna í hvernig viðmælendur upplifa náttúru- og menningarfyrirbæri, og að draga fram þær hugsýnir sem leiða af skynjun svæðisins í heild. Einnig að skima eftir fyrirframhugmyndum og ytri þáttum sem hafa áhrif á upplifunina. Í kjölfarið að leiða í ljós þá þætti sem einkenna hið fagurferðilega gildi á viðkomandi svæðum, sem og þann ávinning sem af þeim leiðir.

Sú aðferðafræðilega nálgun sem hér hefur verið lýst er grunduð í rannsókn á svæðunum við Þjórsá og á Reykjanesskaga. Rannsóknin hefur verið lærdómsferli þar sem hvert rannsóknarsnið og svæði hefur verið vettvangur fyrir þróun aðferða í gagnaöflun og greiningu, sem nýtast til að leiða í ljós fagurferðileg gildi landslagsins. Hvert skref í ferlinu hefur skilað auknum skilningi og þekkingu og ljóst að þessu lærdómsferli er ekki lokið eftir rannsókn á aðeins tveimur svæðum.

Heimildir

Anderson, J. (2004). Talking Whilst Walking: A Geographical Archaeology of Knowledge. *Area*, 36(3), 254-261.

Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage, Gísli Pálsson, & Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2016). *Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga – Forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags, unnar fyrir faghóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar*. Reykjavík: Háskóli Íslands og Rammaáætlun. Sótt af http://www.ramma.is/media/rannsoknir-f1-ra3/Gildi-landslags_fagurferdi_menningarminjar_saga_F1-RA3-mars-2016.pdf

Brady, E. (2003). *Aesthetics of the Natural Environment*. Tuscaloosa: University of Alabama Press.

Brady, E. (2008). The Sublime and Contemporary Aesthetics. Í Æ. Sigurjónsdóttir (ritstj.), *Dreams of the Sublime and Nowhere in Contemporary Icelandic Art* (bls. 49-55). Reykjavík: Reykjavík Art Museum.

Brady, E. (2010). The Sublime, Ugliness and Terrible Beauty in Icelandic Landscapes. Í K. Benediktsson & K.A. Lund, *Conversations with Landscape* (bls. 125-136). Aldershot: Ashgate.

Brinkmann, S., & Kvale, S. (2015). *Interviews: Learning the crafts of qualitative research interviewing* (3. útg.). Thousand Oaks, London, Delhi & Singapore: Sage.

Council of Europe - Committee of Ministers. (2008). *Recommendation CM/Rec(2008)3 of the Committee of Ministers to member states on the guidelines for the implementation of the European Landscape Convention*. Sótt af [https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?Ref=CM/Rec\(2008\)3&Language=lanEnglish&Ver=original&Site=CM&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=FFBB55&BackColorLogged=FFAC75](https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?Ref=CM/Rec(2008)3&Language=lanEnglish&Ver=original&Site=CM&BackColorInternet=9999CC&BackColorIntranet=FFBB55&BackColorLogged=FFAC75)

Council of Europe. (2000). *Evrópusamningur um landslag* (Safn Evrópusamninga - Nr. 176). Sótt af: <http://www.coe.int/en/web/landscape/text-of-the-european-landscape-convention>

Edda R.H. Waage. (2010). Landscape as conversation. Í K. Benediktsson & K. A. Lund (ritstj.), *Conversations with landscape* (bls. 45–58). Farnham: Ashgate.

Edda R.H. Waage. (2012). Landscape in the Sagas of Icelanders: The concepts of land and landsleg. *Norsk Geografisk Tidsskrift - Norwegian Journal of Geography*, 66(4), 177–192.

Edda R.H. Waage. (2013). *The Concept of Landslag: Meanings and Value for Nature Conservation* (doktorsritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2010). Háleit fegurð: Fegurðarhugtakið í feminískum og fyrirbærafræðilegum skilningi, *Hugur*, 22, bls. 71-85.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2015). *Icelandic Landscapes: Beauty and the aesthetic in environmental decision-making* (doktorsritgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2016). Vá! – Undrun, fegurð og ægífegurð í upplifun af íslenskri náttúru. Í Björn Þorsteinsson (ritstj.), *Náttúran í ljósaskiptunum* (bls. 143-168). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, (2011). Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar. *Hugur*, 23, 89-103.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Edda R.H. Waage. (2016). *Hvernig má leggja mat á fagurferðilegt gildi landslags?* Þjóðarspejillinn 2016: Rannsóknir í félagsvísindum XVII – ráðstefnurit. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/26376>

Ingold, T. (2000). *The Perception of the Environment: Essays in livelihood, dwelling and skill*. Oxon & New York: Routledge.

Johnson, G.A. (2009). *The Retrieval of the Beautiful: Thinking Through Merleau-Ponty's Aesthetics*. Evanston, Illinois: Northwestern University Press.

Karl Benediktsson & Katrín Anna Lund (ritstj.), (2010). *Conversations with landscape*. Farnham: Ashgate.

Moustakas, C. (1994). *Phenomenological Research Methods*. London, New Delhi: Sage Publications.

Punch, K. (2014). *Introduction to Social Research: Quantitative and qualitative approaches* (3. útg.). London: Sage.

Rammaáætlun. (2011). *Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar*. Sveinbjörn Björnsson (ritstj.). Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði og Iðnaðarráðuneytið. Sótt af: https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Skyrsla-verkefnisstjornar-2.-af..pdf

Rammaáætlun. (2015, 11. mars). *Forgangsroðun verkefnisstjórnar á virkjunarkostum í 3. áfanga*. Sótt af <http://www.amma.is/frettasafn/nr/385>

Skipulagsstofnun. (2010). Umsögn Skipulagsstofnunar um framkomið frumvarp til Skipulagslaga, 425. Mál. Sótt af <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=138&dbnr=1584>

Svör faghóps I við athugasemdum. (2010). Sótt af <http://www.amma.is/media/umsagnir-2010/Faghopur-I-svor.pdf>

Taylor, S.J., & Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resources* (3. útg.). New York: John Wiley & Sons.

Thomas, G. (2011). *How to do your case study: A guide for students and researchers*. London, Thousand Oaks, New Delhi & Singapore: Sage.

Velarde, M.D., Fry, G. og Tveit, M. (2007). Health effects of viewing landscapes –Landscape types in environmental psychology. *Urban Forestry and Urban Greening*, 6, 199-212.

Wylie, J. (2007). *Landscape: Key ideas in geography*. London & New York: Routledge.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir, (2010).

Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni. Skýrsla unnin fyrir Orkustofnun í vegna vinnu við Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Reykjavík: Háskóli Íslands.